


skoðun 16

2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Fólk
Tannhvíttun








Europris
Nýr tilboðsbæklingur í dag



# FRÉTTABLAÐIÐ

Miðvikudagur
16. maí 2012
114. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012




## Hjólað í sparifötunum

*Alexander og Jón Gunnar standa fyrir Tweed Run-hóphjólreiðum í sumar.*

lífsstíll 32

## Ekkert ljótt við Ljóta kór

*Ljóti kór heldur sína fyrstu opinberu tónleika í Tjarnarbíói í kvöld.*

menning 28



## Ótrúleg endurkoma

*Fram hafði betur gegn Grindavík í sjö marka leik í Pepsi-deild karla.*

sport 38

veðrið í dag




**RÓLEGT OG SVALT** Hæg breytileg átt víða en hvassara allra austast. Víða nokkuð bjart en dálítil él með norðurströndinni og NA-til. Hiti frá frostmarki norðan til að 7 stigum sunnanlands.

veður 4



**ÁLFAR FLYTJA SIG UM SET** Árni Johnsen alþingismaður fylgist með Ragnhildi Jónsdóttur, sjáanda úr Álfagarðinum í Hellisgerði, gæða álfafjölskyldu á hunangi, en búið hafði verið um fjölskylduna í bastkörfu. Álfarnir fengu far til Vestmannaeyja í körfunni í gær, meðan steinninn sem þeir bjuggu í var fluttur með trukki frá Litlu-kaffistofunni. Álfasteinninn var svo settur upp í garðinum hjá Árna í Eyjum. **Sjá síðu 10.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# 180 kindum fargað vegna vanfóðrunar

**Matvælastofnun hefur kært þrjá bændur til lögreglu vegna slæmrar meðferðar á fé. Tvö önnur mál bíða sömu afgreiðslu. Dýravelferðarmálum fjölgar ár frá ári. Þeir bændur sem eiga í hlut í verstu málunum glíma við félagslegan vanda.**

**DÝRAVERND** Þrír sauðfjárbændur hafa verið kærðir til lögreglu í vetur vegna brota á lögum um dýravelferð. Tvö önnur mál bíða sömu meðferðar. Farga hefur þurft sauðfé af fimm sauðfjárbúum vegna vanfóðrunar. Undirliggjandi félagslegur vandi eigendanna hafi farið fjölgandi undanfarin ár.

Halldór Runólfsson, yfirdýralæknir hjá Matvælastofnun, segir að málum vegna skorts á viðunandi aðbúnaði og lélegrar fóðrunar hafi farið fjölgandi undanfarin ár. Málin séu ekki aðeins fleiri heldur einnig verri. Stofnunin hafi því tekist á við óvenju mörg stór dýravelferðarmál í vetur.

Sauðfjárbú eru í meirihluta þar sem slík mál koma upp. Af fimm bæjum hefur samtals um 170 til 180 kindum verið fargað í vetur. Halldór segir málin alvarleg þó þau séu undantekningin, enda sjái bændur almennt vel um sinn búpening. „Þetta eru á milli fjörutíu og fimmtíu mál sem ná því að fara á málaskrá á árinu. Svo eru mörg mál til viðbótar sem koma inn með óformlegum hætti og er lokið með einfaldri ábendingu héraðsdýralæknis um hvað betur megi fara. Það eru svo bara allra verstu málin sem enda með kæru, og í sumum tilfellum eru dýrin illa haldin,“ segir Halldór.

> Það eru svo bara allra verstu málin sem enda með kæru, og í sumum tilfellum eru dýrin illa haldin.
>
> HALLDÓR RUNÓLFSSON YFIRDÝRALÆKNIR

Að mati Matvælastofnunar er skortur á aðbúnaði sauðfjár og léleg fóðrun og umhirða of algeng og spurður um hvort eitthvað eitt einkenni verstu málin segir Halldór að svo sé. „Það eru undirliggjandi félagsleg vandamál sem verða til þess að dýrin verða útundan, enda ætla ég engum að fara illa með dýr viljandi.“

Halldór segir að á undanförnum árum hafi það aukist að eigendur smali ekki fé saman að hausti. Slíkt sé ólíðandi hirðuleysi og ótækt að menn sinni ekki fé með fullnægjandi hætti yfir veturinn. Það sé eigandans fyrst og síðast að smala fé en sveitarfélögin beri einnig ábyrgð á því að fé sé smalað.

Halldór segir að vanræksla einskorðist ekki við búfé. Það sama eigi við um stærri gripi, hross og nautgripi sem og önnur dýr.

Matvælastofnun beitir, í málum sem þessum, úrræðum á borð við að taka sauðfé úr vörslu bænda, slátra fé og kæra brot til lögreglu, en stofnunin minnir í að koma ábendingum um slæma meðferð dýra á framfæri, til dæmis við héraðsdýralækna.

- shá

Ráðuneytið ásakar Deloitte:

# Tölur í greinargerð falsaðar

**SJÁVARÚTVEGUR Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið sakar endurskoðunarfyrirtækið Deloitte um að falsa tölur í greinargerð um afleiðingar veiðigjalds í greinargerð sem send var nefndarmönnum í atvinnuveganefnd Alþingis í gær.**

**Í greinargerðinni segir að Deloitte ofmeti vaxtagjöld og afskriftir sjávarútvegsfyrirtækja verði frumvarp um breytingar á fiskveiðistjórnarkerfinu að veruleika. Deloitte er einnig sagt ofmeta afskriftarþörf sjávarútvegsfyrirtækja.**

**Margar umsagnir um frumvarpið byggja á mati Deloitte og má ætla að þær væru öðruvísi ef „vandaða mat lægi þeim til hliðsjónar,“ segir í greinargerðinni.**

- kóp / sjá síðu 4

Sölvi snýr aftur í tónlist:

# Vinnur að sólóplötu í Svíþjóð

**TÓNLIST** Tónlistarmaðurinn og hagfræðingurinn Sölvi Blöndal er kominn á bólakaf í tónlistina á nýjan leik eftir sjálfskipaða útlegð úr bransanum. Hann semur tónlistina á væntanlegri sólóplötu rapparans Tiny en fyrsta lagið af henni, 1000 Eyes, kom út í gær. Sölvi er einnig maðurinn á bak við regnhlífarverkefnið Halleluwah þar sem hann vinnur með hinum ýmsu röppurum og þar er plata sömuleiðis í vinnslu.



SÖLVI BLÖNDAL

„Quarashi-endurkoman á síðasta ári ruglaði alveg í hausnum á mér. Ég var búinn að kveðja þetta allt saman en er núna kominn á bólakaf í þetta aftur,“ segir Sölvi.

- fb / sjá síðu 42





MacBook Pro



verð frá 219.990kr.

macland
www.macland.is

S: 580 7500 • Klapparstígur 30

## SPURNING DAGSINS



*Magnús, ertu ekkert hræddur við apalæti á nýja staðnum?*

„Jú, jú, menn gætu alveg verið með apalæti hér á góðum sólskinsdögum en það er líka bara í fínu lagi.“

Magnús Ólafsson er rekstrarstjóri sportbarsins Úrillu górillunnar á Stórhöfða. Nýr staður undir sama nafni verður opnaður í kvöld í Austurstræti.

Jón Lárusson lögreglumaður hættir við forsetaframboð vegna undirskriftafæðar:

# Andrea, Herdís og Ólafur með nóg

**KOSNINGAR** Lögreglumaðurinn Jón Lárusson frá Selfossi hefur hætt við að bjóða sig fram í embætti forseta Íslands. Þetta kom fram í yfirlýsingu sem hann sendi frá sér í fyrrakvöld. Ástæðan er sú að honum gekk ekki sem skyldi að safna tilskildum fjölda meðmælenda.

Frambjóðendur þurfa að láta yfirkjörstjórnir í hverju kjördæmi votta meðmælendalista sína og þær hafa gefið ólíkan skilafrest. Sá fyrsti rennur út í dag í Suðurkjördæmi.

Herdís Þorgeirsdóttir lagaprófessor sagði í samtali við Vísi í gær að hún væri búin að safna nægum fjölda undirskrifta og fram kom í fréttum að Andrea Ólafsdóttir og Ólafur Ragnar Grímsson hefðu einnig lokið sinni söfnun. Áður höfðu Ari Trausti Guðmundsson, Ástþór Magnússon og Þóra Arnórsdóttir lýst því yfir að nægum fjölda hefði verið náð.



HERDÍS ÞORGEIRSDÓTTIR



ÓLAFUR RAGNAR GRÍMSSON



ANDREA JÓHANNA ÓLAFSDÓTTIR

Skilafrestur til yfirkjörstjórna er frá 16. maí til 23. maí. Endanlegur frambjóðendalisti mun liggja fyrir 25. maí. **- sh**

Mannbjörg úr eldsvoða:

# Kastaði eins árs gömlu barni út

**DANMÖRK** Móðir í danska smábænum Asnæs bjargaði eins árs gömlu barni sínu úr eldsvoða á mánudagskvöld. Hún kastaði barninu út um glugga á þriðju hæð til nágrannanna sem biðu neðan við gluggann og gripu barnið í dúnúlpu.

Eldur hafði komið upp í íbúðinni og var þar mikill reykur þegar að var komið. Slökkviliðsmenn björguðu konunni út um hefðbundinn útgang. Hún var flutt á sjúkrahús með væga reykeitrun, en hvorugt mæðginanna sakaði alvarlega. **- þj**

Könnun á fylgi frambjóðenda:

# Ólafur og Þóra með sama fylgi

**KÖNNUN** Þóra Arnórsdóttir og Ólafur Ragnar Grímsson njóta svipaðs stuðnings meðal landsmanna til embættis forseta Íslands samkvæmt niðurstöðum könnunar MMR.

Þóra mælist með stuðning 43,4 prósenta landsmanna en Ólafur Ragnar 41,3 og er munurinn á fylgi þeirra innan vikmarka könnunarinnar.

Aðrir njóta minni stuðnings. Um 8,9 prósent styðja Ara Trausta Guðmundsson, 2,6 prósent Andreu J. Ólafsdóttur og 1,3 prósent Herdísi Þorgeirsdóttur. Um 0,9 prósent styðja Ástþór Magnússon og 0,6 prósent Hannes Bjarnason. **- bj**

Annþór og Börkur ákærðir:

# Sitja inni vegna eldri dóma

**DÓMSMÁL Annþór Kristján Karlsson og Börkur Birgisson hafa verið ákærðir fyrir sérstaklega hættulegar líkamsárásir og ólögmæta nauðung. Þetta kom fram í fréttum RÚV í gær.**



ANNÞÓR KARLSSON

**Sjö sátu í gæsluvarðhaldi vegna málsins þegar mest lét og hefur þeim nú öllum verið sleppt. Annþór og Börkur eru meðal annars grunaðir um að tengjast tveimur alvarlegum líkamsárásum, skipulagðri glæpastarfsemi, innbrotum og þjófnaði.**

**Í byrjun þessa mánaðar úrskurðaði Hæstiréttur að Annþór og Börkur skyldu afplána eftirstöðvar dóma sem þeir hlutu fyrir nokkrum árum. Annþór fyrir fíkniefnasmygl og Börkur fyrir tilraun til manndráps.**

# Situr í varðhaldi og vill milljón frá ríkinu

**Einar Marteinsson, fyrrverandi leiðtogi Vítisengla, fer fram á milljón í bætur frá ríkinu fyrir símhlerun árið 2009 sem ekki leiddi til saksóknar. Hann var grunaður um stórfelldan fíkniefnainnflutning, handrukkanir, hótanir og ofbeldi.**

**LÖGREGLUMÁL** Einar ‚Boom‘ Marteinsson, fyrrverandi leiðtogi íslenskra Vítisengla, hefur höfðað mál gegn íslenska ríkinu og krefur það um eina milljón króna í miskabætur vegna símhlerunar lögreglu árið 2009. Einar er í fimm manna hópi sem hefur verið ákærður fyrir hrottalega líkamsárás og nauðgun og hefur setið í gæsluvarðhaldi í hálft ár.

Í stefnunni, sem Fréttablaðið hefur undir höndum, segir að Einar hafi um árabil grunað að lögregla hafi hlerað síma hans vegna þess að hann hafi verið í forsvari fyrir vélhjólasamtökin Fáfni sem síðan gerðust aðili að Hells Angels.

„Íslensk stjórnvöld virðast telja að stefnandi standi í glæpsamlegri starfsemi hvers konar í tengslum við starfsemi vélhjólasamtakanna og hafa hann og aðra meðlimi samtakanna undir miklu eftirliti, bæði með símahlustun og einnig eru stefnandi og aðrir meðlimir félagsins iðulega stoppaðir þegar þeir aka saman á vélhjólum sínum og við önnur tækifæri,“ segir í stefnunni.

Vegna þessa sendi Einar lögreglunni bréf í fyrra og bað um yfirlit yfir allar rannsóknaraðgerðir sem hefði verið beitt gegn honum frá árinu 2000 til 2011. Í ljós kom að sími hans hafði verið hleraður í einn mánuð frá febrúar og fram í mars 2009.

### Ákærður fyrir að fyrirskipa nauðgun

Einar er nú í gæsluvarðhaldi og hefur gert frá því fyrir jól, vegna líkamsárásar í Kópavogi. Hann hefur, ásamt fjórum öðrum, verið ákærður í málinu, fyrir að nauðga konu og beita hana öðru hrottafengnu ofbeldi. Aðalmeðferð í málinu er lokið og dóms er nú beðið.

Aðkoma Einars er sérstök að því leyti að hann er ákærður fyrir fullan þátt í ofbeldisverkunum þótt fyrir liggi að hann hafi ekki verið á staðnum. Honum er gefið að sök að hafa skipulagt verknaðinn og gefið hinum fyrirmæli, sem varðar sömu refsingu og ofbeldið sjálft.

Einar lét af formennsku í Vítisenglum fyrir skömmu, að sögn vegna ósættis við aðra félaga í samtökunum.



EINAR MARTEINSSON

Að því er segir í stefnunni gekk erfiðlega að afla gagna frá lögreglu um ástæður hlerunarinnar en þegar þau loksins hafi skilað sér hafi mátt sjá að hann hafi verið grunaður um alvarleg afbrot, stórfelldan fíkniefnainnflutning, handrukkanir, hótanir, ofbeldi, verndarstarfsemi og aðra skipulagða glæpastarfsemi.

„Engin afmörkun er á þeim brotum sem stefnandi er talinn hafa framið eða tilvísun til tiltekins afbrots á ákveðinni dagsetningu. Engin gögn sem tilheyra málinu benda til þess að rannsókn gagnvart stefnanda sé studd raunverulegum gögnum, öðrum en sögusögnum um stefnanda og félagið Fáfni og Hells Angels,“ segir í stefnunni.

Málið leiddi sem áður segir aldrei til saksóknar á hendur Einari og með þessu, og löngum málsmeðferðartíma í kerfinu, telur Einar að lögreglan hafi brotið gróflega gegn honum. Stefnan var gefin út í janúar og verður tekin fyrir síðar í mánuðinum.

stigur@frettabladid.is



Á SJÓRÆNINGJASLÓÐUM Fjölmörg ríki hafa sent hersveitir til hafsvæðisins undan Austur-Afríku þar sem sjóræningjar hafa valdið usla síðustu ár. NORDICPHOTOS/AFP

Þyrlusveitir ESB í Sómalíu:

# Sprengdu búðir sjóræningjanna

**SÓMALÍA, AP** Þyrlusveitir undir merkjum Evrópusambandsins gerðu árás á bækistöðvar sjóræningja í Sómalíu í gær og eyðilögðu meðal annars birgðageymslu.

Þetta er í fyrsta sinn sem herliðið gerir árás á landi, en engir hermenn stigu í land.

Talsmaður stjórnvalda í Sómalíu sagði að árásin hefði verið gerð með þeirra samþykki.

ESB er aðalstyrktaraðili stjórnvalda í Sómalíu og sjá einnig um þjálfun hersveita í löndum Austur-Afríku þar sem sjórán hafa verið tíð síðustu ár.

Sjóræningjaárásum hefur þó fækkað í ár og er það þakkað hertari aðgerðum. **- þj**

LÖGREGLUMÁL

### Amfetamín hjá Outlaws

Lögreglan lagði hald á amfetamín og hnífa við húsleit í austurborginni í gær. Þar tók hún einnig í sína vörslu íblöndunarefni og stera. Húsráðandi, karl á fertugsaldri, er meðlimur í Outlaws-vélhjólahópnum.




Frestur EES-ríkja til að skila skriflegum athugasemdum um Icesave útrunninn:

# Norðmenn taka undir með Íslandi

**ICESAVE** Norsk stjórnvöld taka undir mörg sjónarmið Íslands í Icesave-málinu fyrir EFTA-dómstólnum, í skriflegum athugasemdum til dómsins.

Frestur EES-ríkja til að skila athugasemdum vegna málarekstrs Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) rann út á miðnætti.

Samkvæmt heimildum frétta bárust dómstólnum þrjár aðrar athugasemdir hið minnsta. Frá Bretlandi og Hollandi, sem styðja málatilbúnað ESA eins og gefur að skilja, og Liechtenstein sem er á sama máli og Norðmenn.

Norðmenn kveða skýrt að orði í sínum athugasemdum, sem birtust á vef norsku stjórnarinnar í gær. Þar er tekið undir sjónarmið íslenskra stjórnvalda um að tilskipun ESB um innstæðutryggingar geri ekki ráð fyrir að ríkissjóðir beri ábyrgð á innstæðutrygginga-



EFTA-DÓMSTÓLLINN Noregur sýnir málstað Íslands skilning í athugasemdum sínum vegna Icesave-dómsmálsins. Heimildir Fréttablaðsins herma að hið sama gildi um Liechtenstein. MYND/EFTA-DÓMSTÓLLINN

sjóði komi til allsherjar kerfishruns. Segir meðal annars að ekki sé hægt að leggja svo íþyngjandi kvaðir á ríki án þess að það sé skýrt tiltekið í tilskipuninni.

Þá klykkja Norðmenn út með þeim tilmælum til dómstólsins að hann hafni hverri þeirri túlkun tilskipunarinnar sem feli í sér ríkisábyrgð á innstæðutryggingum.

Munnlegur málflutningur í Icesave-málinu fyrir EFTA-dómstólnum hefst að öllum líkindum seinni hluta þessa árs. **- þj**




**Ljósnetið** – kraftmeiri tenging fyrir íslensk heimili

Með Ljósnetinu færðu háhraðanettengingu með mikla flutningsgetu. Upp- og niðurhal er mun fljótlegra og möguleikar til fjarvinnu meiri. Þú getur streymt tónlist og kvikmyndum, tengt allt að fimm háskerpu-myndlykla fyrir Sjónvarp Símans og verið með leikjatölvur og önnur nettengd tæki fjölskyldunnar í öruggu sambandi á sama tíma.

Síminn tengir yfir 75% heimila við Ljósnetið á næstu tveimur árum.

50 Mb/s Háhraðanet | TV / VOD | Netvarinn | 5 myndlyklar

Á siminn.is sérðu hvort þú getur tengst strax í dag!

Síminn

ENNEMM / SÍA / NM51624

## GENGIÐ 15.05.2012

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 126,33 | 126,93 |
| Sterlingspund | 202,69 | 203,67 |
| Evra | 162,34 | 163,24 |
| Dönsk króna | 21,834 | 21,962 |
| Norsk króna | 21,289 | 21,415 |
| Sænsk króna | 17,946 | 18,052 |
| Japanskt jen | 1,5802 | 1,5894 |
| SDR | 193,58 | 194,74 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
224,1046

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Flýta á málsmeðferð hælisleitenda í mannúðarskyni og til að spara kostnað:

# Útlendingastofnun fái fjármagn

**STJÓRNSÝSLA** Innanríkisráðuneytið leggur til að fjárframlög til Útlendingastofnunar verði aukin svo hægt verði að flýta málsmeðferð hælisleitenda hér á landi. Þetta kemur fram í minnisblaði sem Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra lagði fram á ríkisstjórnarfundi í gærmorgun.

Í minnisblaðinu kemur einnig fram að mikill fjöldi hælisleitenda bíði nú afgreiðslu sinna mála. Það leiði til þess að umönnunarkostnaður muni fara langt fram úr áætlunum.

Af þessum sökum leggur ráðuneytið til við ríkisstjórnina að framlög til Útlendingastofnunar verði aukin. Með því að flýta málsmeðferð má áætla að umönnunarkostnaður minnki, þar sem hælisleitendur þurfi ekki að bíða eins lengi eftir úrlausn mála sinna. Auk þess sé það margfalt mannúðlegra.

Alls bíða 89 hælisleitendur afgreiðslu mála sinna hér á landi og er heildarkostnaður vegna þeirra tæpar 200 milljónir á ári, að því er fram kom í fréttum RÚV.

Málið var ekki afgreitt á fundi ríkisstjórnar í gær. **- þeb**



**ÖGMUNDUR JÓNASSON** Innanríkisráðherra lagði til á fundi ríkisstjórnarinnar í gær að fjárframlög til Útlendingastofnunar yrðu aukin til að mæta auknum fjölda hælisleitenda. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Semja við Flugfélag Íslands:

# Ríkiskaup semja um flugferðir

**STJÓRNSÝSLA** Ríkiskaup hafa gert nýjan samning við Flugfélag Íslands um afsláttarkjör á flugsætum innanlands.

Allar opinberar stofnanir munu njóta að lágmarki 20 prósenta afsláttar af fullu verði sé greitt með svokölluðu Flugkorti Flugfélags Íslands. Þær stofnanir sem ekki eru með Flugkort þurfa að sækja um slíkt.

Þá munu þær stofnanir sem eiga verulega viðskipti við flugfélagið njóta enn betri kjara eða allt að 25 prósenta afsláttar. **- mþl**

Mansal í Danmörku:

# Tvöfalt fleiri stunda vændi

**DANMÖRK** Fjöldi erlendra vændiskvenna í Kaupmannahöfn tvöfaldaðist frá 2009 til 2011. Þetta er mat lögreglunnar og hjálparsamtakanna Reden International, að því er metroXpress greinir frá. Flestar konurnar eru frá Rúmeníu og Nígeríu og er talið að flestar þeirra hafi verið blekktar til vændis.

Oft hafi þær komið með fylgdarmanni til að starfa við ræstingar. Fylgdarmaðurinn hafi horfið á aðaljárnbrautarstöðinni en eldri kona boðist til að aðstoða þær.

Hjálparsamtökin voru í sambandi við 3.625 vændiskonur í fyrra en 1.686 árið 2009. **- ibs**

Átök um forstjóra Hörpunnar:

# Þorgerður vildi verða forstjóri

**MENNING Tekist var á um ráðningu forstjóra tónlistar- og ráðstefnuhússins Hörpu innan stjórnar Eignarhaldsfélagsins Portusar, sem á og rekur húsið. Eigendur Portusar eru íslenska ríkið og Reykjavíkurborg.**



**ÞORGERÐUR KATRÍN GUNNARSDÓTTIR**

**Þrír umsækjendur um stöðuna komust til greina, fyrir utan Halldór Guðmundsson sem hlaut starfið. Umsækjendurnir voru Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir alþingismaður, Þórólfur Árnason, fyrrverandi borgarstjóri, og Hrönn Greipsdóttir, fyrrverandi hótelstýra.**

**Meirihluti stjórnarinnar, þrír af fimm, vildu ráða Þorgerði Katrínu en eftir átök varð úr að ráða Halldór. - mh, bj**

# Ráðuneytið segir Deloitte falsa tölur

**Sjávarútvegsráðuneytið segir Deloitte ofmeta vaxtagjöld og afskriftir í sjávarútvegi um 12 til 20 milljarða. Fyrirtækið hagi bókahaldslegum stærðum eins og best þyki henta. Margar umsagnir um frumvarpið byggi á gallaðri greinargerð.**

**SJÁVARÚTVEGUR** Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið segir endurskoðunarfyrirtækið Deloitte falsa tölur í greinargerð sinni um afleiðingar veiðigjalds. Niðurstöður fyrirtækisins séu ekki marktækar og ekki hægt að byggja á þeim.

Þetta kemur fram í greinargerð ráðuneytisins sem send var nefndarmönnum í atvinnuveganefnd Alþingis í gær. Hvað mat fyrirtækisins á áhrifum á einstök félög í sjávarútvegi varðar segir að fyrirtækið gangi út frá öfugum tengslum hagkvæmni og afkomuhorfa.

Ráðuneytið segir það niðurstöður Deloitte að því hærri sem tekjur á hvert kíló séu og því lægri kostnaður, því verri séu afkomuhorfur. Fyrirtækið reikni afskriftir sem hlutfall af EBITDA (hagnaður fyrir fjármagnsliði, afskriftir og skatta) og ofreikni vexti.

„Þessi dæmi Deloitte sýna öðru betur að greining þeirra byggist ekki á mati afkomu og arðsemi veiða og vinnslu en snýst um að haga bókhaldslegum stærðum með þeim hætti sem henta þykir."

Þá segja ráðuneytismenn Deloitte ofmeta fjárfestingarþörf um sjö milljarða króna með því að segja hana 30 prósent af EBITDA. „Þessi forsenda er fráleit og leiðir til villandi niðurstöðu," segir í greinargerðinni. Til að mynda sé fjárfestingaþörf ársins 2010 áætluð þrátt fyrir að hún liggi þegar fyrir sem raunstærð.

Þá er afskriftaþörfin sögð ofmetin um 60 prósent með því að miða við heimildir um hraðari afskriftir, en ekki efnahagslega rýrnun eigna miðað við endingartíma. Þá sé það gert við veiðiheimildir sem eðli sínu samkvæmt séu „ekki afskrifanlegar þar sem þær rýrna ekki við notkun líkt og frystihús og skip gera."

Þá sé fjármagnskostnaður ofreiknaður með tvennum hætti. Í fyrsta lagi sé skuldastofn ofmetinn með því að tilgreina allar skuldir útgerðarfyrirtækja, einnig þær sem tengjast fjárfestingu í óskyldri starfsemi, en ekki tekjur vegna þess rekstrar.

Þá reikni Deloitte nú með 6% vöxtum en í ársreikningi Granda sjáist að nafnvextir lána í evrum séu á milli 4 og 5 prósent. Ofmat Deloitte á afskriftum og vaxtagjöldum nemi frá 12 og hátt í 20 milljarða.

Að lokum er athygli vakin á því að margar umsagnir um frumvarpið byggist á niðurstöðum Deloitte „og ætla mætti að þær væru öðruvísi ef að vandaðra mat lægi þeim til hliðsjónar." **- kóp**



**LÖNDUN** Í greinargerð sjávarútvegsráðuneytisins segir að niðurstöður endurskoðunarfyrirtækisins Deloitte um afleiðingar veiðigjalds séu ekki marktækar.



**ÓFRIÐARSEGGIR** Fjórtán vélhjólahrottar voru dæmdir til fangavistar fyrir þátttöku í slagsmálum í fyrra.

Vélhjólaklíkur í Danmörku:

# Fjórtán teknir fyrir slagsmál

**DANMÖRK Fjórtán félagar í dönskum vélhjólaklíkunum voru í gær dæmdir í fangelsi fyrir hópslagsmál í Esbjerg í fyrra.**

**Mennirnir eru annars vegar meðlimir Bandidos og stuðningshópsins Guardias Diablos og hins vegar í AK81, sem er stuðningshópur Vítisengla. Meðal hinna dæmdu er foringi Bandidos í Esbjerg og dómarnir eru frá fjórum upp í fjórtán mánuði.**

**Samkvæmt frétt Berlingske áttu átökin sér stað á götu úti og voru mjög svæsin. Vitni bera meðal annars að tveir einstaklingar hafi verið keyrðir niður af bifreiðum. - þj**

Strauss-Kahn stefnir þernu:

# Vill milljón dali

**BANDARÍKIN, AP** Dominique Strauss-Kahn, fyrrverandi forstjóri Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, hefur stefnt hótelþernu sem sakaði hann um kynferðislega áreitni. Hann krefur hana um eina milljón dala, um 127 milljónir króna.

Strauss-Kahn var handtekinn í New York í maí í fyrra, en að lokum sleppt án ákæru eftir að saksóknari fékk á að draga mætti trúverðugleika þernunnar í efa. Strauss-Kahn missti í kjölfarið starf sitt og hyggst nú sækja bætur til hótelþernunnar. **- bj**


# Billund

**Frá kr. 11.900**

**Allra síðustu sætin í maí.**

Heimsferðir bjóða nú ótrúlegt verð á völdum dagsetningum í beinu flugi til Billund í Danmörku í maí.

**Nú er tækifæri til að bregðast skjótt við og næla sér sæti á frábærum kjörum!**

Verð kr. 11.900. Netverð. Flugsæti á mann.

21. og 28. maí frá Billund til Keflavíkur.
23. og 30. maí frá Keflavík til Billund.

Heimsferðir
Skógarhlíð 18 • sími 595 1000
Akureyri • sími 461 1099
www.heimsferdir.is

Ferðaskrifstofa – Leyfishafi Ferðamálastofu

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.


## VEÐURSPÁ



**Snjólaug Ólafsdóttir**
veðurfréttamaður

**ALLT AÐ KOMA**
Hæg breytileg átt í dag en snýst í V-átt á morgun. Él N- og NA-til í dag en nokkuð bjart S-til. Slydda N- og NV-til á morgun og stöku skúrir S-til síðdegis. Hitinn er á leið uppávið og líkur á mildu veðri um helgina.




**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 24° |
| Basel | 18° |
| Berlín | 11° |
| Billund | 10° |
| Frankfurt | 11° |
| Friedrichshafen | 7° |
| Gautaborg | 11° |
| Kaupmannahöfn | 11° |
| Las Palmas | 27° |
| London | 13° |
| Mallorca | 22° |
| New York | 24° |
| Orlando | 31° |
| Ósló | 15° |
| París | 14° |
| San Francisco | 20° |
| Stokkhólmur | 12° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Einar Davíðsson *einar.davidsson@365.is,* Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is,* Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is,* Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@365.is,* Laila Awad *laila@365.is,* Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is,* Ívar Örn Hansen *ivarorn@365.is,* Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is,* Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is,* Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is,* Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is,* Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is,* Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is* **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason *einar.skulason@365.is*

# ferð.is

## Ný ferðaskrifstofa á netinu

# Lækkað verð til Portúgal!

**22. og 29. maí**




**Flug og gisting**
**Adriana Beach**
**Allt innifalið!** 29. maí – 5. júní
**Verð frá 102.000 kr.**
Á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í þríbýli.
Innifalið: Flug, skattar og gisting.
Verð m.v. 2 í tvíbýli frá 130.210 kr. með öllu inniföldu.

**Flug og gisting**
**Aqua Mar**
22. – 29. maí
**Verð frá 58.800 kr.**
Á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð m/1 svefnh.
Innifalið: Flug, skattar og gisting.
Verð m.v. 2 í íbúð m/1 svefnh. frá 70.600 kr.

**Portúgal**
22. maí – 29. maí
**Verð frá 59.900 kr.**
Flug fram og til baka með flugvallarsköttum.

**Úrval af gistingu í boði, sjá nánar á Ferð.is**

**ferð.is** er íslensk ferðaskrifstofa sem einungis er starfrækt í gegnum netið. Íslendingum gefst með **ferð.is** kostur á að kaupa ódýrar ferðir á netinu án þess að slaka á kröfum um öryggi, þjónustu og góðan aðbúnað.

fljúgðu fyrir minna

**ferð.is**
**sími 570 4455**

ferð.is

## KJÖRKASSINN



*Borðaðir þú fisk í síðustu viku?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 83,3% |
| NEI | 16,7% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Trúir þú að álfar búi í klettum á Íslandi?*

Segðu þína skoðun á visir.is

vísir

Hækkun á heimsmarkaðsverði á áli hefur mikil áhrif á afkomu HS Orku:

# Eignir jukust um 462 milljónir

**VIÐSKIPTI** Hækkun á heimsmarkaðsverði á áli varð til þess að eignir HS Orku jukust um 462 milljónir króna á fyrstu þremur mánuðum ársins. Ástæðan er sú að hluti orkusölusamninga HS Orku er bundinn við sveiflur í heimsmarkaðsverðinu. Það hefur lækkað mjög skarpt frá því að það reis sem hæst um mitt ár 2008 og sú lækkun kostaði HS Orku um 1,5 milljarða króna á árinu 2011. Á síðustu misserum hefur það hins vegar verið að hækka á ný.

Tekjur félagsins námu 1.841 milljón króna á fyrsta ársfjórðungi. Hagnaður fyrir fjármagnsliði var 648,6 milljónir króna en alls tapaði félagið átta milljónum króna þegar búið var að greiða þá. Þar munaði mestu um gengistap upp á 718 milljónir króna, en hækkun á álverðsafleiðunni vann á móti því tapi.

Jarðvarmi slhf., sem er í eigu fjórtán íslenskra lífeyrissjóða, jók við hlut sinn í HS Orku í febrúar með hlutafjáraukningu. Eftir hana jókst eignarhlutur Jarðvarma úr 25 prósentum í 33,4 prósent. Fyrir hið nýja hlutafé greiddi Jarðvarmi 4,7 milljarða króna. Til stendur að skrá HS Orku á markað sem fyrst. **- þsj**



**HS ORKA** Félagið á meðal annars Reykjanesvirkjun. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Paul Watson handtekinn:

# Eftirlýstur í tólf ár í Kosta Ríka

**ÞÝSKALAND Paul Watson, hinn umdeildi stofnandi Sea Shepherd samtakanna sem berjast gegn hvalveiðum, hefur verið handtekinn í Þýskalandi. Svo gæti farið að hann verði framseldur til Kosta Ríka en þar hefur hann verið eftirlýstur frá 2002 þegar samtökin stöðvuðu ólöglegar hákarlaveiðar. Hann gæti átt yfir höfði sér kæru fyrir morðtilraun.**

**Sea Shepherd samtökin segja það algjöra firru og segjast hafa myndbandsupptökur sem sanni það.**






# Hafa þegar tryggt sér 1,45 prósenta hlut

**Virði skilyrts skuldabréfs, sem ákvarðar eign starfsmanna Landsbankans í honum, jókst um sex milljarða á þremur mánuðum. Starfsmenn hafa þegar tryggt sér 1,45 prósenta hlut. Virði hans í dag er rúmlega þrír milljarðar króna.**

**VIÐSKIPTI** Starfsmenn Landsbankans hafa þegar tryggt sér 1,45 prósenta hlut í bankanum. Virði þess hlutar er sem stendur um þrír milljarðar króna. Alls geta þeir eignast tveggja prósenta hlut ef valdar eignir sem hann innheimtir hækka enn meira í virði út þetta ár. Virði þeirra jókst um sex milljarða króna á fyrstu þremur mánuðum ársins í ár, samkvæmt árshlutauppgjöri bankans sem birt var í lok síðustu viku.

Þegar uppgjör fór fram milli gamla og nýja Landsbankans í desember 2009 hélt þrotabú þess gamla eftir 18,7 prósenta hlut í nýja bankanum. Afgangurinn, 81,3 prósent, fór til íslenska ríkisins sem vistar hann í Bankasýslu ríkisins. Á móti gaf nýi bankinn út skilyrt skuldabréf sem á að gera upp miðað við stöðu þess í árslok 2012. Það getur orðið 92 milljarða króna virði. Ef það gerist mun þrotabúið fá þá greiðslu og skila eignarhlutnum sem það fékk fyrir tveimur og hálfu ári. 16,7 prósent hans færu til Bankasýslunnar en tveggja prósenta hlutur í að mynda stofn að nýju kaupaukakerfi fyrir starfsmenn nýja bankans.

Miðað við þessa stöðu skuldabréfsins í dag er þegar tryggt að 1,45 prósenta hlutur fer í að mynda stofn að nýju kaupaukakerfi Landsbankans. Eigið fé bankans var 208 milljarðar króna í lok mars síðastliðins og því er innra virði hlutar starfsmannanna þegar orðið um þrír milljarðar króna. Hugmynd fjármálaráðuneytisins var upphaflega að kaupaukakerfið næði til allra starfsmanna bankans. Alls voru stöðugildi í Landsbankanum 1.308 talsins í lok mars síðastliðins. Miðað við það dygði sú upphæð sem þegar myndar stofn kaupaaukakerfisins, rúmlega þrír milljarðar króna, til að hver og einn þeirra fengi 2,3 milljónir króna.

Fjármálaeftirlitið (FME) takmarkaði það þó með reglum sem það setti um kaupaukakerfi um mitt ár 2011. Samkvæmt þeim mega stjórnarmenn og starfsmenn sem starfa við innri endurskoðun og regluvörslu ekki fá kaupauka.

Ef virðisaukning skuldabréfsins verður alger mun virði hlutar starfsmannanna verða tæplega 4,2 milljarðar króna miðað við eiginfjárstöðu bankans í dag.

thordur@frettabladid.is



**FRAMKVÆMDASTJÓRN** Landsbankinn hagnaðist um 7,7 milljarða króna á fyrstu þremur mánuðum ársins 2012. Steinþór Pálsson, í miðið, er bankastjóri Landsbankans. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

## Sexfaldast á þremur árum

Virði skilyrta skuldabréfsins ákvarðast af frammistöðu ákveðinna eigna sem færðar voru út úr gamla bankanum yfir í þann nýja á mjög lágu verði. Samkvæmt upplýsingum frá Landsbankanum er um að ræða tvö lánasöfn. Annað þeirra inniheldur lán til stærri fyrirtækja en hitt lán til smærri fyrirtækja. 85 prósent þeirrar virðisaukningar sem verður á lánunum fer í að hækka virði skilyrta skuldabréfsins en 15 prósent innheimtunnar verður eftir í nýja Landsbankanum.

Virði skilyrta skuldabréfsins var 10,2 milljarðar króna í lok árs 2009, skömmu eftir að samkomulag náðist um eignaskiptinguna. Um síðustu áramót hafði virði þess hækkað upp í 60,8 milljarða króna og á fyrstu þremur mánuðum ársins í ár jókst það aftur um sex milljarða króna til viðbótar. Auk þess urðu 327 milljónir króna eftir í nýja bankanum vegna þess hlutar sem hann fær af innheimtunni. Virði þess hefur því rúmlega sexfaldast á þremur árum.






Verðbólgan mælist næst mest á Íslandi af öllum Evrópulöndum:

# Búist við stýrivaxtahækkun í dag

**EFNAHAGSMÁL** Búist er við því að peningastefnunefnd Seðlabanka Íslands tilkynni um stýrivaxtahækkun í dag. Verðbólga það sem af er ári hefur reynst meiri en spár bankans sögðu til um þrátt fyrir að bankinn hafi tvisvar hækkað vexti síðasta hálfa árið.

Verðbólga mælist nú 6,4%, sem er langtum hærra en 2,5% verðbólgumarkmið Seðlabankans, og hefur lítið breyst frá ársbyrjun. Af þeim sökum spáir greiningardeild Arion banka 0,5 prósentustiga hækkun en greiningardeild Íslandsbanka og hagfræðideild Landsbankans spá 0,25 prósentustiga hækkun.

Í hagspá Arion banka sem kynnt var í síðustu viku er gert ráð fyrir að verðbólga verði yfir verðbólgumarkmiði út árið 2014. Helstu ástæðurnar sem taldar eru til eru áframhaldandi gengisveiking krónunnar, aukinn launaþrýstingur og væntar verðhækkanir á fasteignamarkaði. Sé staðan á Íslandi borin saman við ríki Evrópu kemur í ljós að verðbólga er einungis meiri í Tyrklandi.

Verðbólga hefur verið mest í Eystrasaltsríkjunum, að undanskildum Tyrklandi og Íslandi, síðustu misseri. Þar hefur hún heldur farið minnkandi upp á síðkastið. **- mþl**










# PÖNNURISTUÐ KJÚKLINGABRINGA MEÐ GRÆNMETI OG MOZZARELLA

*fyrir 4 að hætti Rikku*

- 1 lítið eggaldin, sneitt langsum í þunnar sneiðar
- 1 lítill kúrbítur, sneiddur langsum í þunnar sneiðar
- ólífuolía til steikingar
- 4 kjúklingabringur
- 2 msk heilhveiti
- 4 stórir tómatar, skornir í bita
- 150 ml hvítvín
- ½ kjúklingakraftskubbur
- 4 stór basillauf
- 1 mozzarellakúla, sneidd
- 60 g rifinn parmesanostur
- salt og nýmalaður pipar

Saltið eggaldinið og kúrbítinn. Hitið olíu á pönnu við meðalhita og steikið eggaldinið og kúrbítinn í 2 mínútur á hvorri hlið. Þerrið grænmetið á eldhúspappír. Setjið bringurnar í glæran plastpoka og fletjið með kökukefli. Setjið hveitið ofan í pokann og hrisstið. Steikið kjúklinginn í 4 mínútur á hvorri hlið og takið til hliðar. Steikið tómatana upp úr örlítilli olíu og hellið hvítvíninu saman við ásamt kjúklingakraftinum. Látið malla í 2-3 mínútur. Bætið kjúklingabringunum út á pönnuna og raðið eggaldin- og kúrbítssneiðum út á ásamt basillaufum, parmesanosti og mozzarellasneiðum. Lokið pönnunni og látið malla í 4-5 mínútur.

UPPSKRIFT




**Grísa T-bein**
í sweetchili marineringu




**Kjúklingalundir**
í Western kryddlegi




**Nautavöðvi**
kryddleginn




**Lambaprime**
í mangó marineringu

## BÓ SÓSAN

Þessi sósa var sérstaklega löguð fyrir **Stóra Bó** hamborgarann og er fáránlega góð með öllum grillmat **Bó sagði líka gó á hana.**




ÍSLENSKA HAMBORGARA FABRIKKAN 2010

























24 Hagkaup

**OPIÐ**
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan & Eiðistorg

Gildir til 20. maí á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

**VEISTU SVARIÐ?**



1. *Hvað heitir félagið sem áformar hótelbyggingu á Siglufirði?*
2. *Hver sigraði í lokakeppni Eurovision árið 2010?*
3. *Hvað heitir þjálfari íslenska karlalandsliðsins í knattspyrnu?*

**SVÖR**

*1. Rauðka ehf. 2. Lena Mayer-Landrut. 3. Lars Lagerbäck.*

Misþroska maður dæmdur í þriggja mánaða fangelsi fyrir kynferðisbrot:

# Þuklaði á fjögurra ára frænku sinni

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur Suðurlands hefur dæmt mann í sex mánaða fangelsi, þar af þrjá mánuði skilorðsbundna, fyrir kynferðisbrot gegn fjögurra ára systurdóttur sinni og vörslu barnakláms.

Maðurinn var ákærður fyrir að hafa fært stúlkuna úr fötunum og nuddað kynfæri hennar þar til hún bað hann um að hætta. Maðurinn neitaði því að hafa nuddað á henni kynfærin en gekkst við því að hafa snert þau í örskotsstund. Dómurinn telur annað ósannað og er hann því sakfelldur fyrir kynferðislega áreitni gegn barninu.

### Samvinnuþýður og játaði strax

Það er metið manninum til refsiþyngingar að brot hans beindist gegn ungu barni sem hann hafði trúnaðarsamband við vegna fjölskyldutengsla. Hins vegar er það metið honum til refsilækkunar að hann var samvinnuþýður og játaði strax sök. Þá hefur hann lýst trúverðugri eftirsjá og sektarkennd. Þá hafi orðið dráttur á rannsókn málsins sem ekki megi kenna honum um.

Þá fundust í tölvu hans tæplega þrjú þúsund kynferðislegar ljósmyndir af telpum, allt niður í þriggja ára gamlar. Maðurinn gekkst við því að eiga þær.

Í sálfræðimati sem maðurinn gekkst undir kemur fram að hann sé misþroska, félagslega einangraður og óöruggur í samskiptum við aðra. Ljóst sé að hann sé haldinn girnd í garð stúlkubarna en þó séu litlar líkur á að hann leiti í að nálgast börn enda geri hann sér grein fyrir því að það sé ólöglegt. **- sh**

Forstöðumenn ríkisins:

# Tveimur verið vikið úr starfi

**ALÞINGI Tveimur forstöðumönnum ríkisstofnana hefur verið vikið úr starfi frá árinu 1995 vegna þess að þeir fóru ítrekað fram úr heimildum fjárlaga. Þetta kemur fram í svari fjármálaráðherra við fyrirspurn Sigmundar Ernis Rúnarssonar.**

**Annar forstöðumannanna heyrði undir mennta- og menningarmálaráðuneyti og hinn undir efnahags- og viðskiptaráðuneyti.**

**Þá voru tveir forstöðumenn áminntir í starfi og fjórir fengu tilsjónarmenn með rekstri. - þeb**

Ákærur í Murdoch-málinu:

# Brooks vísar ákærum á bug

**BRETLAND, AP** Rebekah Brooks, fyrrverandi framkvæmdastjóri vikublaðsins News of the World, hefur verið ákærð fyrir að hafa reynt að halda leyndum upplýsingum um símhleranir, sem stundaðar voru af blaðamönnum blaðsins.



REBEKAH BROOKS

Hún sagði af sér í júlí síðastliðnum, eftir að upp komst um hleranirnar, og útgáfu blaðsins var hætt um svipað leyti.

Fimm aðrir hafa einnig verið ákærðir í málinu, þar á meðal eiginmaður hennar, Charlie Brooks. Brooks vísaði ákærunum á bug í gær og sagði þær út í hött. **- gb**

Rúmenar dæmdir í Svíþjóð:

# Sex ára fangelsi fyrir mansal

**SVÍÞJÓÐ Tveir Rúmenar á fimmtugsaldri hafa í undirrétti í Svíþjóð verið dæmdir í sex ára fangelsi fyrir mansal en fjórir aðrir Rúmenar í þriggja og fjögurra og hálfs árs fangelsi.**

**Öllum var gert að yfirgefa Svíþjóð að afplánun lokinni þar sem hætta þótti á áframhaldandi glæpastarfsemi.**

**Hinir dæmdu höfðu flutt ellefu rúmenskar konur á aldrinum 20 til 30 ára til Svíþjóðar og látið þær stunda vændi í Gautaborg. Alls var 141 karl kærður fyrir að hafa átt viðskipti við konurnar. Allir nema sextán hafa verið sakfelldir. Sá yngsti þeirra var 17 ára en sá elsti 76 ára. - ibs**

# Líkur aukast á brotthvarfi

**Nú þegar ljóst er að Grikkir ganga aftur til þingkosninga í næsta mánuði vaxa enn efasemdir um að Grikkland geti verið öllu lengur með evruna. Allar skoðanakannanir sýna hins vegar að Grikkir vilja alls ekki yfirgefa evrusvæðið, þótt þeir neiti að taka á sig þann stranga niðurskurð sem fylgir fjárhagsaðstoð ESB.**

**FRÉTTASKÝRING**

Eru Grikkir á útleið úr evrusvæðinu?

Undanfarna daga og vikur hafa bæði evrópskir stjórnmálaleiðtogar og evrópskir bankar verið að kortleggja afleiðingar þess, að Grikkland segði skilið við evruna, og hvaða skref þyrfti að taka bæði í aðdraganda og eftirleik útgöngu Grikkja.

Flokkarnir sjö, sem kosnir voru á gríska þjóðþingið fyrir tíu dögum, hafa ekki getað komið sér saman um myndun meirihlutastjórnar vegna ágreinings um niðurskurðinn, sem fyrri stjórn samþykkti að leggja á íbúa landsins gegn því að fá fjárhagsaðstoð frá Evrópusambandinu og Alþjóðagjaldeyrissjóðnum.

Geti grísk stjórnvöld ekki afgreitt áætlun um frekari niðurskurð fyrir júnílok fær gríska ríkið ekki næstu útborgun frá Evrópusambandinu, sem þýðir að gríska ríkið getur þá ekki greitt næstu stóru afborganir af skuldum ríkisins. Afleiðingarnar gætu orðið þær að Grikkir yrðu að taka upp drökmu á ný, kasta evrunni og jafnvel segja sig úr Evrópusambandinu.

Skiptar skoðanir voru reyndar á ráðherrafundi evruríkjanna í Brussel á mánudag um hugsanlegt brotthvarf Grikkja. Jean-Claude Juncker, forsætisráðherra Lúxemborgar, vísaði á bug öllum vangaveltum um að Grikkir þurfi að kasta evrunni.

„Ég sé það ekki fyrir mér í eina sekúndu að Grikkland yfirgefi evrusvæðið. Þetta er tóm della, þetta er áróður,“ sagði Juncker, sem er í formennsku fyrir evruríkjahópnum.

Olli Rehn, sem fer með efnahags- og peningamál í framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, sagðist hins vegar ekki sjá að Grikkir geti haldið áfram að vera með í félagsskap, ef þeir vilja ekki standa við þær samþykktir sem þeir sjálfir áttu þó aðild að.

> Ég sé það ekki fyrir mér í eina sekúndu að Grikkland yfirgefi evrusvæðið. Þetta er tóm della…
>
> **JEAN-CLAUDE JUNCKER**
> FORSÆTISRÁÐHERRA LÚXEMBORGAR

Lykilmaðurinn í stjórnarmyndunarviðræðunum í Grikklandi hefur í reynd verið Alexis Tsipras, leiðtogi SYRIZA, sem er bandalag nokkurra vinstriflokka og varð næststærsta aflið á þingi eftir kosningarnar 6. maí síðastliðinn.

Flokkurinn var kosinn út á harða andstöðu gegn aðhaldsaðgerðunum, sparnaði og niðurskurði ríkisins sem bitnað hefur harkalega á grískum almenningi. Á hinn bóginn vill Tsipras, rétt eins og 80 prósent Grikkja, alls ekki segja skilið við evruna, enda litlar líkur á því að grískur almenningur kæmi vel út úr þeim efnahagshamförum, sem fylgdu gjaldmiðlaskiptum.

Væntanlega yrði þá allsherjar bankahrun á Grikklandi, verðbólga færi upp úr öllu valdi og atvinnuleysi sömuleiðis. Búast má við enn harðari óeirðum og pólitískri pattstöðu sem öfgaöfl gætu hugsanlega notfært sér.

„Afleiðingarnar fyrir Grikkland yrðu alvarlegri en fyrir hin evruríkin,“ var haft eftir Jens Weidemann, bankastjóra þýska seðlabankans, í fjölmiðlum um síðustu helgi.

Hin evruríkin stæðu hins vegar ekki síður frammi fyrir erfiðleikum, því að þrýstingur á evruna myndi væntanlega aukast til muna. Fjárfestar, fyrirtæki og einstaklingar myndu hika við að eiga evrur í bönkum þeirra ríkja, sem eftir brotthvarf Grikkja stæðu tæpast, nefnilega ríkja á borð við Írland og Portúgal, Ítalíu og Spán.

Spurningin snýst hins vegar um það hvort grískum stjórnmálamönnum tekst í tæka tíð að komast að einhverri niðurstöðu um aðhaldsaðgerðir, sem hin evruríkin geta sætt sig við.

Takist það ekki virðist brotthvarf þeirra af evrusvæðinu óhjákvæmilegt. Sem stendur er óvissan algjör. **gudsteinn@frettabladid.is**



**ÁRANGURSLAUSAR VIÐRÆÐUR** Fotos Kouvelis, leiðtogi Lýðræðislega vinstriflokksins, Evangelos Venizelos, leiðtogi sósíalistaflokksins PASOK, Antonis Samaras, leiðtogi íhaldsflokksins Nýtt lýðræði, Karolos Papoulias forseti, Alexis Tsipras, leiðtogi SYRIZA, og Panos Kammenos, leiðtogi Sjálfstæðra Grikkja, á síðasta fundi stjórnarmyndunarviðræðna í forsetahöllinni í Aþenu í gær. NORDICPHOTOS/AFP

### Slitnaði endanlega upp úr viðræðum

Í gær slitnaði endanlega upp úr stjórnarmyndunarviðræðum í Grikklandi og verður því boðað til nýrra þingkosninga í júní, líklega þann sautjánda.

Þingið, sem kosið var þann 6. maí, kemur engu að síður saman í dag í fyrsta sinn. Ákvörðun verður tekin um endanlega dagsetningu kosninganna og kosin bráðabirgðastjórn sem á að fara með völd fram að næstu kosningum.

Úrslitatilraun til stjórnarmyndunar var gerð í gær, þegar Karolos Papoulias bauð leiðtogum fimm flokka á sinn fund með tillögu um að mynduð yrði embættismannastjórn með breiðum stuðningi á þingi.

„Það náðist ekkert samkomulag milli stjórnmálaaflanna,“ sagði Fotis Kouvelis, leiðtogi Lýðræðislega vinstriflokksins.

Skoðanakannanir benda ekki til þess að kosningarnar í júní bæti stöðuna svo nokkru nemi.




François Hollande tók í gær formlega við forsetaembættinu í Frakklandi:

# Hélt strax á fund við Merkel

**FRAKKLAND, AP** Aðeins fáeinum klukkustundum eftir að François Hollande tók við forsetaembættinu í Frakklandi hélt hann til Þýskalands á fund við Angelu Merkel kanslara.

Hollande vill stefnubreytingu í viðbrögðum við skuldakreppu evruríkjanna. Dregið verði úr einstrengingslegri áherslu á sparnað í ríkisfjármálum en þess í stað lögð áhersla á að styrkja velferðarkerfið og nota ríkisfé til að koma hagvexti af stað.

„Ég legg til að gerður verði nýr samningur þar sem nauðsynleg skuldalækkun verði tengd óhjákvæmilegri örvun efnahagsins,“ sagði Hollande.

Hugmyndir hans ganga þvert á stefnu Angelu Merkel og Nicolas Sarkozy, forvera Hollandes á forsetastól í Frakklandi. Hollande á því töluvert verk fyrir höndum við að sannfæra Merkel og suma aðra leiðtoga evrusvæðisins.

Áður en Hollande hélt af stað til Þýskalands gaf hann sér þó tíma til að tilkynna að Jean-Marc Ayrault verði forsætisráðherra Frakklands. Ayrault er borgarstjóri í Nantes og þingflokksformaður Sósíalistaflokksins.

Ayrault þarf nú að tilnefna ráðherra í ríkisstjórn sína og bera síðan ráðherralistann undir þingið, sem þarf að veita samþykki sitt. **- gb**



**SARKOZY KVEÐUR, HOLLANDE TEKUR VIÐ** Nicolas Sarkozy og François Hollande tókust í hendur fyrir utan Elysee-höllina í París. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Opið 9 til 21

# Sprengidagur

# 25% AFSLÁTTUR

## af öllum vörum

**NEMA 20% AFSLÁTTUR AF SNYRTIVÖRUM**

# 40% afsláttur

## af völdum vörum á
## morgunhanatilboði frá kl. 9-12

FANTASIE
undirföt



Verðdæmi
Fullt verð 7.990
Morgunhanatilboð = 4.794,-

ROCHA.JOHN ROCHA
Úrval af bolum



Verðdæmi
Fullt verð 7.990
Morgunhanatilboð = 4.794,-

Collection
kápa



Fullt verð 17.990
Morgunhanatilboð = 10.794,-

bluezoo
stelpugallabuxur



Fullt verð 3.490
Morgunhanatilboð = 2.094,-

minus
hlýrabolur



Fullt verð 3.490
Morgunhanatilboð = 2.094,-

Allar Maine stuttbuxur



Verðdæmi
Fullt verð 8.990
Morgunhanatilboð = 5.394,-

Úrval af stuttbuxum á stráka



Verðdæmi
Fullt verð 5.990
Morgunhanatilboð = 3.594,-

Öll kerti
40% AFSLÁTTUR



Öll rúmföt
40% AFSLÁTTUR



JOHN FRIEDA
COLLECTION
LONDON · PARIS · NEW YORK



40% AFSLÁTTUR
af Root Awakening línu frá John Frieda Collection

Finndu okkur á facebook

DEBENHAMS
HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR

Lífsstílsbúð í SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR HEIMILI

fókus

## Heimili álfa til margra kynslóða flutt til Vestmannaeyja



**SVONA STÓRIR!** Ragnhildur Jónsdóttir, sjáandi frá Álfagarðinum í Hafnarfirði, sýnir Árna Johnsen alþingismanni, hvað álfarnir í steininum á bak við þau séu stórir, svona um það bil. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**RAGNHILDUR OG STEINNINN** Bjargið sem flutt var til Vestmannaeyja í gær er engin smásmíði, eða 24 tonn. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**Á ÁFANGASTAÐ Í EYJUM** Gætt var að því að gluggahlið og inngangur steinsins sneri að sjó þegar hann var kominn á sinn stað. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR

# Borgar bara undir tvo álfa af sjö

**Þegar Árni Johnsen alþingismaður lenti í bílveltu fyrir tveimur árum staðnæmdist jeppi hans við stóran stein á mörkum Svínahrauns og Sandskeiðs. Steininum var forðað frá vegaframkvæmdum og segir sjáandi hann bústað álfa. Steinninn var fluttur til Vestmannaeyja í gær.**

**FÓLK** „Steinninn er 24 tonn!“ kallaði Arnar Kristjánsson úr krana sínum þegar búið var að hífa á loft bjarg allmikið við Litlu-kaffistofuna um klukkan hálftíu í gærmorgun. Eftir nokkuð baks við að koma klettinum fyrir á tengivagni vörubíls, var lagt af stað með hann í Landeyjahöfn rétt upp úr klukkan tíu. Þaðan fór steinninn og fylgdarlið með Herjólfi til Vestmannaeyja. Seinni partinn var steinninn kominn upp í garðinum hjá Árna Johnsen alþingismanni.

Í fylgdarliði steinsins voru vitanlega þingmaðurinn sjálfur á Landcruiser-jeppa sínum og svo Ragnhildur Jónsdóttir, sjáandi frá Álfagarðinum í Hellisgerði í Hafnarfirði. Í Peugeot smábifreið hennar var með í för Ragnar Unnarsson sonur hennar og svo álfafjölskylda sem Ragnhildur segir að búið hafi í steininum. Búið var um fjölskylduna í bastkörfu í aftursæti bílsins. Áhöld eru því um hvort farið hafi verið á svig við reglur um hámarksfjölda farþega í fólksbifreið, mæðginin sátu tvö frammi í, en aftur í voru að sögn Ragnhildar þrjár kynslóðir álfa, gömul hjón, sem bjuggu á efri hæð í steininum, og svo yngri hjón með þrjú börn sem bjuggu á neðri hæð. Alls níu farþegar.

### Rúmið var upp á rönd

„Álfunum finnst hunang sælgæti og ég færði þeim svolítið í nesti á leiðinni,“ útskýrir Ragnhildur, en að hennar sögn eru álfarnir í steininum nokkuð litlir, eitthvað nálægt hálfum metra á hæð. Fjölskyldan segir hún að hafi búið í steininum kynslóðum saman, en sé nú hin spenntasta að flytjast til Vestmannaeyja. „Þau settu samt sem skilyrði að útsýnið yrði gott. Þau vilja sjá til hafs.“ Eins vildu álfarnir hafa gras, því þeir ætla að halda kindur.

„Ég safna svona steinum,“ útskýrir Árni Johnsen kíminn og kveður ferðalag klettsins og „fjölskyldunnar“ í honum hafa haft nokkurn aðdraganda. „Fyrir um tveimur árum lenti ég í bílslysi á þessum slóðum, en gekk ómeiddur frá ónýtum bílnum eftir fimm veltur niður brekkuna hér við Litlu-kaffistofuna,“ segir Árni. „Bíllinn stoppaði við stóran stein hér ofan í dálítilli kvos sem er hér á mörkum Svínahrauns og Sandskeiðs.“ Þegar úr bílnum var komið segir Árni að sér hafi orðið starsýnt á steininn meðan hann beið hjálpar. Hann hafi svo í framhaldinu áttað sig á því að steinninn myndi fara undir nýjan Suðurlandsveg í framkvæmdunum við tvöföldun hans. „Þannig að ég bað Ingileif Jónsson, sem er verktaki við tvöföldunina, að bjarga steininum.“ Honum var svo komið fyrir á planinu á bak við Litlu-kaffistofuna.

> Álfunum finnst hunang sælgæti og ég færði þeim svolítið í nesti á leiðinni.
>
> **RAGNHILDUR JÓNSDÓTTIR**
> SJÁANDI

„Í júlí í fyrra datt mér svo í hug að biðja stelpurnar í Álfagarðinum í Hafnarfirði að kíkja á steininn,“ segir hann, en í framhaldinu sá Ragnhildur Jónsdóttir fjölskylduna í steininum, sem var heldur ósátt á nýjum stað. „Steinninn var svo skakkur og gamli maðurinn var ósáttur við það. Rúmið hans var eiginlega upp á rönd,“ segir Ragnhildur.

### Fluttu út fyrir flutning

Þegar Ingileifur frétti af þessu bætti hann þegar úr. „Já ég þorði ekki annað,“ segir hann og telur eins gott að fara að öllu með gát í kring um álfa.

Ragnhildur segir hins vegar að fjölskyldan hafi flutt út úr steininum þegar böndum var komið á hann fyrir nokkru. „Þau færðu sig til annarrar fjölskyldu hér í nágrenninu. Þau hafa hins vegar margoft vinkað til mín þegar ég hef farið hér um og voru orðin óþreyjufull að flytja,“ bætir hún við.

„Þetta er bara skemmtilegt,“ segir Árni þegar hann er spurður að því hvort þetta sé ekki fullmikið tilstand við einn stein. „Og ekkert kostnaðarsamt þegar menn hjálpast að,“ segir hann. „Aðallega hafa menn gaman að þessu.“ Auk Ingileifs og Arnars á krananum segist Árni hafa notið liðsinnis veitingamannanna Jóhannesar Stefánssonar í Múlakaffi og Bjarna Óskarssonar hjá Nings. Úti í Eyjum hjálpi svo til við flutning steinsins Íslenska gámafélagið og Já verktakar frá Selfossi. „Síðan samdi ég við Eimskip um flutninginn í Herjólfi,“ segir Árni. Borgað er undir steininn eins og um vörubíl væri að ræða og svo almennt fargjald fyrir ungu hjónin í steininum. „Gömlu hjónin og börnin fengu frítt.“

olikr@frettabladid.is




PIPAR\TBWA • SÍA • 120987

Aðgangsstýrð akstursshlið

**Aukið öryggi á opnum svæðum**

Hægt er að stýra opnun gegnum aðgangskerfi, með fjarstýringu eða GSM-síma. Sterk og vönduð hlið sem henta við íslenskar aðstæður.

ÖRYGGI VELFERÐ

**Sími 570 2400 · oryggi.is**

Stöndum vaktina allan sólarhringinn

ÖRYGGISMIÐSTÖÐIN



ÞÉR ER BOÐIÐ Á
FERÐAHÁTÍÐ
Fimmtudaginn 17. maí
í Lágmúla 4
ÓTRÚLEG TILBOÐ Í SÓLINA SEM AÐEINS ER HÆGT AÐ BÓKA ÞESSA HELGI
Lalli Töframaður skemmtir gestum og gangandi
BYLGJAN VERÐUR MEÐ BEINA ÚTSENDINGU FRÁ HÁTÍÐINNI
Sirkus Ísland með spennandi atriði
DJ ARNAR ÞEYTIR SKÍFUM AF MIKILLI SNILLD
Hoppukastali, grillpylsur og drykkir í boði
HAPPDRÆTTI
Ferð fyrir tvo til Almería!
GLÆSILEGIR VINNINGAR
Gamanið hefst klukkan 13.00
Hlökkum til að sjá þig!
MEÐ HVERRI FERÐ SEM BÓKUÐ ER ÞESSA HELGI VERÐUR KEYPTUR BLÁR NAGLI TIL STYRKTAR RANNSÓKNUM GEGN BLÖÐRUHÁLSKRABBAMEINI.
BLÁI NAGLINN
ÚRVAL·ÚTSÝN
Ný & Betri
VIÐSKIPTAFERÐIR ÚÚ
SUMAR FERÐIR
plús FERÐIR
www.plusferdir.is
SS
BYLGJAN 989
ALLIR ERU AÐ HLUSTA!



**BIN LADEN Á KÚBU** Raunsæisleg stytta af hryðjuverkaleiðtoganum Osama bin Laden til sýnis á listasafni í Havana. NORDICPHOTOS/AFP

Fjöldi þeirra sem slasaðist alvarlega í umferðinni dróst saman um fjórðung:

# Helmingur látinna 17 ára og yngri

**SLYS** Helmingur þeirra sem lét lífið í umferðinni í fyrra voru 17 ára og yngri. Fjórir 17 ára ökumenn létust og tvær fótgangandi stúlkur.

Alls létust 12 manns í umferðinni á síðasta ári; fjórar konur og átta karlar.

Í slysaskýrslu Umferðarstofu fyrir árið 2011 kemur fram að dánartíðni í umferðinni hafi verið töluvert lægri en síðustu tíu ár, þar sem meðaltalið var 19 ár á ársgrundvelli. Ætla megi að fjöldi látinna í umferðinni hér á landi árið 2010, þegar átta létust, hafi verið lægstur í heiminum það ár.

„Ekki náðist slíkur árangur árið 2011 en í samanburði við hin Norðurlöndin er fjöldi látinna í umferðinni árið 2011, miðað við fjölda íbúa, aðeins lægri í Svíþjóð og Noregi sem eru þau lönd sem yfirleitt eru með lægsta dánartíðni umferðarslysa í heiminum," segir í skýrslunni.

Fjöldi alvarlegra slysa í umferðinni og alvarlega slasaðra minnkaði töluvert á milli áranna 2010 og 2011, eða um fjórðung. - sv

### Markmið náðust

Árið 2011 stendur nokkuð vel undir þeim markmiðum sem stjórnvöld settu í umferðaröryggisáætlun tímabilsins 2011 til 2022.

- Að fjöldi látinna í umferðinni á hverja 100 þúsund íbúa verði ekki meiri en það sem lægst gerist hjá öðrum þjóðum.
- Að fjöldi látinna og alvarlega slasaðra í umferðinni minnki að jafnaði um 5 prósent á ári til ársins 2022, en á síðasta ári var fækkunin um 13 prósent.

Myrti kjarneðlisfræðing:

# Hengdur í Íran fyrir morð

**ÍRAN, AP** Majid Jamali Fashi, 24 ára gamall maður, var tekinn af lífi í Íran í gær. Hann hlaut dauðadóm í ágúst fyrir að hafa árið 2010 myrt kjarneðlisfræðinginn Masoud Ali Mohammadi.

Írönsk stjórnvöld telja að Fashi hafi myrt Mohammadi fyrir ísraelsku leyniþjónustuna Mossad. Ísraelar óttast að Íranar hafi í huga að koma sér upp kjarnorkuvopnum.

Mohammadi lést af völdum sprengju sem sprakk fyrir utan heimili hans í janúar 2010. - gb



**RADÍSUR** Margar eru matjurtirnar.

Allir velkomnir í Laugardal:

# Fólkið frætt í matjurtagarði

**GARÐRÆKT Grasagarðurinn í Laugardal býður nú í maí áhugafólki um matjurtarækt að líta við og fræðast um sáningu, útplöntun og umhirðu matjurta. Þar er að mestu búið að stinga upp og jarðvegsbæta garðinn eftir því sem þörf krefur.**

**„Rabarbarinn kemur vel undan vetri og berjarunnarnir bíða klippingar. Kartöflurnar eru komnar niður og laukarnir líka ásamt fræjum af gulrót og svartrót. Til stendur að fjölga yrkjum af eplatrjám og alls kyns matjurtir eru til forræktunar inni í gróðurhúsi," segir í tilkynningu um matjurtafræðsluna sem, að uppstigningardegi undanskildum, fer fram alla þriðjudags- og fimmtudagsmorgna út maí.** - gar

**NOREGUR**

### Bar eld að sjálfum sér

Maður kveikti í sjálfum sér fyrir utan dómhúsið í Ósló í gær þar sem réttarhöldin yfir Anders Behring Breivik fara fram. Lögreglumenn voru snöggir að slökkva eldinn. Maðurinn var fluttur á sjúkrahús.

# Segir netárásir á lítið varin fyrirtæki ógnvænlega þróun

**Gríðarlegt magn upplýsinga má finna á tölvukerfum stofnana og fyrirtækja og mikilvægt að tryggja öryggi tölvukerfa segir sérfræðingur. Netárás getur haft alvarlegar afleiðingar fyrir bæði stór og smá fyrirtæki.**

**NETÖRYGGI** Mörg dæmi eru um netárásir á fyrirtæki á síðustu tveimur árum, árásir sem voru mögulegar vegna þess að fyrirtækin stóðu ekki nægilega vel að öryggismálum, segir Csaba Barta, sérfræðingur í netöryggismálum hjá Deloitte í Þýskalandi.

Barta segir gott dæmi um þetta netárás á gagnagrunn Sony sem gerð hafi verið í fyrra. Með þeirri árás komust tölvuþrjótar yfir persónulegar upplýsingar um milljónir viðskiptavina fyrirtækisins sem hafi í kjölfarið lekið á netið.

„Þessi þróun er sannarlega ógnvænleg, þegar við hugsum um hversu gríðarlegar upplýsingar er að finna í tölvukerfum fyrirtækja og stofnana," segir Barta. Hann heldur fræðslufund um nýjustu strauma og stefnur í netárásum á vegum Deloitte á Íslandi í dag.

Hann segir margvíslegar hættur því samfara þegar tölvuþrjótar komist yfir persónulegar upplýsingar um fólk. Hægt sé að nota slíkar upplýsingar til að telja öðrum trú um að tölvuþrjóturinn sé í raun önnur manneskja, jafnvel stunda viðskipti í gegnum netið með þeim upplýsingum sem hægt er að komast yfir með þessum hætti.

Barta segir í raun ekki hægt að tryggja algerlega öryggi tölvukerfa hjá fyrirtækjum. Hann segir hægt að ganga langt í að verja þau, sérstaklega með því að tryggja að þó tölvuþrjótur geti komist inn fyrir varnir kerfisins sé aðgengi hans takmarkað innan þess.



**FYRIRTÆKIN TREGARI** Fjármálakreppan hefur haft það í för með sér að fyrirtæki eru tregari til að verja fé í netöryggi, segir Csaba Barta, sérfræðingur í netöryggismálum hjá Deloitte. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Snjallsímar og spjaldtölvur sem stjórnendur fyrirtækja, og aðrir sem hafa aðgang að kerfum þeirra, nota í daglegum störfum geta verið alvarlegur veikleiki á tölvukerfum þeirra, segir Barta. Hann segir fyrirtæki sem vilja tryggja öryggi sitt verða að gera allt sem í þeirra valdi standi til að tryggja að aðgangur slíkra tækja sé takmarkaður, enda fremur auðvelt fyrir þá sem til þekkja að brjótast inn í hvaða snjallsíma sem er, hvort sem vírusvörn er í símanum eða ekki.

Fyrirtæki sem verða fyrir netárásum reyna yfirleitt að halda árásunum leyndum, enda þekkt að slíkar árásir geta haft bein áhrif á hlutabréfaverð og afkomu fyrirtækja. Barta segir fréttir af árásum á síðustu árum þó hafa skilað því að stjórnendur fyrirtækjanna séu meðvitaðri um hættuna og margir hafi gert ráðstafanir til að bregðast við henni.

„Rétta leiðin er að gera allt sem hægt er til að koma í veg fyrir árásir, ekki bara að undirbúa hvernig brugðist verði við eftir að skaðinn er skeður," segir Barta.

> Þessi þróun er sannarlega ógnvænleg, þegar við hugsum um hversu gríðarlegar upplýsingar er að finna í tölvukerfum fyrirtækja og stofnana.
>
> **CSABA BARTA**
> SÉRFRÆÐINGUR Í NETÖRYGGISMÁLUM

Fjármálakreppan hefur haft áhrif á netöryggi fyrirtækja á tvo vegu, segir Barta. Annars vegar séu fyrirtækin að spara og draga úr kostnaði. Þá geti verið freistandi að skera niður útgjöld sem fara í netöryggi. Hins vegar bendir hann á að margir hafi misst vinnuna í niðurskurðaraðgerðunum og því margir sem eigi harma að hefna og hafi nægan frítíma til að leita leiða til að hefna sín á fyrirtækjum sem þeir telja að hafi gert eitthvað á sinn hlut.

Bæði stór og lítil fyrirtæki þurfa að gera allt sem í þeirra valdi stendur til að tryggja öryggi fyrirtækisins gegn netárásum, segir Barta. Hann bendir á að það geti haft alvarlegar afleiðingar fyrir lítið ferðaþjónustufyrirtæki sé vefsíða þess óaðgengileg þar sem bókanir fara gjarnan í gegnum vefsíðurnar. Auk þess sem það dregur úr trausti væntanlegra viðskiptavina að sjá að vefsíðan hefur orðið fyrir netárás.

brjann@frettabladid.is


www.volkswagen.is




Volkswagen Golf BlueMotion

Sparnaðarráð frá Þýskalandi

Meðaleyðsla aðeins 3,8 lítrar á hverja 100 km*

* Miðað við blandaðan akstur á beinskiptum Volkswagen Golf BlueMotion 1.6

Das Auto.

Komdu og reynsluaktu Volkswagen Golf

Reynslan er góð!

Laugavegi 170-174 · 590 5000 · hekla.is · hekla@hekla.is · umboðsmenn um land allt

HEKLA

Borgarleikhúsið

Borgarleikhúsið er samstarfsaðili Símaskrárinnar 2012

UMHVERFISMERKI
541-004
PRENTGRIPUR

# Símaskráin 2012 er komin út

Við þökkum þeim fjölmörgu landsmönnum sem lögðu okkur lið með hlátri og góðri nærveru svo að leikhúsið gæti öðlast líf á síðum Símaskrárinnar. Þú getur nálgast þitt eintak af Símaskránni á bensínstöðvum Olís og Skeljungs, í verslunum Krónunnar, Símans og Vodafone og að sjálfsögðu í Borgarleikhúsinu.

Á landsbyggðinni er hægt að nálgast eintak á afgreiðslustöðum Póstsins og einnig í verslunum Símans og Vodafone á Akureyri.




118 | Gulu síðurnar | Já.is | Stjörnur.is | Símaskrá | Já í símann | i.já.is

já
— er svarið

# KRÓNAN – fyrst og fremst ódýr!

# LAMBALÆRI Á FRÁBÆ



**1398 kr. kg**
Lambalæri, ferskt



**1398 kr. kg**
Trönuberja og eplamarinerað



**1398 kr. kg**
Hvítlauks og rósmarín marinerað



**25% afsláttur**

**1499 kr. kg**
Verð áður ~~1998~~ kr. kg
Lambalærissneiðar



**25% afsláttur**

**1499 kr. kg**
Verð áður ~~1998~~ kr. kg
Lambalærissneiðar, kryddaðar



**20% afsláttur**

**1758 kr. kg**
Verð áður ~~2198~~ kr. kg
Lambakótilettur

## PIZZUR úr kjötborðinu



Ferskar pizzur
Margharita, 320 g 489 kr.
Pepperoni, 345 g 559 kr.
Skinka, 350 g 559 kr.



**229 kr. pk.**
Stjörnusalat, 350 g



**20% afsláttur**

**398 kr. pk.**
Verð áður ~~498~~ kr. pk.
Krónu pylsur, 10 stk. í pk., 513 g

Safnaðu AUKAKRÓNUM
í öllum verslunum krónunnar

EXPO • www.expo.is
Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl


Nýtt kortatímabil á morgun 17. maí
RU VERÐI FYRIR ALLA!
Nýtt!
1398 kr. kg
Grillkryddað
1398 kr. kg
New York marinerað
1398 kr. kg
Lambalæri, piparmarinerað
30% afsláttur
1189 kr. kg
Verð áður 1698 kr. kg
Grísahnakki á spjóti, þú velur: New York eða hvítlauks og rósmarín marineraður marineraðan
2198 kr. kg
Krónu Piri Piri kjúklingabringur
40% afsláttur
2939 kr. kg
Verð áður 4898 kr. kg
Ungnauta entrecote, erlent
2 í pk.
398 kr. pk.
Ungnauta hamborgari 120 g, 2 í pk.
Grillkartöflur
320 kr. pk.
Þykkvabæjar forsoðnar grillkartöflur, 600 g
79 kr. stk.
Pepsi, Pepsi Max, appelsín, 7 Up og Mountain Dew, 33 cl dósir
KÍKTU Á kronan.is – meira fyrir minna
Sjá opnunartíma verslana Krónunnar á www.kronan.is

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Stjórnvöld þrýsta á lífeyrissjóði:

## Brjótið lög!

Íslensk stjórnvöld hafa um langt skeið sett mikinn þrýsting á lífeyrissjóði landsins um að brjóta lög og taka þátt í að hjálpa þeim að ná skammtímamarkmiðum sínum, á kostnað langtímahagsmuna eigenda sjóðanna. Ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar óskaði eftir því í byrjun október 2008 að lífeyrissjóðirnir flyttu heim helming erlendra eigna sinna, sem þá voru um 250 milljarða króna virði. Ekki þarf að tíunda hvað slík aðgerð hefði haft í för með sér hefðu bankarnir ekki hrunið til grunna og komið í veg fyrir að á hana reyndi. Féð hefði enda væntanlega verið fest, að minnsta kosti að hluta, í fjármálagerningum föllnu bankanna eða ógjaldfærra skuldara þeirra.

SKOÐUN



Þórður Snær Júlíusson
thordur@frettabladid.is

Haustið 2010 boðaði sitjandi ríkisstjórn svo til víðtæks samráðs alls konar aðila, meðal annars lífeyrissjóða, til að skikka þá til þátttöku í aðgerðum til að bregðast við skuldavanda heimilanna. Sjóðirnir létu þá vinna fyrir sig lögfræðiálit sem segir að þeim sé ekki heimilt að færa niður innheimtanlegar kröfur. Lög banna þeim það. Viðbrögð stjórnvalda hafa verið þau að hóta að skattleggja þá ef þeir spiluðu ekki með. Síðan þá hefur þrýstingurinn á lífeyrissjóðina verið viðvarandi þrátt fyrir að í ítarlegri greiningu Seðlabankans, sem var kynnt í apríl, hafi verið komist að þeirri niðurstöðu að niðurfellingaraðgerðir stjórnvalda hafi verið ómarkvissar og ekki skilað sér nema að takmörkuðu leyti til þeirra sem þurftu á þeim að halda.

Landssamtök lífeyrissjóða höfnuðu í fyrradag enn einni skuldaniðurfellingarhugmyndinni. Í Fréttablaðinu í gær kemur fram að „vaxandi kurr“ sé í garð sjóðanna vegna tregðu þeirra til að spila með. Þar er haft eftir Steingrími J. Sigfússyni efnahagsráðherra: „Við erum jú öll saman í þessu og lífeyrissjóðirnir líka, að koma heimilum í gegnum þessa erfiðleika. Menn mega ekki alveg missa sjónar á því og setja niður hælana bara út af einhverri þröngri túlkun á lagabókstafnum.“

Það má gagnrýna lífeyrissjóði landsins fyrir margt. Það má gagnrýna þá fyrir að hafa verið ginnkeyptir fyrir blekkingum í aðdraganda hrunsins og fyrir að hafa ekki skrifað niður margar eignir sínar í kjölfar þess þegar öllum var ljóst að þær hefðu tapað virði sínu. En það er ekki hægt að gagnrýna þá fyrir að sinna sínu lögbundna hlutverki og neita að brjóta lög um starfsemi sína.

Ef stjórnvöld eru svona áfjáð í að lífeyrissjóðirnir skrifi niður skuldir sem eru í skilum þá er hreinlegast að setja lög sem heimila þeim það. Þannig gæti ríkisstjórnin framkvæmt eignaupptöku og skilgreint hlutverk lífeyrissjóða upp á nýtt á eigin ábyrgð. Sagan myndi síðan dæma þau verk. Það er heiðarlegra en að reyna að neyða stjórnendur lífeyrissjóða til lögbrota.

Stjórnvöld gætu þá í leiðinni lögfest, og útfært, almennar skuldaniðurfellingar og afnám verðtryggingar til að tryggja sér stuðning Hreyfingarinnar. Í því samhengi er þó rétt að minna á áðurnefnda greiningu Seðlabankans sem sagði að fimmtungs niðurfærsla á verðtryggðum lánum myndi kosta 261 milljarð króna. Greiningin, sem byggist á nákvæmasta skuldaragagnagrunni í heiminum, sagði einnig að 57 prósent slíkra afskrifta, tæplega 150 milljarðar króna, myndu falla í skaut tekjuháum heimilum. Tveir aðilar, sem þó eru sá sami, myndu greiða fyrir þá aðgerð. Skattgreiðendur og lífeyrisþegar.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Edwald RITSTJÓRI: Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871

FERÐAFÉLAG BARNANNA
Fuglaskoðun og fjöruferð á Álftanesi
Á morgun 17. maí kl. 16:00-18:00

Á morgun, Uppstigningardag, stendur Ferðafélag barnanna fyrir fjölskylduferð út á Álftanes að skoða fugla, telja fugla, teikna fugla og semja ljóð um fugla. Sérfræðingur frá Fuglavernd fræðir þátttakendur um fugla og fjörulíf. Gott er að taka með sér eitthvað til að nasla í og jafnvel kíki, fötu og skóflu.



Safnast saman á bílastæðinu við Bessastaðakirkju á Álftanesi kl. 16:00. Ferðin tekur um 2 klst.

Þátttaka er ókeypis – allir velkomnir

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Ekki hernaðarbandalag

Árni Páll Árnason sýndi góða takta á beinni línu hjá DV í gær. Hann var meðal annars spurður hvort hann teldi Ísland eiga heima í hernaðarbandalaginu NATO. „Ég styð aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu – sem vel að merkja fer ekki með hernaði á hendur nokkru ríki og getur því ekki talist hernaðarbandalag,“ svaraði Árni Páll. Þá vitum við það. NATO er ekki hernaðarbandalag. Það segir fyrrverandi ráðherra í ríkisstjórn Íslands.



### Ha?

En bíðum nú við. Í íslenskri orðabók segir þetta um Atlantshafsbandalagið: „samtök ríkja í Evrópu og Norður-Ameríku um hermál o.fl.“ Og þótt Wikipedia sé ekki áreiðanlegasta heimild sem um getur þá er athyglisvert að færslan um Atlantshafsbandalagið hefst á þessum orðum, að því frádregnu sem segir innan sviga: „Atlantshafsbandalagið er hernaðarbandalag.“ Þannig að annað hvort er úti á þekju; Árni Páll Árnason eða fræðirit heimsins. Engin leið er að segja hvort.



### Nítjánda öldin

Á Alþingi í gær var rætt um átak stjórnvalda í þágu almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu. Vigdís Hauksdóttir var mjög hneyksluð á því og sagði að það hefði beinlínis sett að sér hroll vegna þess. Ekki nóg með að hjálpa eigi fólki að komast leiðar sinnar í strætó (hún kallar verkefnið – í gríni – allir í strætó-verkefnið), heldur eigi líka að hjálpa fólki að komast leiðar sinnar fótgangandi og á hjóli. Hvílík ósvinna. Eða eins og Vigdís orðaði það, „að það eigi allir að fara að ferðast eins og fyrir þarsíðustu aldamót!“ Það hefur kannski verið grín líka. Og þó.

stigur@frettabladid.is

HALLDÓR





# Landspítalann í Fossvog

Nýr Landspítali



Ólafur Örn Arnarson
fv. læknir

Við sameiningu Sjúkrahúss Reykjavíkur og Landspítala í eina stofnun á árinu 2000 var farið að skoða möguleika á hvernig ætti að fara í þetta mál. Fengnir voru ráðgjafar frá Kaupmannahöfn en þeir þekktu mjög vel til hér vegna fyrri heimsókna. Eftir að hafa skoðað málin og rætt við fjölda yfirmanna hinna ýmsu deilda var niðurstaða þeirra mjög skýr.

Ráðgjafarnir dæmdu húsnæði Landspítala við Hringbraut algerlega úrelt og óhæft til framtíðar. Hins vegar væri spítalabygging í Fossvogi mun betri og væri hægt að byggja við 30 þúsund fermetra þess húss og stækka um helming og byggja þar aðra 30 þúsund fermetra til viðbótar. Það væri hægt að byggja mun hærra til lofts vegna þess að flugvöllurinn væri þar ekkert fyrir eins og væri hins vegar við Hringbraut en þar væri ekki hægt að byggja meira en fjögurra hæða byggingar. Í Fossvogi væri hins vegar ekkert mál að byggja 9-10 hæða byggingar þar sem nýtingin væri svo miklu betri og byggingarnar ódýrari.

Staðsetningin í Fossvogi er svo miklu betri umferðarlega að við erum mjög nálægt miðju borgarsvæðinu. Við Hringbraut er ástandið miklu verra. Kostnaður við nauðsynlegar breytingar vegna lagnar ýmissa mannvirkja er upp á marga milljarða króna.

Það virðist vera mjög stórt mál að ekki megi byggja neitt nema einbýli í spítalabyggingum. Þannig er nú að í húsinu í Fossvogi eru nú þegar mörg einbýli en þar fyrir utan eru flestar stofur tvíbýli. Nú er það svo að meðallegutími, vegna breytinga á skurðtækni, hefur styst mjög og er nú kominn niður í 2-3 daga. Í húsinu sem verður byggt til viðbótar í Fossvogi er sjálfsagt að hafa eintóm einbýli.

Þær tillögur sem nú liggja fyrir um byggingar við Hringbraut eru að byggðar séu 60-70 þúsund fermetra byggingar þar. Kostnaður er sjálfsagt helmingi meiri en byggingin sem leysir mál bygginganna í Fossvogi. Í þessu sambandi erum við að tala um nokkra tugi milljarða, þ.e. hvort okkur dugi ein Hörpubygging eða hvort við þurfum tvær. Ástandið í þjóðfélaginu er þannig að við verðum að koma okkur ofan úr skýjunum og niður á jörðina.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík SÍMI: 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Atli Fannar Bjarkason (dægurmál) *atlifannar@frettabladid.is*
HELGAREFNI: Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* MENNING: Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* FÓLK OG SÉRBLÖÐ: Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
ÍÞRÓTTIR: Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* LJÓSMYNDIR: Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Fiskveiðifrumvörpin eru andstæð þjóðarhagsmunum

Sjávarútvegsmál

Einar Kristinn Guðfinnsson
alþingismaður



Svo ótrúlegt sem það er, þá er það engu að síður staðreynd, að verði frumvörp ríkisstjórnarinnar um breytingu á fiskveiðistjórnun að lögum, mun það hafa í för með sér stórfelld gjaldþrot og töp fjármálafyrirtækja upp á marga milljarðatugi. Það hlýtur að teljast einsdæmi að ríkisstjórn leggi fram tillögur að breytingum á starfsumhverfi helstu atvinnugreinar eins lands, sem leiðir til stórfelldra gjaldþrota. Ábyrg stjórnvöld í lýðræðisríkjum líta fremur á það sem hlutverk sitt að skapa atvinnulífinu góð rekstrarskilyrði. Á Íslandi höfum við stjórnvöld sem leggja fram tillögur sem leiða til hins gagnstæða og valda fullkomnu uppnámi í grundvallaratvinnuvegi þjóðarinnar. Verði þessi frumvörp að lögum kalla þau fram gjaldþrot í stórum stíl, sem ella yrðu ekki. Er það ekki grafalvarlegt mál?

Það er því fráleitt eins og haldið hefur verið fram að þessi frumvörp séu tilraun til þess að leiða fram sátt. Þau leiða til hins gagnstæða.

Það sem liggur fyrir er meðal annars þetta:

- Verði frumvörpin samþykkt, liggur fyrir að um helminugur stærstu sjávarútvegsfyrirtækjanna mun ekki ráða við skuldbindingar sínar.
- 75% krókaaflamarksútgerðanna (minni bátarnir) samkvæmt úrtaki sérfræðinga komast í greiðsluþrot.
- Afleiðingar þessa verða síðan stórfelld gjaldþrot þjónustuaðila þessara fyrirtækja um land allt.
- Sjávarbyggðir og sveitarfélög sem háð eru sjávarútvegi verða fyrir óbætanlegu tjóni. Veldur mikilli röskun byggðar.
- Virðisrýrnun í sjávarútvegi mun nema hundruðum milljarða króna, sem leiðir síðan til verri viðskiptakjara, hærri fjármagnskostnaðar og er afleiðing af verri rekstri fyrirtækja sem frumvörpin munu hafa í för með sér, verði þau samþykkt
- Afskriftir banka og fjármálafyrirtækja munu væntanlega aukast um að minnsta kosti 50 milljarða, vegna áhrifa lagasetningar þeirrar sem er áformuð. Það leiðir til minna svigrúms til annarra skuldaleiðréttinga, hærri vaxtakostnaðar alls almennings, lakari innlánskjara og stórtjóns ríkissjóðs, vegna eignaraðildar ríkisins að fjármálafyrirtækjum.
- Rökstutt hefur verið að frumvörpin stangist á við stjórnarskrána í veigamiklum atriðum.
- Sú aðferð sem frumvörpin boða, mun stuðla að lakari umgengni um fiskimiðin og þar með sóun á fiskveiðiauðlindinni.
- Heildarafrakstur þjóðarinnar og þar með sveitarfélaga og ríkisins af sjávarútveginum mun minnka, þrátt fyrir stórhækkaða gjaldtöku.

Það er því mikið í húfi að horfið verði af þessari ólánsbraut.

# Að varðveita sögu allra

Fjölmenning

Svanhildur Bogadóttir
borgarskjalavörður



Á síðustu áratugum hafa orðið miklar breytingar á íslensku þjóðfélagi og það hefur orðið á margan hátt litríkara, umburðarlyndara og fjölbreyttara. Það er ekki síst að þakka þeim fjölda fólks sem hefur flust til Íslands frá öðrum löndum og auðgað mannlíf okkar og menningu. Íslendingum af erlendum uppruna hefur á þessum tíma fjölgað, áhrif þeirra hafa aukist og þeir verða sífellt mikilvægari hluti af sögu og menningu Íslands. Þeir hafa komið sem einstaklingar eða í hópnum, fest rætur og byggt líf sitt upp hér. Fortíð þeirra og ástæður komu er mismunandi en þeir hafa tekið með sér sína menningu og reynslu sem blandast smátt og smátt saman við heim okkar sem fyrir vorum. Saga þeirra er orðin samofin sögu Íslands.

Því miður hefur ekki mikið varðveist í skjölum af heimildum um fólk sem hefur flust til Íslands frá öðrum löndum, fortíð þeirra, líðan eftir að þeir komu til landsins og hvernig þeim gekk að aðlagast íslenskum aðstæðum. Borgarskjalasafn Reykjavíkur og héraðsskjalasöfn um land allt taka við skjalasöfnum einstaklinga og hafa einungis örfá skjalasöfn Íslendinga af erlendum uppruna ratað inn til þeirra. Mikilvægt er að saga þeirra sé skráð og varðveitt til þess að við skiljum betur aðstæður þeirra og fortíð en ekki síður að varðveittar séu heimildir um líf þeirra eftir komuna til Íslands. Við þurfum að hafa heimildir fyrir framtíðina til að geta kafað dýpra en einungis að hafa svör við spurningunni sígildu „How do you like Iceland?“

Borgarskjalasafn Reykjavíkur hefur áhuga á að varðveita þessa sögu með því að fá skjöl fólks af erlendum uppruna til varðveislu. Bæði getur verið um að ræða skjöl

> Þeir sem eiga eða vita um áhugaverð skjöl, eru hvattir til að hafa samband við starfsmenn Borgarskjalasafns og kanna hvort það vilji fá skjölin til varðveislu.

einstaklinga, fjölskyldna þeirra og ekki síður félaga innflytjenda. Skjölin sem afhent eru geta verið allt frá einu bréfi eða ljósmynd til stærri safna og bæði frá árunum áður en flutt var til Íslands sem og frá tímanum eftir komu til landsins. Þau verða skráð og varðveitt í skjalageymslu safnsins gefanda að kostnaðarlausu. Hægt er að setja takmarkanir á aðgang, til dæmis þannig að enginn megi skoða þau í ákveðinn tíma án leyfis viðkomandi.

Þjóðerni, atvinna eða aldur skiptir ekki máli og heldur ekki á hvaða tungumáli skjölin eru. Skjöl eru til dæmis handskrifuð bréf, útprentun á tölvubréfum, dagbækur, póstkort, tækifæriskort, heimilisbókhald, ljósmyndir og aðrar heimildir um líf einstaklinga. Sömuleiðis væri fróðlegt að fá sendar frásagnir, á hvaða formi sem er, af því hvernig er að setjast að á Íslandi og sögur af bakgrunni innflytjenda. Hægt er að senda þær merktar eða nafnlaust til safnsins.

Skjöl Reykvíkinga af erlendum uppruna eru mikilvæg til að hægt sé að skrá og varðveita sögu þeirra, sem einstaklinga og hóps, fyrir framtíðina. Það væri mikill missir ef saga þeirra glataðist. Skjölin verða varðveitt fyrir komandi kynslóðir til fræðslu, rannsókna og upplýsingar. Þeir sem eiga eða vita um áhugaverð skjöl, eru hvattir til að hafa samband við starfsmenn Borgarskjalasafns og kanna hvort það vilji fá skjölin til varðveislu. Utan Reykjavíkur taka héraðsskjalasöfn á hverju svæði skjöl til varðveislu.

Til að fá nánari upplýsingar hafið samband í síma 4116060, sendið póst á netfangið borgarskjalasafn@reykjavik.is eða komið á safnið frá mánudegi til föstudags milli kl. 10 og 16 í Tryggvagötu 15, 3. hæð, Reykjavík. Safnið getur útvegað túlkaþjónustu ef þess er óskað.

# Til borgarfulltrúa Besta flokksins

Skipulagsmál

Davíð Roach Gunnarsson
nemi og tónlistarunnandi



Kæru borgarfulltrúar Besta flokksins. Þið buðuð ykkur fram undir því yfirskyni að gera Reykjavík að skemmtilegri borg. Í byrjun þessa árs kom fram að til stæði að rífa skemmtistaðinn Nasa og byggja enn eitt risahótelið við einn ástsælasta samkomustað Reykvíkinga, Austurvöll. Þessi áætlun kom fyrst fram fyrir þremur árum síðan en komið var í veg fyrir það þá vegna mikilla mótmæla, m.a. frá tónlistarmönnum. Þegar þessi áætlun var sett fram aftur í byrjun árs vakti það hjá mér ugg í brjósti, en síðan róaðist ég aðeins þegar ég mundi hverjir sætu í borgarstjórn.

Mér datt ekki í hug að maður eins og Einar Örn Benidiktsson, sem ég hef séð rokka pakkfullan Nasa með Ghostigital þar sem svitinn lak af súlunum, myndi láta þetta óáreitt. Ég hugsaði með mér að Óttar Proppé, sem hefur komið fram þar ótal sinnum með Ham, Dr. Spock, Rassi og Diskóeyjunni, hlyti að gera sér grein fyrir mikilvægi staðarins fyrir íslenskt tónlistarlíf. Kalli baggalútur hefur einnig verið fastagestur á sviðinu í þessum frábæra og fallega tónleikasal. Ef Besti flokkurinn hefði ekki verið í borgarstjórn hefði ég ekki beðið þetta lengi með að stinga niður penna. En enginn af ykkur hefur hins vegar staðið undir væntingum mínum og lyft litla fingri, hvað þá hendi, til að koma í veg fyrir þetta niðurrif á tónleikamenningu landsins.

Harpan er frábært tónleikahús en er engan veginn sambærileg við Nasa, hvorki þegar kemur að svitamettaðri rokk- og klúbbastemningu eða verði á leigu fyrir íslenska tónlistarmenn sem seint verða taldir ofaldir. Þetta ættuð þið að vita.

Ég hef ekki nógu mikla þekkingu á lögum og reglum um deiliskipulag til að geta rætt það í þaula, en ef hægt var að koma í veg fyrir þessi áform fyrir þremur árum þá er það hægt núna. Hins vegar hef ég nógu sterkan siðferðisáttavita til að gera mér grein fyrir því að það sé í hæsta máta óeðlilegt að eigandi lóðarinnar fjármagni samkeppni og sitji jafnframt í dómnefnd sem á að ákvarða skipulag svæðisins. Þar mætast pólitíkin og verktakaveldið opinberlega í innilegu faðmlagi og er það til skammar. Þetta er sérstaklega ámælisvert þegar um er að ræða eina elstu og fallegustu byggð borgarinnar sem ætti að vera stjórnað eftir lögmálum fagurfræði og hagsmunum almennings, ekki verktaka.

Þið sögðust ætla að gera Reykjavík að skemmtilegri borg. Hvað er skemmtilegt við risahótel sem gnæfir yfir Austurvelli? Hvernig getur það gert borgina skemmtilegri að loka einum vinsælasta tónleika- og samkomustað hennar og um leið skera í burtu hryggjarstykkið í Iceland Airwaves-hátíðinni? Fólk eins og ég kaus ykkur m.a. til að standa í vegi fyrir því að kúltúrlausir blýantsnagarar leyfi verktakaveldinu að valta yfir menningarverðmæti.

Páll Óskar sagðist mundu hlekkja sig við vinnuvélarnar þegar þær mæta í niðurrifið. Það er mín innlæga von að þið stoppið þetta ferli áður en komið er á það stig. Að öðrum kosti þarf ég að verða mér úti um keðjur.


Kaldársel 2012

Sumarbúðirnar í Kaldárseli eru í hrauninu skammt ofan við Hafnarfjörð. Þar er fjöldi hella og ævintýralegra staða sem gaman er að skoða. Í Kaldárseli er skemmtilegt útivistar- og leiksvæði, meðal annars í hrauninu við skálann. Fjölbreytt dagskrá er í boði allan daginn.



Stelpuflokkur



Strákaflokkur

Hvað er í boði í Kaldárseli?

- Hellaferðir
- Kofasmíði
- Gönguferðir
- Kvöldvökur
- Föndur
- Útileikir
- Leikrit
- Kassabílar
- Furðuleikar
- Fótbolti
- Leikir í íþróttahúsi
- Ævintýraferð í Valaból



Leikjanámskeið



Ævintýraflokkur

Ævintýraflokkur fyrir 10–13 ára börn. Meðal dagskrárliða er gönguferð í Valaból og sofið í helli (valfrjálst). Sykurpúðar grillaðir við varðeld, ævintýraleikur, næturganga á Helgafell, fjársjóðsleit, vatnsslagur í Kaldánni, kósíkvöld og hæfileikasýning.



Prakkaraflokkur

Prakkaraflokkur fyrir 8-11 ára. Mikil gleði, hlátur, hasar og umfram allt kátir krakkar.

FLOKKASKRÁ

Prakkaraflokkur ■ Leikjanámskeið ■ Ævintýraflokkur ■

| Stelpur í stuði | Strákar | Stelpur | Bæði kyn | Bæði kyn | Bæði kyn |
|---|---|---|---|---|---|
| 1. flokkur | 2. flokkur | 3. flokkur | 4. flokkur | 5. flokkur | 6. flokkur |
| 8.-12. júní | 13.-17. júní | 18.-22. júní | 25.-29. júní | 2.-6. júlí | 9.-13. júlí |
| 5 dagar | 5 dagar | 5 dagar | 5 dagar | 5 dagar | 5 dagar |
| 9-11 ára (2001-2003) | 8-10 ára (2002-2004) | 8-10 ára (2002-2004) | 8-11 ára (2001-2004) | 6-9 ára (2003-2006) | 10-13 ára (1999-2002) |
| 29.900 kr. | 29.900 kr. | 29.900 kr. | 29.900 kr. | 23.000 kr. | 29.900 kr. |

Stelpur í stuði er ætlað stelpum með ADHD; ofvirkni, athyglisbrest og skyldar raskanir.

Rútugjald er innifalið í verði.

KALDÁRSEL fyrir káta krakka

www.kfum.is

KFUM KFUK

# Á stjórnarandstaðan bara að halda kjafti og vera sæt?

Stjórnmál



Gunnar Bragi Sveinsson
alþingismaður

Sigríður Ingibjörg Ingadóttir skrifaði grein á dögunum þar sem hún kennir stjórnarandstöðunni um allt sem aflaga fer á Alþingi. En sjaldan veldur einn þá tveir deila. Staðreyndin er sú að dagskrá Alþingis er á valdi ríkisstjórnarinnar í krafti meirihlutans og embættis forseta Alþingis. Það er ekki við stjórnarandstöðuna að sakast þegar ríkisstjórnin velur að keyra tæplega 60 mál inn í þingið á síðasta degi. Ríkisstjórninni er fullljóst að slík vinnubrögð munu alltaf leiða til vandamála og árekstra vegna tímaskorts við afgreiðslu mála.

### Vinnubrögðin eru á ábyrgð ríkisstjórnarinnar

Og hvað leiðir þessi lélega verkstjórn af sér? Stjórnarflokkarnir keyra áfram sína átakapólitík og neita að ræða við stjórnarandstöðuna um lyktir þingmála. Sumum finnst að stjórnarandstaðan eigi að sitja prúð og stillt í stað þess að reyna að breyta málum eða stöðva mál sem er skaðleg samfélaginu. Svo virðist sem það sé einmitt eini skilningur forsætisráðherra á orðunum „samráð“ og „samvinna“.

Ríkisstjórnarflokkarnir hafa allt samráð að engu og í raun vilja það ekki. Þegar þing hófst 1. október 2011 lá fjöldi þingdaga fyrir. Þá lá líka fyrir að 30. apríl 2012 væri síðasti dagur til að mál geti mögulega komið á dagskrá Alþingis. Í stað þess að nýta alla starfsmánuði Alþingis til að afgreiða mál ríkisstjórnarinnar settu stjórnarflokkarnir líklega nýtt met í sofandahætti í ár, þar sem þeir lögðu nærri 60 þingmál inn í þingið á síðasta degi. Þá voru eftir þrettán þingfundadagar. Þessi 60 mál bættust við öll önnur sem þegar lágu óafgreidd í þinginu.

Meðal mála sem komu fram á lokafresti voru stór og umdeild mál eins og sjávarútvegsfrumvörp, rammaáætlun um orkunýtingu, breytingar á stjórnarráði svo eitthvað sé nefnt. Með sína átakapólitík að vopni vilja stjórnarflokkarnir nú keyra öll þessi stóru mál, auk tuga annarra mála, í gegnum þingið á þessum síðustu dögum sem eftir eru. (Þegar þetta er skrifað lifa átta fundadagar af starfsáætlun þingsins). Þrátt fyrir það setja flokkarnir mjög umdeilt mál á dagskrá á undan óumdeildari málum sem þá læsast inni.

### Er það heilbrigt lýðræði?

Á stjórnarandstaðan að hleypa öllum málum ríkisstjórnarinnar í gegn án umræðu? Nei, hlutverk stjórnarandstöðunnar er að veita meirihlutanum aðhald. Það er grunnatriði í lýðræðislegri stjórnskipan. Stjórnarandstaðan hefur óskað eftir því að minna umdeild mál verði rædd fyrst svo þau komist til nefnda Alþingis. Því hafnar stjórnarmeirihlutinn. Stjórnarandstaðan hefur boðið að öll mál er snúa að bættum hag heimilanna fái forgang. Því hafnar stjórnarmeirihlutinn, vill bara átakamálin á dagskrá. Er það forsvaranlegt að þingmönnum stjórnarandstöðunnar sé stillt upp við vegg af ríkisstjórnarflokkunum með þeim hætti að stjórnarflokkarnir taka í gíslingu málefni heimilanna og framsókn í atvinnumálum til að keyra yfir stjórnarandstöðuna, án umræðu, mál sem hún hefur aðrar skoðanir á?

> Það getur ekki verið sök stjórnarandstöðunnar að málefni stjórnarflokkanna koma seint fram og illa unnin. Verkstjórnin og vinnubrögðin eru á ábyrgð ...

Vilja Íslendingar að átakastjórnmál gamalla tíma sem stjórnarflokkarnir stunda verði áfram við líði? Það getur ekki verið sök stjórnarandstöðunnar að málefni stjórnarflokkanna koma seint fram og illa unnin. Verkstjórnin og vinnubrögðin eru á ábyrgð forsætisráðherra og ríkisstjórnarinnar.

Festingavörur
á frábæru verði!



A4 og A2 ryðfríar skrúfur. Mikið úrval
Chemfix teinalím 345 ml
2.195,-
GAH þýskir byggingarvinklar. Mikið úrval
Deka festifrauð 750 ml
985 kr.
Klettháls Reykjavík
Reykjanesbæ
Akureyri
Húsavík
Vestmannaeyjum
Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN
MÚRBÚÐIN
– Afslátt eða gott verð?
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

# Um „leppshlutverk“ forsetans

Forsetaembættið



Skúli Magnússon
dósent við lagadeild HÍ

Eitt af markmiðum stjórnlagaráðs við gerð tillögu um nýja stjórnarskrá var að afnema „leppshlutverk forseta“ og haga texta stjórnarskrárinnar á þá leið að hann endurspegli raunverulegar heimildir hans. Með þessu er vísað til þess að II. kafli núgildandi stjórnarskrár veiti forseta ýmsar heimildir sem ráðherrar fari með í reynd, t.d. til framlagningar lagafrumvarpa fyrir Alþingi, samninga við önnur ríki og útgáfu bráðabirgðalaga. Skv. tillögu stjórnlagaráðs mun ráðherra og/eða ríkisstjórn þannig hafa þessar heimildir án þess að atbeina forseta þurfi til.

Flest ákvæði stjórnarskrárinnar um forsetann eru sniðin að þeirri stjórnskipun sem tekin var upp í Danmörku við afnám einveldis árið 1849. Þrátt fyrir afnám einveldis fór konungur áfram með mikilvægar heimildir líkt og II. kafli stjórnarskrárinnar endurspeglar enn í dag. Í þeirri „þingbundnu konungsstjórn“ sem tekin var upp fólst hins vegar sú grunnmálamiðlun milli konungsvalds og hinna frjálslyndu afla að konungur gat eingöngu framkvæmt vald sitt með atbeina ráðherra. Ráðherrarnir gátu hins vegar þurft að standa þinginu reikningsskap með ýmsum hætti (t.d. með því að svara spurningum þingmanna). Einnig gat þingið ákært ráðherra fyrir brot í starfi líkt og enn er kveðið á um í íslensku stjórnarskránni. Í samræmi við þetta þurfti til staðfestingar mikilvægra stjórnarathafna bæði undirskrift „friðheilags“ konungs og ráðherra sem bar lagalega ábyrgð á stjórnarathöfnum. Þessa grunnreglu er nú að finna í 19. gr. íslensku stjórnarskrárinnar og er eitt þeirra ákvæða sem stjórnlagaráð telur úrelt.

Með tilkomu þingræðis í upphafi 20. aldar missti konungur endanlega pólitísk tök sín á ráðherrum. Ráðherrar urðu nú að njóta stuðnings (eða hlutleysis) þingsins og störfuðu því í reynd ekki lengur í umboði konungs heldur á vegum þingsins. Þótt atbeina konungs þyrfti áfram til flestra stjórnarathafna (þ.á m. staðfestingar laga) varð framkvæmdin að lokum sú að konungur beitti ekki völdum sínum í raun. Þeirri skoðun óx fylgi að völd konungs væru einungis formlegs eðlis, ekki aðeins frá pólitísku sjónarhorni heldur einnig lagalegu. Á þessum stjórnskipulega grunni, sem í mikilvægum atriðum byggði á ólögfestum venjum, var lýðveldið Ísland stofnað.

> Samkvæmt gildandi stjórnskipun felast raunveruleg völd forsetans fyrst og fremst í synjunarvaldi svo og aðkomu að ríkisstjórnarmyndun.

Þótt þjóðhöfðingi hins nýstofnaða lýðveldis – forsetinn – væri í flestum atriðum látinn ganga inn í stjórnskipulegt hlutverk konungs var þó róttækt nýmæli að finna í 26. gr. stjórnarskrár. þar sem forseta var fengin sjálfstæð heimild til að synja lögum staðfestingar og vísa þeim til þjóðaratkvæðagreiðslu. Aðra breytingu var að finna í 11. gr. stjórnarskrár þar sem Alþingi var veitt heimild til að krefjast þess með 3/4 hluta atkvæða að forseti yrði leystur frá embætti með þjóðaratkvæðagreiðslu. Veigamesta breytingin, a.m.k. frá pólitísku sjónarhorni, fólst þó í því að forsetinn var kjörinn í almennri kosningu og naut þannig lýðræðislegs umboðs til jafns við þingið. Þótt pólitísk staða forsetans væri með þessu gjörólík stöðu konungs lét stjórnarskrárgjafinn ósagt um áhrif á raunverulegar valdheimildir hans og hlutverk. Aðeins tíminn gat því leitt í ljós hvernig forsetavaldinu yrði beitt og hvernig pólitískt hlutverk forsetans myndi þróast innan þessara stjórnskipulegu marka.

Samkvæmt gildandi stjórnskipun felast raunveruleg völd forsetans fyrst og fremst í synjunarvaldi svo og aðkomu að ríkisstjórnarmyndun. Hinu má þó ekki gleyma að „formlega“ aðkomu forseta þarf að flestum meiriháttar ákvörðunum ríkisins. Þótt sú venja sé viðtekin að forseti taki ekki afstöðu til málefna sem ráðherra ber undir hann til undirritunar (sbr. „leppshlutverk“ forseta) verður forseti ekki neyddur til undirritunar. Þessi aðstaða gefur tilefni til ýmissa álitamála, bæði að því er snertir raunverulegar heimildir forseta, t.d. við tilteknar afbrigðilegar aðstæður sem upp kunna að koma, svo og afleiðingar mögulegrar synjunar. Undir það verður að taka að eðlilegt er að stjórnskipunin sé skýrð um raunverulegar heimildir forseta að þessu leyti svo og lagalega ábyrgð. Sú breyting að afnema „leppshlutverk“ forseta hefur hins vegar í för með sér efnislega breytingu á stjórnskipuninni sem verður að vega og meta sem slíka.

# Skyldan til að tala saman

Sjávarútvegsmál



Guðmundur Kristjánsson
forstjóri sjávarútvegsfyrirtæksins Brims hf.

Síðustu misseri hef ég lesið margar greinar og hlustað á ljósvakamiðla og játa að mig setur hljóðan. Þekkingarleysið og lýðskrumið er ótrúlegt hjá mörgu áhrifafólki gagnvart íslenskum sjávarútvegi. Mjög oft er skautað framhjá staðreyndum og blekkingarleikurinn stundaður af kappi. Slíkan leik má stunda í leikhúsum og tölvum en er öllu alvarlegri þegar um undirstöðuatvinnuveg þjóðar er teflt.

Nýtt frumvarp um stjórn fiskveiða sem ríkisstjórnin er búin að leggja fram á Alþingi og búið er að taka til fyrstu umræðu er komið til atvinnuveganefndar. Nefndin fær óháða fræðimenn úr Háskóla Íslands til að taka frumvarpið út og þeir gefa því falleinkunn. Segja skýrum orðum að lífskjör hér á landi muni versna verði þetta frumvarp að lögum.

Forsætisráðherra segir í grein að hún og hennar ríkisstjórn ætli að fjölga störfum hér á landi á næstu misserum. Á sama tíma ætlar hún að standa fyrir gríðarlegri eyðileggingu á grunnatvinnuvegi þjóðarinnar og hunsa sjónarmið ólíkra fagaðila sem vara við þessu voðaverki sem frumvarpið er. Hún hæðist að okkur öllum sem störfum við sjávarútveg og gildir einu þó við getum sýnt fram á góðan rekstur. Ég er ekki að tala um útvegsmenn eina, heldur alla sem tengjast greininni, þjónustuaðilar, tæknifólk, bankafólk, íslenskir fræðimenn og fleiri og fleiri.

Hvernig var staðan í íslenskum sjávarútvegi þegar forsætisráðherra byrjaði á þingi fyrir rúmum 30 árum? Það var allt á hausnum, meðal annars vegna mikilla pólitískra afskipta stjórnmálamanna af atvinnulífinu á Íslandi á þeim tíma. Síðan var sett á skynsamlegt fiskveiðistjórnarkerfi árið 1984. Sjávarútvegurinn og allir sem tengjast honum fara að vinna út frá þessu kerfi og svo 30 árum seinna er greinin orðin ein sú besta í heiminum. Ekki bara í að veiða og vinna fisk, heldur hafa hér líka komið fram frábær tæknifyrirtæki og útflutningsfyrirtæki sem selja vöru sína og þjónustu um allan heim. Auk þess eru sjómenn okkar orðnir meðal tekjuhæstu einstaklinga í samfélaginu. Sjávarútvegsfyrirtækin eru rekin með hagnaði og það er mikið af faglegu og vel menntuðu fólki í fyrirtækjunum.

Það sem virðist hafa gleymst í umræðunni árið 1984 er hvað gerum við ef vel gengur næstu áratugi í sjávarútvegi. Eigum við þá að fara til baka eins og núverandi stjórnvöld eru að leggja til í nafni heilagrar réttlætiskenndar? Finnst einhverjum það virkilega skynsamlegt?

Árið 1984 var offjárfesting í veiðum og vinnslu. Skipin voru of mörg um of lítinn afla. Fiskistofnarnir við Ísland þoldu ekki þessa miklu sókn. Það voru ekki bara vísindamenn sem vildu minnka veiðina, það voru íslenskir útvegsmenn sem fóru í forystu um að minnka veiðina til að fiskistofnar hér við land yrðu ekki ofveiddir eins og þeir voru búnir að sjá gerast hjá nágrannaþjóðum. En þessum árangri hér á landi hefur ekki verið náð þrautalaust. Hér urðu bæði fyrirtæki og sjávarpláss undir í þessum mikla niðurskurði á aflaheimildum sem óhjákvæmilega varð að gerast ef átti að búa til arð út úr greininni. Þjóðin ákvað sjálf að setja lög um stjórn fiskveiða árið 1984 og lögin um framsal árið 1990 til að auka verðmæti greinarinnar. Nú ber svo við að útgerðinni er kennt um allt bæði að sjávarpláss hafi orðið undir og ekki síður að sjávarútvegur sé orðinn of verðmætur. Engu er líkara en að þessi verðmæti séu þjóðarskömm en ekki þjóðarstolt.

Sterkur sjávarútvegur getur skipt sköpum einmitt nú þegar erfiðleikar steðja að þjóðarbúinu. Ef stjórnvöld vilja raunverulega að sjávarútvegur leggi meira til samfélagsins þá er það lýðræðisleg skylda þeirra að setjast niður með fulltrúum greinarinnar og fara yfir hvernig greinin getur lagt meira til samfélagsins en nú er gert, að mati stjórnvalda. Eins og er haga stjórnvöld sér eins og krakkakjánar. Undirritaður átti fund með forsætisráðherra fyrir nokkrum árum og þá vissi hún og hennar ráðgjafar eiginlega ekkert um greinina. Ég efast um að forsætisráðherra eða hennar ráðgjafar hafi farið um borð í íslenskt fiskiskip eða fiskvinnslu síðasta áratuginn. Hvað þá að þau þekki mun á þorski og makríl, okkar helstu nytjategundum í dag. Þetta er ekki boðlegt íslenskri þjóð.

Allir þeir fjölmörgu aðilar sem hafa lesið og rýnt í þetta frumvarp ríkisstjórnar og sjávarútvegsráðherra eru á einu máli um að frumvarpið sé mikill skaðvaldur fyrir íslenska þjóð. Samt ætla stjórnvöld að hunsa sína eigin þegna á þeim forsendum að þeir séu í aumkunarverðri hagsmunagæslu. Er þá íslensk pólitík rétt eina ferðina enn á valdi tækifærismennskunnar. Þegnar landsins mega sem sagt ekki nýta sinn lýðræðislega rétt til að fræða þjóðina öðruvísi en að hljóta háð og spott forsætisráðherra og sjávarútvegsráðherra.

Ég skora hér með á forystumenn ríkisstjórnarinnar að koma úr felum og setjast niður með forystumönnum sjávarútvegsins og ræða þessi mál án sleggjudóma í garð fólks í sjávarútvegi sem rekur fyrirtækin vel.


THE NORTH FACE
ÚTILÍF
FYRIR ÆVINTÝRI SUMARSINS
Í GÖNGUFERÐUM OG ÚTIVIST Á ÍSLANDI SKIPTIR MESTU AÐ BÚA SIG VEL.
THE NORTH FACE ER STÆRSTA ÚTIVISTARMERKI HEIMS.
VERÐ FRÁ: 22.990 KR.
TNF BASE CAMP DUFFEL LEIÐANGURSPOKAR
Sterkir og traustir.
Stærðir M - L – XL.
VERÐ: 18.990 KR.
TNF RECON DAGPOKI
Með þægilegu baki.
Vel innréttaður!
Í skólann og á fjöllin.
TILBOÐ: 23.992 KR.
TNF APEX TREKKING GÖNGUBUXUR
Vinsælustu göngu- og fjallabuxurnar.
Fást bæði á dömur og herra.
Almennt verð: 29.990 kr.
VERÐ: 17.990 KR.
TNF TREKKER CONV. GÖNGUBUXUR
Hægt að renna skálmum af.
Fljótþornandi, létt stretch-efni.
Fást bæði á dömur og herra.
TILBOÐ: 7.990 KR.
TNF GLACIER FLÍSPEYSUR
Fást bæði á dömur og herra.
Ýmsir litir.
Almennt verð: 9.990 kr.
VERÐ FRÁ: 11.990 KR.
TNF SKYRTUR
Flottar og vinsælar.
Fást bæði á dömur og herra.
Ýmsir litir.
VERÐ: 69.990 KR.
TNF ALPINE PROJECT 3 LAGA GTX TOP JAKKI
Í fjallaferðir og útivist.
„Active Shell“ vatnsvörn og útöndun.
Bæði til á dömur og herra.
TILBOÐ: 21.592 KR.
TNF HEDGEHOG GTX III
Léttir, öflugir og þægilegir.
GTX-vatnsvörn og vibram-sóli.
Fást bæði á dömur og herra.
Almennt verð: 26.990
VERÐ: 44.990 KR.
TNF VERBERA BACK-PACKER GÖNGUSKÓR
Öflugir með GTX-vatnsvörn.
Vibram-sóli, góður stuðningur.
Fást bæði á dömur og herra.
TILBOÐ: 52.792 KR.
TNF BLUE KAZOO DÚNSVEFNPOKI
„650+fill“ gæsadúnn.
Þyngd: 1.140 g Þolmörk: -9°C
Almennt verð 65.990 kr.
NÁÐU ÁRANGRI. ÚTILÍF – HOLTAGÖRÐUM. GLÆSIBÆ. KRINGLUNNI. SMÁRALIND. WWW.UTILIF.IS

# Vísindagreinar á mannamáli

Vísindi

Pétur Berg Matthíasson

í stjórn félags stjórnmálafræðinga



Þó nokkur umfjöllun hefur átt sér stað í fjölmiðlum og í fræðasamfélaginu eftir að Magnús Karl Magnússon, prófessor við læknadeild HÍ, tók saman hve margar greinar eftir íslenska vísindamenn hafa birst í virtum erlendum tímaritum undanfarin ár og áratugi. Hann komst að því að greinum eftir íslenska vísindamenn hafði fjölgað jafnt og þétt undanfarna tvo áratugi og verið 1.049 árið 2010. Þeim hafi síðan fækkað um 13% árið 2011 og verið þá um 900. Fram kemur í skýrslu Rannís um rannsóknir og þróun árið 2011 að Íslendingar hafa sýnt mesta hlutfallslega aukningu í birtingu á greinum í ritrýndum fagritum frá 1984 til 2008 sé tekið mið af frammistöðu annarra norrænna ríkja.

Að mati Magnúsar má skýringuna finna í kreppunni sem lýsi sér í minnkuðum framlögum til samkeppnissjóðanna sem er ein aðal fjárveitingarleið þeirra vísindamanna sem vinna á alþjóðlegum grunni (háskólar sjálfir eru á fjárlögum og fjármagna rannsóknir með og án aðkomu samkeppnissjóðanna). Það er margt til í þessu en framlag ríkisins til rannsókna og þróunar í fjárlögum var um 17,4 milljarðar króna árið 2010 og 15,3 milljarðar króna árið 2011 á verðlagi 2010. Háskólar taka við um 40% af því fé og opinberar stofnanir um 30%. Samkvæmt tölum frá OECD hefur Ísland verið að standa sig ágætlega þegar kemur að útgjöldum til rannsókna og þróunar. Ísland var t.a.m. í 5. sæti af ríkjum OECD þegar kemur að útgjöldum til rannsókna og þróunar árið 2009 í hlutfalli við verga landsframleiðslu.

**Aðgengi að vísindagreinum**

Þegar almenningur sér þessar upphæðir er ekki ósennilegt að hann staldri við. Um er að ræða mjög háar fjárhæðir af fjármunum skattborgara og því mikilvægt að upplýsingar og gögn um þessar rannsóknir sem verið er að fjármagna séu aðgengilegar. Á hinum síðari árum hafa orðið ýmsar breytingar í þessum efnum og meiri kröfur gerðar til vísindamanna um að afrakstur rannsókna sé birtur í opnum aðgangi. Mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur gefið slík tilmæli til háskóla, rannsóknasjóða, sem og Rannís.

Ítök alþjóðlegra vísindatímarita hafa lengi verið sterk en þau bestu fá fremstu fræðimennina á sínu sviði til að skrifa ókeypis greinar um merkilegar rannsóknir sem fjármagnaðar eru af sjóðum, háskólum, einkaaðilum o.fl. Síðan þurfa háskólarnir, þar sem þessir fræðimenn starfa, að greiða háar fjárhæðir þessum vísindatímaritum fyrir áskrift að greinum sem fræðimennirnir sem starfa hjá háskólanum hafa skrifað. Þetta er mjög sérstakt fyrirkomulag en ýmislegt er að þokast í rétta átt í þessum efnum.

Berlínaryfirlýsingin sem Vísinda- og tækniráð skrifaði undir árið 2010 er sáttmáli um opinn aðgang með það markmið að hvetja vísindamenn til að birta rannsóknir sínar í opnum aðgangi. Frá samþykkt yfirlýsingarinnar árið 2003 hafa 375 aðilar, þ.m.t. ríkisstjórnir, háskólar, rannsóknastofnanir, bókasöfn og fagfélög, undirritað yfirlýsinguna. Með henni er m.a. verið að hvetja til varðveislu vísindarita í varðveislusöfnum og að þau verði opin almenningi án endurgjalds. Jafnframt er mælst til þess að vísindastyrkþegar noti hluta af rannsóknarfé sínu til að gefa út niðurstöður rannsókna í rafrænum opnum vísindaritum.

**Vísindarannsóknir fyrir hverja?**

Almennt eru vísindagreinar ekki skrifaðar fyrir almenning heldur fyrir kollega starfandi á sambærilegum sviðum og vísindamaðurinn sjálfur sem skrifaði greinina. Oft getur verið erfitt fyrir einstakling sem ekki er menntaður í faginu að skilja hvað átt er við og sjaldnast verður það einfaldara á ensku þar sem íðorðaforði fræðigreinarinnar getur verið mjög torskilinn. Í sumum íslenskum fræðiritum má hins vegar finna greinar sem almenningur getur bæði lesið og skilið en slíkt er mjög mikilvægt. Vísindamenn og fjölmiðlar hafa í gegnum tíðina vanrækt að gera niðurstöður vísindarannsókna skiljanlegar og aðgengilegar fyrir almenning. Stöku sinnum fá fjölmiðlarnir áhuga á niðurstöðum rannsókna og er það þá oft í tengslum við mál eins og einelti í skólum, neyslu unglinga á áfengi, afbrot o.s.frv. Þetta er hins vegar bara brot af því sem er að gerast. Sjaldnast er verið að fjalla um niðurstöður í vísindagreinum heldur niðurstöður úr viðhorfskönnunum sem í fæstum tilfellum enda í vísindagreinum. Aðeins er verið að taka út einhverja stöðu á tilteknum tíma og ræða.

> Mikilvægt er að vísindamenn geri betur grein fyrir niðurstöðum rannsókna sinna á mannamáli, sérstaklega þeir sem þiggja opinbert fé til að fjármagna þær.

Mikilvægt er að vísindamenn geri betur grein fyrir niðurstöðum rannsókna sinna á mannamáli, sérstaklega þeir sem þiggja opinbert fé til að fjármagna þær. Hægt er að gera þetta með ýmsum hætti, s.s. á vefsíðum, með bloggi, greinum í blöðum o.s.frv. Svo er aldrei að vita nema fréttastofur ljósvakamiðlanna fjalli um þær. Í raun er vert að spyrja af hverju ekki sé fjallað með markvissari hætti um íslenskar vísindarannsóknir í fjölmiðlum. Það ætti ekki að vera erfitt að réttlæta mun umfangsmeiri umfjöllun í fjölmiðlum um vísindarannsóknir á Íslandi sé litið til þess hversu mikil gróska er í vísindastarfi á Íslandi. Það má ekki gleymast að forsenda nýsköpunar í samfélögum er flæði tækni og upplýsinga á milli almennings, fyrirtækja og stofnana.

# Komum mynd á mannréttindi

Mannréttindi

Anna Kristinsdóttir

mannréttindastjóri Reykjavíkurborgar



Í dag 16. maí er mannréttindadagur Reykjavíkurborgar en þennan dag árið 2006 var mannréttindastefna borgarinnar samþykkt. Á þessum degi heiðra Reykvíkingar alla þá sem vinna í þágu mannréttinda og verðlauna um leið einn einstakling, félag eða stofnun sem hefur staðið vörð um mannréttindi tiltekinna hópa með eftirtektarverðum hætti. Sem betur fer er valið erfitt því margir vinna ötullega að því að bæta stöðu þeirra sem standa halloka í samfélaginu. Við sem störfum hjá borginni og borgarbúar erum þakklát þessu fólki.

Með því að gera 16. maí að sérstökum mannréttindadegi minna Reykvíkingar á að Reykjavíkurborg hefur einsett sér að standa í fylkingarbrjósti þeirra sem opinberlega gæta mannréttinda. Til að ná því markmiði hefur m.a. verið opnuð sérstök vefsíða tileinkuð mannréttindum (mannrettindi.reykjavik.is) en henni er ætlað að setja mannréttindastefnu Reykjavíkur fram á einfaldan og skýran hátt og að auðvelda borgarbúum að sækja rétt sinn ef þeir telja á sér brotið.

Mannréttindaráð Reykjavíkurborgar var stofnað til að fylgja eftir mannréttindastefnunni. Mannréttindaskrifstofa var jafnhliða sett á fót en hún gætir þess að borgarbúum sé ekki mismunað vegna uppruna, litarháttar, trúarbragða, aldurs, stjórnmálaskoðana, kynferðis, kynhneigðar, efnahags, ætternis, fötlunar eða heilsufars hjá Reykjavíkurborg. Með mannréttindastefnunni var lögð áhersla á að mynda heildstæða sýn í þágu borgarbúa, því mörg tilheyrum við fleiri en einum þeirra hópa sem stefnan nær til.

Í dag hefst ljósmyndasamkeppni, á vegum mannréttindaskrifstofunnar, undir slagorðinu „Komum mynd á mannréttindi“. Markmið hennar er að vekja athygli á mannréttindum og mikilvægi þess að borgarbúum sé ekki mismunað. Fyrst verður forkeppni á fésbókarsíðu Reykjavíkurborgar og eru allir hvattir til að velja öflugustu myndirnar. Þær myndir sem mest er „líkað við“, komast á sýningu sem opnuð verður í Ráðhúsi Reykjavíkur á gleðidaginn 11. ágúst. Þriggja manna dómnefnd mun síðan velja þær þrjár myndir sem skýrast endurspegla kröfuna um mannréttindi. Allar upplýsingar um keppnina er að finna á nýrri vefsíðu Reykjavíkurborgar um mannréttindi og á fésbókarsíðu Reykjavíkurborgar.

Mannréttindi verða einungis raunveruleg í samskiptum okkar og athöfnum. Það setur þá skyldu á herðar allra að við virðum mannréttindi. Mannréttindi færa einstaklingum jafnréttindi og virðingu. Þau eru einnig vernd gegn fordómum og ofbeldi. Þess vegna þurfum við öll að axla ábyrgð og berjast gegn fordómum og mismunun og fyrir mannréttindum. Nelson Mandela orðaði þetta svo fallega þegar hann sagði „að vera frjáls snýst ekki einvörðungu um að kasta af sér hlekkjunum heldur snýst það um að virða og efla frelsi annarra“.

# Enn um sæstreng

Orkumál

Valdimar K. Jónsson

prófessor emeritus



Greinar Magnúsar Bjarnasonar, framkvæmdastjóra markaðs- og viðskiptaþróunarsviðs Landsvirkjunar, í Fréttablaðinu 26. apríl og 9. maí 2012 eru athyglisverðar. Þar kemur fram að sæstrengur frá Íslandi til Bretlands standi ekki fjárhagslega undir sér, en þó væri hægt að réttlæta lagningu strengsins vegna breytinga á forsendum sem komið hafa fram á undanförnum árum. Nefnir hann m.a. „aukna spurn eftir endurnýjanlegri orku, markmið Evrópusambandsins 2020, hátt raforkuverð og spár um frekari hækkanir auk almennra tæknframfara“ o.fl. á þessum nótum. Kannski er eitthvað af þessu líklegt en ekkert er fast í hendi.

> Hrunið kenndi okkur að ákvarðanir um stórar framkvæmdir eins og sæstreng mega alls ekki vera á hendi örfárra einstaklinga.

Ég er þeirrar skoðunar að hagkvæmni svo stórrar framkvæmdar sem sæstrengur til Bretlands er, þurfi að liggja fyrir áður en ákvörðun er tekin, en ekki aðeins í formi óskhyggju og/eða trúar á einhverja tiltekna framtíðarþróun. Þegar ákvörðun var tekin á sínum tíma um byggingu Kárahnjúkavirkjunar, þá hafði verið gengið frá samningum til langs tíma um sölu á mestum hluta orkunnar frá virkjuninni. Umræddur sæstrengur er kostnaðarlega miklu stærri framkvæmd en Kárahnjúkavirkjun sem hingað til er talin stærsta framkvæmd Íslandssögunnar.

Í grein minni sem birtist í Morgunblaðinu 20. apríl 2012 óskaði ég eftir því að Landsvirkjun birti kostnað og aðrar upplýsingar um sæstreng til Bretlands. Þar er ég að tala um heildarkostnað við flutningsvirki, þar sem tekið væri tillit til allra nauðsynlegra framkvæmda svo og rekstrarkostnaðar, kostnaðar við fyrirbyggjandi viðhald og viðgerðir í bilanatilvikum.

Landsvirkjun hefur enn ekki séð ástæðu til að svara athugasemdum mínum, þrátt fyrir að ég hafi ítrekað þær í einkapósti 4. maí 2012 til formanns stjórnar Landsvirkjunar, Bryndísar Hlöðversdóttur. Morgunblaðið hefur eftir forstjóra Landsvirkjunar árið 2012: „Lagning sæstrengs til Evrópu gæti stórbætt lífskjör á Íslandi. Mikilvægt væri að skapa sátt um þetta verkefni því það er ekki einkamál orkufyrirtækjanna á Íslandi.“

Í seinni grein Magnúsar kemur fram stighækkandi þróun raforkusölu Landsvirkjunar fram til 2025, þar sem sæstrengur væri kominn í notkun 2018. Er þetta ekki allt of stuttur fyrirvari?

Landsvirkjun hefur leitt hjá sér að svara spurningum mínum og leiðir þannig hjá sér að taka þátt í opnum skoðanaskiptum um framkvæmdina eins og hún hefur margsinnis lýst yfir. Fyrirtækið hefur verið að vinna að undirbúningi í liðlega tvö ár svo það hlýtur að vera til fullt af upplýsingum og niðurstöðum, sem mætti birta opinberlega.

Hrunið kenndi okkur að ákvarðanir um stórar framkvæmdir eins og sæstreng mega alls ekki vera á hendi örfárra einstaklinga. Þeir gætu tekið upp á því að loka sig af í vistarverum ríkiskerfisins og birta aðeins við og við reifarakenndar vangaveltur um eitthvað allt annað en kjarna máls.

Næsta stórframkvæmd í orkumálum verður bara að ganga upp, annars förum við öll endanlega á hausinn.

Frábær ný námskeið með Ásdísi Rögnu Einarsdóttur grasalækni BSC

Viltu læra að tína og nota íslenskar lækningajurtir?

Á námskeiðinu lærir þú m.a.
- Hvernig á að tína, þurrka og geyma jurtir
- Hvernig er best að tína og við hvaða aðstæður
- Áhrif algengra lækningajurta og notkun þeirra
- Hvernig útbúa á sitt eigið jurtate til heilsubótar

Fimmtudaginn 31. maí kl 20.00 - 22.00

Innifalið eru kennslugögn ásamt uppskriftum að jurtablöndum. Verð: 4.900 kr.

Jurtasmyrsl úr náttúrunni

Miðvikudaginn 06. júní kl 20.00 - 22.00



Á þessu námskeiði lærir þú m.a.
- Hvernig búa á til jurtasmyrsl frá grunni
- Uppskriftir að einföldum jurtasmyrslum
- Hvaða náttúrulegu hráefni er hægt að nota
- Hvaða jurtir eru notaðar í smyrsl og áhrif þeirra

Sýnikennsla og allir fá fría prufu að smyrsli!

Innifalið eru kennslugögn ásamt uppskriftum að jurtasmyrslum. Verð: 6000 kr.

Bæði námskeiðin verða haldin í Heilsuhúsinu Lágmúla 5.
Upplýsingar og skráning í síma: 899 8069 og asdis@grasalaeknir.is

www.heilsuhusid.is

heilsuhúsið




PIPAR\TBWA • SÍA • 121401

**Leitaðu ráða hjá okkur.** Hjá Ellingsen starfa sérfræðingar í öllum deildum. Við veitum faglega og vandaða ráðgjöf og finnum réttu vörurnar sem uppfylla þínar þarfir. Við seljum eingöngu þrautreyndar hágæðavörur sem henta fyrir íslenskar aðstæður.

REYKJAVÍK • Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • mánud.–föstud. 10–18 • laugard. 10–16
AKUREYRI • Tryggvabraut 1-3 • Sími 460 3630 • mánud.–föstud. 8–18 • laugard. 10–16 • ellingsen.is

Ellingsen
– FULLT HÚS ÆVINTÝRA

# Tannpínusjúklingar nútímans


Heilbrigðismál



Ingimar Einarsson
félags- og stjórnmálafræðingur í


Undanfarin misseri hefur ástandið í tannheilsumálum þjóðarinnar verið til umræðu á opinberum vettvangi. Á málþingi sem samtökin Barnaheill stóðu nýlega fyrir var yfirskriftin „Heilbrigðar tennur: Mannréttindi eða forréttindi?“ Þar kom fram að tannskemmdir meðal barna og unglinga hér á landi eru mun meiri en í nágrannalöndunum og ástandið hefur snarversnað sl. áratug. Það vakti sömuleiðis athygli að þegar Stokkhólmsútibú alþjóðlegu ráðgjafastofunnar „The Boston Consulting Group“ skilaði skýrslu sinni til velferðarráðherra haustið 2011 reyndist fjöldi tannlækna á íbúa vera meiri á Íslandi en annars staðar á Norðurlöndum.

### Norrænn samanburður

Árið 2007 réðst Norræna ráðherranefndin í rannsókn á gæðaþróun og öryggi sjúklinga í heilbrigðisþjónustu á Norðurlöndum. Þessi athugun náði m.a. til munn- og tannhirðu íbúa þessa heimshluta. Í skýrslu um niðurstöður hennar er að finna fróðlegar upplýsingar um ástandið í tannheilsumálum íslensku þjóðarinnar samanborið við stöðuna í grannlöndum okkar. Þar kemur fram, eins og sjá má á mynd 1, að tannheilsa 12 ára barna er mun lakari á Íslandi en annars staðar á Norðurlöndum.




Aðrar mælingar og viðmið eins og SiC-viðmiðið eða „Significant Caries Index“ segja sömu sögu um tannheilsu barna og unglinga. Tannheilsa aldraðra er heldur ekki góð. Samkvæmt norrænu rannsókninni voru 33% í aldurshópnum 65-74 ára með 20 eða fleiri heilar tennur árið 2007. Í Noregi er þetta hlutfall hæst eða 66%.

### Sviptingar í tannheilsu

Tannheilsa þjóðarinnar var mjög bágborin langt fram eftir 20. öldinni. Halldór Laxness hélt því fram á þriðja áratugnum að tannpínusjúklingar væru stærsti flokkur landsins og undraðist að það skyldi látið viðgangast umtölulaust að stjórnarmeirihlutann skipuðu langþjáðir tannpínumenn. Um miðja öldina voru starfandi 25 tannlæknar í landinu og af þeim voru aðeins 3 starfandi utan suðvesturhornsins. Skólatannlækningar, sem hófust í Reykjavík 1922, efldust á 8. og 9. áratugnum og forvarnir fengu meira vægi í tannlæknaþjónustunni. Á síðustu áratugum aldarinnar var árangur íslenskrar tannheilbrigðisþjónustu orðinn sambærilegur við það sem best gerðist meðal norrænna þjóða. Árið 1996 var tannátustuðull (DMFT) 12 ára barna kominn niður í 1,5 og um aldamótin síðustu þótti því gerlegt að setja sér það markmið að hann yrði orðinn 1,0 árið 2010. Breytt skipulag tannlækninga ásamt breyttu mataræði og lífsháttum hefur orðið til þess að tannheilsa barna og unglinga fer nú þverrandi með hverju árinu sem líður.

### „Ábyrgð“ á herðar foreldra

Í kjölfar breyttrar löggjafar um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga 1990 var foreldrum gert að greiða vaxandi hlut af kostnaði við tannlækningar barna. Álit Samkeppnisráðs árið 1996 um aðgerðir til að tryggja jöfn samkeppnisskilyrði skólatannlækna og einkatannlækna átti sömuleiðis sinn þátt í að skólatannlækningar liðu endanlega undir lok árið 2002. Stjórnvöldum bauðst tækifæri til að draga úr útgjöldum ríkisins vegna tannlækninga og tannlæknar, sem lítinn áhuga höfðu á samningsgerð, skelltu í góm og hafa síðan einbeitt sér að því að veita þeim þjónustu sem geta borgað fyrir hana.

Það sem af er þessari öld hafa ekki náðst samningar milli tannlækna og heilbrigðisyfirvalda um fjárframlög hins opinbera til tannlæknaþjónustu. Fyrir utan samninga um forvarnarskoðanir á tönnum 3, 6 og 12 ára barna. Er nú svo komið að Íslendingar greiða sjálfir yfir 80% af tannlæknakostnaði úr eigin vasa. Sá þáttur heilbrigðiskerfisins sem snýr að tannlækningum getur því varla talist af félagslegum toga. Einfaldlega vegna þess að til þess að svo sé mega bein útgjöld einstaklinga aldrei vera það mikil að þau komi í veg fyrir að fólk leiti sér nauðsynlegrar heilbrigðisþjónustu.

### Kerfisbreytingar?

Það er svo áleitin spurning hvort svipaðar eðlisbreytingar séu að eiga sér stað á öðrum þáttum heilbrigðiskerfisins þegar litið er til þess hvað fólk með alvarleg heilsufarsvandmál er að greiða mikið úr eigin vasa fyrir lyf og heilbrigðisþjónustu.

Það er líka freistandi að skilja tilboð um sjúkdómatryggingar dagsins sem eins konar birtingarmynd fyrir það sem hugsanlega gæti gerst í heilbrigðismálum á næstu misserum.

# Björt framtíð


Landbúnaður



Snæfríður Baldvinsdóttir
aðjúnkt við Háskólann á Bifröst


Öfugt við væntingar hafa mörg okkar, sem sóttum málþing á vegum Háskólans á Bifröst og Neytendasamtakanna þann 13. apríl s.l. um framtíð landbúnaðar í breyttum heimi, farið af ráðstefnunni bjartsýnni á framtíðina en við vorum fyrir.

Öfugt við væntingar, segi ég – og vísa þá til þess bölmóðs, sem þjakar alla umræðu um stöðu og framtíð íslensks landbúnaðar. Það er ekki síst fyrir atbeina bændaforystunnar sjálfrar, sem elur á því sí og æ, að bændur séu í útrýmingarhættu – hvorki meira né minna – ef hróflað verði við óbreyttu kerfi. Kannski er svo komið, að hagsmunir bænda og bændaforystunnar fari ekki lengur saman? Breytingar eru bæði fyrirsjáanlegar og að hluta óhjákvæmilegar.

Fulltrúi finnsku bændasamtakanna gerði því efni góð skil á málþinginu. En breytingar boða ekki bara hættur heldur líka ný sóknarfæri. Bölmóðurinn er til þess eins fallinn að birgja mönnum sýn á tækifærin.

### Ósjálfbært kerfi

Óbreytt ástand er að vísu ekki gott. Núverandi landbúnaðarkerfi er ekki sjálfbært og fær því ekki staðist til frambúðar. Um það var ekki ágreiningur á málþinginu. Í þessu felst, að aðföng landbúnaðarins (stórvirkar vélar, innflutt orka, tilbúinn áburður, fóðurbætir o.s.frv.), að viðbættum styrkjum og niðurgreiðslum frá skattgreiðendum, eru dýrari en verðmæti afurðanna. Niðurstaðan er sú, að nettóframlag landbúnaðarins til þjóðarframleiðslunnar er neikvætt.

Að óbreyttu á þetta ástand aðeins eftir að versna, því að verð aðfanga mun fyrirsjáanlega fara ört hækkandi í framtíðinni. Það framkallar kröfur um hærri styrki og meiri niðurgreiðslur til að viðhalda óbreyttu kerfi. Við þessi skilyrði er um tómt mál að tala, að afkoma stórs hluta bændastéttarinnar er langt undir fátæktarmörkum. Þeir bændur, sem eru betur staddir, eru í reynd hnepptir í skuldafangelsi, sem um leið torveldar nýliðun í greininni.

Landbúnaðarkerfi, sem skilar þeim sem eiga afkomu sína undir því ekki meiri árangri en þetta, er ekki á vetur setjandi. Landbúnaðar- og byggðastefna, sem snýst um það að halda dauðahaldi í óbreytt kerfi og að leggjast í andóf gegn nauðsynlegum breytingum, er hvorki bændum né neytendum í hag. Hún er einfaldlega tímaskekkja. Hér þarf nýja hugsun – nýja sýn. Þarna getum við reyndar lært margt af Evrópusambandinu, eins og okkar finnski gestur á málþinginu sýndi fram á.

### Nýr lífsstíll

Hvað gefur okkur þá tilefni til bjartsýni – þrátt fyrir allt? Lítum snöggvast út fyrir túnfótinn. Það fór yfir 7 milljarða markið. Meira en helmingur þessa mannfjölda býr nú í borgum. A.m.k. 2 milljarðar eiga eftir að bætast í hópinn á næstu áratugum, áður en aðgerðir til að stemma stigu við stjórnlausri offjölgun fara að bera árangur. Þótt mannlegt hugvit (vísinda- og tækniframfarir) hafi hingað til haft undan við að brauðfæða sívaxandi mannfjölda, er álagið á vistkerfi jarðar farið að nálgast þolmörk.

Viðvörunarmerkin blasa hvarvetna við: Það koma 250 þúsund nýir gestir í kvöldmatinn í dag og alla daga næstu árin. Loftslagsbreytingar af manna völdum eiga eftir að raska matvælaframleiðslu víða um heim. Mengandi orkugjafar fara þverrandi og verða sífellt dýrari. Ofnotkun á nítrati í landbúnaðarframleiðslu mengar vatnsforðabúr og drepur allt kvikt í ám og vötnum og á stórum hafsvæðum. Fjöldi dýrategunda er í útrýmingarhættu. Víða er skortur á öllu: ræktanlegu landi, hreinni orku, ómenguðu vatni. Það verður ekki mikið lengur haldið áfram á sömu braut. Við þurfum að breyta um framleiðsluhætti og lífsstíl. En fyrst verðum við að breyta um hugsunarhátt. Það á bæði við um bændur og neytendur.

### Umbætur byrja heima

Umbætur byrja heima, stendur skrifað. Landið okkar leggur okkur upp í hendur ný tækifæri í breyttri heimsmynd. Loftslagsbreytingar gera okkur kleift að stunda korn(fóður)rækt með arðbærum hætti. Við höfum nóg landrými til ræktunar. Við höfum greiðan aðgang að hreinni orku og jarðhita. Ísland er eitt helsta vatnsforðabúr okkar heimshluta. Við höfum flest það, sem þarf til að vera í fararbroddi nýrra framleiðsluhátta, sem taka mið af nýrri heimsmynd, nýjum lífsstíl. Það er brýnt að eyða óvissu um eignarhald á auðlindum þjóðarinnar. En svo er spurningin: Ætlum við að halda áfram að hjakka í sama farinu af gömlum vana? Eða ætlum við að nýta sóknarfærin, sem hvarvetna blasa við, til að hefja lífræna ræktun í stórum stíl við hagstæð skilyrði – líka til útflutnings? Þar er markaðurinn. Hvers vegna ætti þá samkeppnisörvandi innflutningur á matvælum að vera áfram bannorð?

Í hinni nýju heimsmynd mun verð á matvælum – ekki síst lífrænt ræktuðum – fara ört hækkandi. Matvæli verða dýr á heimsmarkaði. Verðmunur á innlendum farmleiðslukostnaði og heimsmarkaðsverði mun minnka. Samkeppnisstaða Íslands mun stórbatna. Þarna liggja sóknarfærin. Þessa nýju framtíðarsýn vildum við fá að ræða við bændaforystuna á málþinginu á Bifröst. En hún mætti ekki – skilaði auðu gagnvart framtíðinni. Er hún svona föst í viðjum fortíðarinnar? Eiga bændur – og við öll af bændum komin – ekki betra skilið?

(Þeim sem vilja kynna sér betur efni málþingsins á Bifröst um framtíð íslensks landbúnaðar í breyttri heimsmynd 13. apríl sl., er bent á vefslóðina: www.bifrost.is).




# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ


**MÁLÞING Á NAUTHÓLI**

**Landvernd efnir til málþings um sjálfbæra ferðamennsku og náttúruvernd á háhitasvæðum, mánudaginn 21. maí á Nauthóli. Um er að ræða fyrsta hluta af langtímaverkefni um verndun jarðhita á Íslandi. Málþingið hefst klukkan 13.**


AFSLÁTTARDAGAR

Fyrir heitt eða kalt, 5 litir - mikið af frábærum tilboðum

-20%

Tékk KRISTALL

www.tk.is

Laugavegi 178 - Sími: 568 9955





Hugsaðu vel um fæturna

Í hálfa öld hafa miljónir manna um allan heim notað BIRKENSTOCK sér til heilsubótar. Hvað um þig?

Teg: „BOSTON" Fótlaga skór úr leðri og 100% innleggi úr náttúru-korki. Stærðir: 36 - 48. Verð: 18.500.-

Misty skór Laugavegi 178

BIRKENSTOCK

Vertu vinur

Sími 551 2070
Opið mán.-fös. 10-18.
Laugardag 10-14.

Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf.
www.mistyskor.is



White-Westinghouse - amerísk gæða heimilistæki

Þvottavél 12 kg Þurrkari

Taka 12 Kg · Hljóðlát
Stórt op > auðvelt að hlaða
Sparneytin amerísk tæki.

<Þvottvélin tekur heitt og kalt vatn

Afkastamikill þurrkari >

Amerísk gæðavara

RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS





THE AMAZING RACE

Fimmtudaga á Stöð 2

FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT | 512 5100 | STOD2.IS




# EIN Á HEIMSFLAKKI

**ÆVINTÝRAFERÐ** *Guðrún Ásta Bergsteinsdóttir fagnaði 25 ára afmælinu sínu með því að synda með villtum höfrungum í frumskógum Bólivíu, veiða sér pirana-fisk og grilla hann og minnstu munaði að hún væri étin af skógarketti.*

Ævintýraferð Guðrúnar Ástu Bergsteinssdóttur um Suður-Ameríku hófst 11. febrúar síðastliðinn þegar hún flaug til Amsterdam. Þaðan fór hún til Rómar og svo á kjötkveðjuhátíðina í Rio de Janeiro í Brasilíu, svo til Argentínu, þaðan til Síle, svo til Úrúgvæ og nú er hún stödd í Bólivíu. „Þegar ég var tvítug fór ég sem sjálfboðaliði til Gvatemala og varð ástangin af suður-amerískri menningu og þess vegna er ég hér í dag," segir Guðrún Ásta. Hún er ein á þessu ferðalagi og kemur ekki heim fyrr en í ágúst. Nýlega kom hún úr ferð um frumskóga Madidi-þjóðgarðsins í Bólivíu þar sem hún lærði allt um lífríki hans, og gott betur en það. „Eitt kvöldið ætlaði ég á klósettið sem var í öðrum skála en svefnskálinn. Það var ekkert rafmagn svo ég var bara með vasaljósið mitt. Skyndilega stendur stærðarinnar kattardýr beint fyrir framan mig. Ég stirnaði öll upp og það eina sem mér datt í hug var að standa grafkyrr, slökkva ljósið og bíða. Og þarna stóð ég í svartasta myrkri sem ég hef nokkurn tíman verið í og beið eftir því að vera étin af jagúar í frumskógum Bólivíu." Sem betur fer ákvað kötturinn að Guðrún Ásta væri ekki girnileg bráð og lét sig hverfa. Hún fagnaði því 25 ára afmælinu sínu nokkrum dögum síðar með því að synda með villtum höfrungum, veiða piranafiska og grilla þá. „Seinna um kvöldið var komið með bleika afmælisköku með

**Á SLÉTTU**
Salar de Uyuni í Bólivíu er stærsta saltslétta heims.

## ÁSTFANGIN AF MENNINGUNNI

„Þegar ég var tvítug fór ég sem sjálfboðaliði til Gvatemala og varð ástangin af suður-amerískri menningu."

FRAMHALD Á SÍÐU 2


RYÐFRÍIR HITAKÚTAR OG OFNAR



OSO HOTWATER

BLÖNDUNARLOKI FYLGIR.

NORSK FRAMLEIÐSLA

Stærðir: 5-300 lítrar



WÖSAB

Olíufylltir rafmagnsofnar

Stærðir: 250W-2000W

Einar Farestveit & Co.hf.
Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is

# GENGIÐ UM AUSTURDAL

*Gísli Rúnar Konráðsson fer nýjar leiðir á göngu um Skagafjörð.*



**GÖNGUGARPUR** Nánari upplýsingar um gönguferðirnar er að finna á heimasíðu Bakkaflatar www.bakkaflöt.com.

**Gísli Rúnar Konráðsson starfar sem kennari á Sauðárkróki. Á sumrin hafa gönguferðir um sveitir Skagafjarðar verið hans helsta áhugmál og þannig hefur hann kynnst umhverfi svæðisins betur en margur annar. Í sumar mun hann gefa almenningi kost á að njóta þeirrar reynslu og þekkingar sem hann hefur öðlast og bjóða upp á nokkurra daga gönguferðir í Skagafirði í samstarfi við ferðaþjónustuna á Bakkaflöt. Ferðirnar eru fimm talsins og verða farnar á tímabilinu 7. júlí til 12. ágúst. „Þetta eru 2-3 daga helgarferðir, fyrir utan eina lengri ferð um svæði sem ekki myndu teljast almennar gönguleiðir. Það mætti því segja að þetta væri nýjung hvað gönguleiðir varðar,“ segir Gísli Rúnar. Í flestum ferðanna verður komið við eða farið um Austurdal sem er einstaklega fallegur 50 kílómetra langur dalur sem skerst inn í hálendið og Jökulsá eystri rennur eftir. „Ábæjarkirkja er gömul kirkja sem stendur enn í dalnum sem annars er í eyði en síðasta sóknarbarnið lést í janúar 1997 þegar það hrapaði niður Merkigil, sem er hyldjúpt klettagil. Svo er þarna draugurinn Ábæjar-Skotta sem hrellt hefur fólk gegnum aldirnar og ég kann nokkrar sögur af,“ segir Gísli.**

FRAMHALD AF FORSÍÐU





**Í SUMARYL** Guðrún Ásta á tveggja daga göngu við Colcagljúfrið í Perú sem er næstdýpsta gljúfur í heimi. Á myndinni til hliðar er hún að sóla sig í frumskógum Bólivíu á 25 ára afmælisdaginn.



**MEÐ SPRENGJUBELTI** Búin að kaupa dínamít, kókalauf og 96% áfengi handa námumönnunum og tilbúin að skríða inn í námur Potosi í Bólivíu.

kerti og öllu inn í frumskóginn. „Ég hef ekki hugmynd um hvernig því var reddað en þetta er eftirminnileg stund,“ segir Guðrún Ásta. Hún heimsótti líka námubæinn Potosi í Bólivíu sem er í um 4000 metra hæð. Fjallið Potosi er þekkt sem fjallið sem borðar fólk lifandi enda talið að átta miljón manns hafi látist í námum þess á liðnum öldum. Hún fór inn í eina námuna og fékk að kynnast námumönnunum og færði þeim að gjöf kókalauf, 96% spíra og dínamít.

Á ferð sinni um Síle vafraði Guðrún Ásta með vinkonu sinni inn í vafasaman bæ þar sem þær voru spurðar hvort þær vildu ekki forða sér sem fyrst. „Þetta var ekki hefðbundinn túristabær og þegar við ætluðum í hraðbanka var maður þar inni eitthvað að baksa, við biðum því fyrir utan. Eftir smá stund fór þjófavarnakerfið í gang því hann var að reyna að brjótast inn í bankann.“

Guðrún Ásta kemur heim í ágúst og fer þá beint í Háskóla Íslands þar sem hún ætlar að hefja nám á masterstigi í félagsfræði.

## BLOGGIÐ

*Hægt er að fylgjast með ferðum Guðrúnar Ástu á bloggsíðunni: gudrunastabergsteins.blogspot.com/*





Viltu ná kjörþyngd og komast í form?

Síðustu námskeið fyrir sumarfrí!

Innritun í síma 581 3730

45% afmælisafsláttur af 3ja mánaða kortum og nýjum námskeiðum!

| TT tímar í boði: | | | |
|---|---|---|---|
| 6:15 | A | mánu-, þriðju-, miðviku- og fimmtudagar | |
| 7:20 | C | mánu-, þriðju-, miðviku- og fimmtudagar | |
| 10:15 | D | mánu-, þriðju-, miðviku- og fimmtudagar | Barnapössun |
| 14:20 | G | mánu-, þriðju-, miðviku- og fimmtudagar | |
| 16:40 | H | mánu-, þriðju-, miðviku- og fimmtudagar | Barnapössun |
| 17:40 | I | mánu-, þriðju-, miðviku- og fimmtudagar | Barnapössun |
| 18:40 | J | mánu-, þriðju-, miðviku- og fimmtudagar | |

Fundur fyrir alla TT flokka sunnudaginn 20. maí kl. 16:30

Öllum námskeiðum fylgir sumarkort!

Velkomin í okkar hóp!

LÍKAMSRÆKT JSB leggur línurnar

45 ára starfsafmæli JSB 1967 - 2012

Lágmúla 9 • 108 Reykjavík • Sími 581 3730 • Bréfasími 581 3732 • jsb@jsb.is • www.jsb.is

EFLIR almannatengsl / HNOTSKÓGUR grafísk hönnun


**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal** | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**
Sölumenn: **Jónína María Hafsteinsdóttir, jmh@365.is** s 512 5473
**Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is** s 512 5432


HÓTEL- OG MATVÆLA SKÓLINN

MATSVEINANÁM

Hvað er í matinn?

Matsveinanám fyrir þá sem starfa eða vilja starfa á fiski- og flutningaskipum og litlum mötuneytum.

INNRITUN STENDUR TIL 31. MAÍ

MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI
HÓTEL- OG MATVÆLASKÓLINN FERÐAMÁLASKÓLINN LEIÐSÖGUSKÓLINN



WWW.MK.IS
Upplýsingar á www.mk.is og á skrifstofu skólans í síma 594 4000

## GEFUR HÚÐINNI GLJÁA

**Búðu húðina undir sumarið með heimagerðum maska.**

**■ STYRKIR OG HREINSAR** Sólin hækkar á lofti og húðin mun óðara taka á sig hraustlegra útlit. Húðin þarf að vera hrein til að taka við sólargeislunum og um að gera að fríska upp á hana eftir veturinn með hreinsandi heimagerðum maska.

Hér er hugmynd:
- 1 msk. hrásykur
- 1 msk. sjávarsalt
- 1 msk. kókosolía
- 1 msk. sítrónusafi
- 1 msk. hunang

Blandið öllu saman í mauk. Nuddið með hringlaga hreyfingum á raka húð. Það er gott að bera á sig maskann eftir sturtu en hann hjálpar til við að fjarlægja dauðar húðfrumur. Skolið af með volgu vatni.



# VERÐUGT MÁLEFNI

**SIGURBOGINN KYNNIR** *Kristín Einarsdóttir, eigandi Sigurbogans, stendur fyrir Mæðgnakvöldi í kvöld til styrktar menntasjóði Mæðrastyrksnefndar. Tilefnið er 20 ára afmæli verslunarinnar.*

Sigurboginn er tuttugu ára um þessar mundir og við vildum gera eitthvað sérstakt á þeim tímamótum,“ segir Kristín Einarsdóttir, eigandi verslunarinnar Sigurbogans en hún stendur fyrir Mæðgnakvöldi í kvöld til styrktar menntunarsjóði Mæðrastyrksnefndar. Boðið verður upp á léttar veitingar, happdrætti og kynningar á vörum auk þess sem Jón Jónsson tónlistarmaður treður upp.

„Við byrjum klukkan 18 í kvöld og höfum opið til klukkan 22. Starfsfólkið gefur launin sín í kvöld í sjóðinn auk þess sem allur ágóði af sölu rennur í hann líka,“ segir Kristín. „Ég vonast auðvitað til að sjá sem flesta og það eru allir velkomnir, ekki bara mæðgur,“ segir hún hlæjandi. „Það verða ekki gerð DNA-próf við dyrnar.“

Fimmtán prósenta afsláttur verður gefinn af ANITA íþróttaundirfötum, SHISHEIDO andlitskremum og af WOLFORD sokkabuxum, auk þess sem kynntar verða vörur frá LA MER, DIOR og SHISEIDO. Dregið verður í happdrætti og allir gestir fá lukkupoka. Jón Jónsson stígur svo á svið klukkan 20.30 og skemmtir gestum. Þeir sem ekki komast í kvöld geta nýtt sér tilboðin í dag.

Kristín hefur rekið Sigurbogann frá fyrsta degi og alltaf á sama stað, á horni Laugavegar og Barónsstígs. Hún fær oft að heyra frá ánægðum viðskiptavinum hversu gott sé að geta treyst á verslunina á sínum stað og góða þjónustu.

„Hér hefur aldrei verið skipt um kennitölu öll þessi ár og ég er auðvitað stolt af því,“ segir Kristín. „Á þessum árum hefur orðið til stór hópur fastakúnna og það eru auðvitað viðskiptavinirnir sem gefa þessu gildi. Ég hef kynnst svo mörgum skemmtilegum konum í gegnum tíðina og hér hafa orðið til notaleg tengsl en við leggjum mikið upp úr góðri þjónustu. Mig langaði því til að endurgjalda samfélaginu á einhvern hátt og að samtakamáttur okkar kvenna fengi að njóta sín til hins ýtrasta.“

Sigurboginn er opinn frá klukkan 10 til 22 í kvöld en dagskráin hefst klukkan 18.



**ALLIR VELKOMNIR** Kristín Einarsdóttir og Guðrún Hjálmarsdóttir standa fyrir Mæðgnakvöldi í Sigurboganum í kvöld til styrktar Menntasjóði Mæðrastyrksnefndar.

### OPNUNARTÍMI

***Mæðgnakvöldið hefst kl. 18 og stendur yfir til kl. 22. Boðið er upp á veitingar, skemmtiatriði, happdrætti og kynningar á vörum.***


**50% afsláttur af skóm ekta leður**

**Verð áður ~~14.800 kr.~~ nú 7.400 kr.**



**Opið á morgun uppstininigardag frá kl. 13-17**

GYLLTI KÖTTURINN

**AUSTURSTRÆTI 8 - 10 • SÍMI 534 0005**
**OPIÐ ALLA DAGA**

















RÓMANTÍK Föt sem Port 1961 sýndi í Mílanó þykir svipa til rómantísks klæðnaðar Johnny Depp í hlutverki Barnabas Collins.

# DRUNGI OG DULÚÐ

**ÖÐRUVÍSI** *Kvikmyndin Dark Shadows var frumsýnd vestan hafs á dögunum. Drungalegir búningarnir hafa vakið athygli og er talið að þeir eigi eftir að hafa áhrif á tískuna á næstunni.*

Tískuspekúlantar eru farnir að spá því að kvikmynd leikstjórans Tims Burton, Dark Shadows, muni hafa töluverð áhrif á tísku næstu mánaða. Myndin sem var frumsýnd vestanhafs í síðustu viku byggir á bandarískri sápuóperu frá sjöunda áratugnum og segir af vampírunni Barnabas Collins sem kemur skrautlegum ættingjum sínum til hjálpar í baráttunni gegn illri norn. Búningar myndarinnar, sem eru undir áhrifum frá sjöunda áratugnum, hafa vakið athygli og þykir sumum sem áhrifa þeirra gæti í línum þekktra hönnuða. Og öfugt. **rve**

RETRO Siðfágað útlit ættmóðurinnar Elisabeth Collins-Stoddard (Michelle Pfeiffer) þykir minna á haust- og vetrarlínu Gucci 2012.



FURÐULEG FJÖLSKYLDA Collins-fjölskyldan hefur ýmislegt að fela.







# TANNHVÍTTUN

MIÐVIKUDAGUR **16. MAÍ 2012**

**Kynningarblað** Fallegt stjörnubros, drykkir sem gefa lit, tannburstun barna. .






# Fallegustu og hvítustu stjörnubrosin

**Stjörnurnar í Hollywood kunna svo sannarlega listina að brosa. Brosin eru vel æfð og tennurnar vel hirtar og skínandi hvítar.**



















**1** Þetta bros er mikils virði því samkvæmt stjörnulista Forbes er **Gisele Bündchen** hæst launaða fyrirsæta í heimi. Og fallegt er það ...

**2** **Megan Fox** hefur skotist upp á stjörnuhimininn með miklum hraða og getur þakkað það að miklu leyti glæsilegu útliti sínu og fallegu brosi. Brosið þykir kvenlegt og það þykir auka sjarma hennar að það er örlítið skakkt.

**3** Bros **Bridget Moynahan** dregur fram fallega og ákveðna andlitsdrætti hennar, há kinnbein og djúp, brún augu.

**4** Bros **Scarlett Johansson** löðrar hreint og beint af glæsileika. Þrýstnar varir hennar ramma hvítar tennurnar fallega inn þannig að brosið verður óborganlegt.

**5** Bros **Jessicu Alba** er í fagurfræðilega réttum hlutföllum og er glæsilegt frá öllum hliðum. Ekki skemma perluhvítar tennurnar fyrir heldur.

**6** **Jennifer Garner** á sér marga aðdáendur. Bros hennar er talið vera einkar aðlaðandi og hæfa þessari fallegu konu.

**7** Bros **Katherine Heigl** er einstakt að því leyti að framtennur hennar eru örlítið framstæðar. Það þykir auka enn frekar á persónutöfra hennar.

NORDIC PHOTO/GETTY

# Tannhvíttunarefni sem tannlæknar mæla með

**GUM Original White tannhvíttunarefni eru öflugt munnskol og tannkrem sem gera tennurnar hvítar og gefa fallegra bros.**

Tannlæknar mæla með GUM Original White tannhvíttunarefni en efnið verndar tennurnar, viðheldur almennri tannheilsu og heilbrigði tanna og tryggir að tennurnar haldi sínum styrk. „Efnið hreinsar burt gamla bletti og óhreinindi og fyrirbyggir nýja bletti. Tennurnar fá sinn upprunalega lit aftur,“ segir Birna Gísladóttir, viðskiptafræðingur og markaðsfulltrúi fyrir GUM tannvörur. Icecare flytur vörurnar inn en fyrirtækið var stofnað á vormánuðum 2010 og markmið þess er að bjóða upp á breitt vöruval af tannvörum og heilsuvörum sem bæta heilsu viðskiptavina á hagstæðu verði.

„GUM er sérstök blanda sem er varin einkaleyfi sem hreinsar betur en bleikiefni. Varan inniheldur hins vegar engin bleikiefni en þau geta skaðað náttúrulega vörn tanna. GUM geta allir notað að staðaldri og bæði tannkremið og munnskolið innihalda mikið flúor,“ segir Elísabet.

GUM Original White fæst í öllum apótekum, Fjarðarkaupi og verslunum Hagkaups.



Birna Gísladóttir segir tennurnar fá sinn upprunalega lit með notkun tannhvíttunarefnisins.

MYND/GUNNAR




GUM Original White tannkremið og munnskolið innihalda mikið flúor og vernda tennurnar.



Tannlæknar mæla með GUM Original White tannhvíttunarefni en efnið verndar tennurnar, viðheldur almennri tannheilsu og heilbrigði tanna.

## RAUÐVÍN OG KAFFI UPPLITA TENNUR

**Tennurnar skipta** alla máli. Brosið verður ekki fallegt nema tennurnar séu heilar. Þess vegna skiptir máli að halda þeim heilbrigðum og fallegum.

Til að viðhalda heilbrigðum tönnum ætti fólk alltaf að bursta tennurnar fyrir morgunmat, sagði sérfræðingur á sjónvarpsstöðinni Fox nýlega og bætti því við að þetta skipti máli fyrir heilsuna. Eftir nóttina eru bakteríur í munni sem ætti að þrífa fyrir morgunmat. „Burstið tennurnar vel, í að minnsta kosti tvær mínútur kvölds og morgna. Skolið munninn með vatni eftir morgunmatinn.“ Sérstaklega áríðandi er að skola munninn með vatni eftir neyslu á súrum drykkjum. Ekki ætti að hafa appelsínudjús með kvöldmatnum. Kaffi, te, rauðvín og tóbak fara illa með tennurnar. Glerungur tannanna dökknar við neyslu á þessum drykkjum. Sömuleiðis upplitast glerungurinn með árunum.



Bursta þarf tennurnar í að minnsta kosti tvær mínútur kvölds og morgna,

Best er að ráðfæra sig við tannlækni varðandi tannhvíttun. Til eru efni sem geta skaðað tennurnar í stað þess að gera þær hvítar. Með því að bursta tennur kvölds og morgna og nota tannþráð haldast tennurnar hreinar og fallegar. Reglubundið eftirlit hjá tannlækni er sömuleiðis nauðsynlegt.

Epli eru góð fyrir tennurnar og hreinsa glerunginn. Ágætt ráð er að fá sér sykurlaust tyggjó eftir matinn. Það hreinsar tennurnar.



Börn sem náð hafa fjögurra ára aldri eiga öll að hafa komið til tannlæknis. NORDIC PHOTO/GETTY

## TENNUR OG BÖRN

**Fyrstu tennur** barna koma yfirleitt í kringum sjö mánaða aldur. Það er þó mjög mismunandi eftir einstaklingum og er það að sumu leyti háð erfðum. Barnatennurnar eru tuttugu alls og oftast eru það miðframtennur í neðri gómi sem koma fyrst. Síðan samsvarandi tennur í efri. Því næst koma hliðarframtennur, fyrst í neðri gómi og svo í þeim efri. Barnatanntöku lýkur vanalega um þriggja ára aldur og eru það öftustu jaxlarnir sem koma síðastir.

Foreldrar eiga að hreinsa tennur barna sinna daglega um leið og fyrsta tönnin kemur upp. Áður er æskilegt að hreinsa og nudda góm barnsins með rökum klút. Börn geta ekki séð um tannburstun sjálf fyrr en um tíu til tólf ára aldur. Þegar tíu ára aldri er náð getur verið gott að leyfa barninu að bursta sjálft, en undir eftirliti foreldranna. Börn eiga að nota tannkrem sem ætlað er börnum. Venjulegt tannkrem er of sterkt. Einnig er mikilvægt að foreldrar stjórni því hversu mikið magn fer á burstann. Notið það magn tannkrems sem svarar til stærðar naglarinnar á litla fingri barnsins.

Börn sem náð hafa fjögurra ára aldri eiga öll að hafa komið til tannlæknis. Það er nauðsynlegt að venja börn á reglulegt eftirlit hjá tannlækni því þá myndast traust og líkurnar á að tennur barnsins verði heilbrigðari aukast.

Heimild: www.tannsi.is



## TIL BÚDAPEST Í TANNVIÐGERÐIR

**Í Noregi** hafa birst auglýsingar um tannlæknaferðir til Búdapest. Norðmönnum er lofað helmingi minni kostnaði við tannlækningar miðað við kostnað í Noregi og gott frí að auki. Þannig kostar „implant“ á tönn um það bil 441.000 krónur í Noregi en 241.000 í Búdapest. Um helmingi ódýrara er sömuleiðis að fá brú í Búdapest og nefndar eru fleiri dýrari tannviðgerðir.

Norskur fararstjóri tekur að sér að túlka samtöl á milli tannlæknis og ferðalangs. Þeir sem vilja skoða þetta nánar geta farið inn á síðuna www.eurodent.no.

Fyrir rúmum tuttugu árum flykktust Íslendingar til Búlgaríu í ódýrar tannviðgerðir. Mikið var fjallað um þær ferðir á sínum tíma. Ekki voru allir á eitt sáttir um þær ferðir og töldu tannlækna í Búlgaríu ekki jafn mikla fagmenn og þá íslensku.

## FORNMENN VILDU BEINAR TENNUR

**Löngun eftir** beinum og fallegum tönnum er ekki ný af nálinni. Fornleifafræðingar hafa grafið upp múmíur sem höfðu grófa málmvíra vafða um tennur sínar. Var þá girni notað til að þrengja bilið milli tannanna. Hippókrates, sem nefndur er faðir læknisfræðinnar, og heimspekingurinn Aristóteles, glímdu báðir við að finna leiðir til að rétta tennur á tímabilinu 400-500 fyrir Krists burð. Meðan Róm var enn fátæklegt sveitaþorp grófu Etrúskar fólk sitt með áhöldum sem notuð voru til að rétta tennur og koma í veg fyrir tannmissi. Þrátt fyrir frumkvæði og tilraunir manna fyrr á öldum urðu þó litlar framfarir í tannréttingum fyrr en um aldamótin 1700. Frönsku tannlæknarnir Pierre Fauchard og Etienne Bourdet gáfu báðir út bækur á fyrri hluta 18. aldar þar sem kaflar voru helgaðir tannréttingum. Bourdet var um leið fyrsti tannlæknirinn sem mælti með því að draga jaxla úr fólki til að rýma betur fyrir öðrum tönnum. Þrátt fyrir áfanga fyrri alda eru tannlæknarnir Norman W. Kingsley og J. N. Farrar iðulega nefndir feður tannréttinga. Þeir gáfu báðir út tímamótaverk sín á seinni hluta 19. aldar.







Toyota Corolla 1,4VVTI,8/2003. Ek.100þús., bensín, nýskoðaður, ný dekk, verð 890.000 S. 8618465.

## 250-499 þús.



**TILBOÐ 295 ÞÚS!**
NISSAN ALMERA 1800 LUXURY 2001 ek.175 þús,3ja dyra,heilsársdekk,beinskiptur,með skoðun,eyðir 7,5 l/100 í blönduðum akstri,góður bíll sem lýtur vel út, ásett verð 450 þús TILBOÐ 295 stgr. s.841 8955



VW Golf 1.4, árg.'99. Ek. 171Þkm, 5 gíra, 5dyra, grænsans, útvarp+CD, gott eintak. V. 380 þ. S: 892-9804.

## Bílar óskast

**Bíll óskast á 25-250þús.**
Má þarfnast lagfæringa. Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.

Óska eftir bíl á bilinu 30-300þ. Ekki eldri en '00. Má þarfnast viðgerðar. S. 866 0784.

## Fornbílar



**Til sölu Pontiac Star**
Pontiac Star Chief árg 1957. Bíll í toppstandi. Uppl. í síma 690 6216

## Húsbílar




Gaskúta álbox fyrir húsbíla. WWW. Álbox.is KE Málmsmíði Axarhöfða 18. Sími 696 3522 og 587 0626.

## Sendibílar




Ódýr sendibílaþjónusta www.keyrsla.is S:820-3880 Heimsendingar frá 2900kr

568 5000 NS NÝJA SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

## Mótorhjól



Til sölu Suzuki boulevard 800 árg. 2005 ekið 5.000 mil. Með nýjum orginal leðurtöskum og skyggni. Frábært keyrsluhjól og lítur út eins og nýtt. V. 850.000. Sími 892-7520.

## Vespur



Til sölu vespa 50 cc Verð 160.000 kr. uppl. í síma 856-2754.

## Kerrur




Vinsælu netakerrurnar á frábæru verði, stutt kr 179,999 löng kr 229,999 Hagkaup, sími 563-5000.

## Vinnuvélar



Til sölu JCB 407 hjólaskófla, 5t, árg. 2006, ekinn 1.700vstd, opnanleg skófla og gafflar, vagn getur fylgt. Upplýsingar í s. 580-8200 Eyjólfur.



LIPRIR OG VEL BÚNIR BÍLKRANAR OG VÖRUBÍLAR Í HVERS KYNS HÍFINGARVINNU. DS-LAUSNIR ehf 561-8373 www.dslausnir.is

## Lyftarar




**Körfubílaleigan.**
Ódýr og góð þjónusta. Vinnuhæð 32 metrar. S. 893 3573.

## Bátar

SAFIR

SAFIR SKIPASALA. MIKIL SALA - HAFÐU SAMBAND - www.safir.is - s: 580 8700.

SELVA Marine
EUROPEAN POWER
Sölu- og þjónustuumboð
Verkstæði, Skeiðarás 3
Sími 527 2600
www.ispartar.is

## Bílaþjónusta

HREINN BÍLL VERÐ Meguiar's MÆTARI BÍLL CONCEPT
MÁLNINGARVÖRUR
Lágmúla 9,104 Reykjavík – Sími 581 4200

Concept og Meguiar's - Bónvörurnar sem gera bílinn þinn, fallegri, betri og verðmeiri.

## Hjólbarðar




**Dekkjavélar**
TILBOÐ Á Affelgunar og Ballancevélum. Minnum einnig á varahlutaþjónustu fyrir vörubíla og vinnuvélar S: 696-1050 okspares@simnet.is




## Til sölu



**FORD EXPLORER SPORT TRAC**
Nýskráður 10/2006, ekinn 86 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 2.890.000**
**Tilboð kr. 1.990.000**



**MAZDA MPV ES**
Nýskráður 8/2005, ekinn 106 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 2.390.000**



**TOYOTA AVENSIS S/D EXE**
Nýskráður 4/2006, ekinn 68 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 2.790.000**
**Tilboð kr. 2.090.000**



**NISSAN PATHFINDER SE 2.5**
Nýskráður 3/2007, ekinn 56 þ.km, dísel, sjálfskiptur.
**Verð kr. 4.490.000**



**HONDA JAZZ COMFORT 1.4i**
Nýskráður 6/2010, ekinn 42 þ.km, bensín, 5 gírar.
**Verð kr. 2.250.000**
**Tilboð kr. 1.800.000**



**HONDA CR-V LIFESTYLE**
Nýskráður 10/2010, ekinn 7 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 5.250.000**



**FORD EDGE SEL PLUS AWD**
Nýskráður 8/2007, ekinn 44 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 4.490.000**



**ACURA MDX SPORT**
Nýskráður 7/2007, ekinn 31 þ.mílur, bensín, sjálfskiptur, 7 manna.
**Verð kr. 6.990.000**



**VW POLO COMFORTLINE**
Nýskráður 4/2007, ekinn 58 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 1.450.000**



**SUZUKI SX4 2000 GLX**
Nýskráður 2/2007, ekinn 75 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 1.790.000**



**SUZUKI GRAND VITARA**
Nýskráður 1/2003, ekinn 112 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 1.190.000**



**PEUGEOT 407SW**
Nýskráður 8/2006, ekinn 68 þ.km, bensín, 5 gírar.
**Verð kr. 1.650.000**



**HONDA CR-V EXECUTIVE**
Nýskráður 2/2006, ekinn 72 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 2.690.000**



**HONDA CIVIC TYPE R**
Nýskráður 11/2007, ekinn 55 þ.km, bensín, 6 gírar.
**Verð kr. 2.690.000**



**PEUGEOT 307 SW GLERÞAK**
Nýskráður 11/2009, ekinn 40 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 2.790.000**

## Nú erum við á þremur stöðum:

**Bernhard notaðir bílar**
Eirhöfða 11, Reykjavík, sími 551 7171

**Bernhard notaðir bílar, Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 15, Reykjanesbæ, sími 421 7800

**Bernhard notaðir bílar, Akranesi**
Innnesvegi 3, Akranesi, sími 431 1985

**Komdu, reynsluaktu og gerðu góð kaup á góðum notuðum bílum.**

**Opið laugardaga milli kl. 12 - 16**

VR FYRIRTÆKI ÁRSINS 2012

1962 - 2012 50 ára

BERNHARD NOTAÐIR BÍLAR

Bílakjarnanum • Eirhöfða 11 • Sími 551 7171 • notadir.bernhard.is

## Til bygginga



**Harðviður til húsabygginga. Sjá nánar á www.vidur.is**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

# HEILSA

## Heilsuvörur

Árangur með Herbalife í yfir 30 ár. Hringdu og fáðu frían prufupakka. S. 896 4662 www.lifsstill.is/eddaborg

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd




**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Reykjav. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

Nudd tilboð í dag, tímapantanir. Uppl. í s. 616 6469. Nuddstofan Svæði 105 Holtin.

**NUDD OG HEILSA**
FÓTAAÐGERÐIR + SOGÆÐANUDD upp fyrir hné. Vönduð vinna, líkþorn fjarlægð, sveppagreining og hreinsun. Opið frá 12-18 alla virka daga nema sun. S. 823 8280. www.nuddogheilsa.is

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Kenni allan daginn Toyota 2011, hjálpa við endurtökupróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

# HEIMILIÐ

## Dýrahald



Australian Shepherd hvolpar til sölu. Tilbúnir til afhendingar, bólusettir og með ættbók frá HRFÍ. Allar uppl. um gotið á www.reese8.weebly.com eða í s. 899 7500.

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Fyrir veiðimenn

**Silunganet Silunganet**
Flotnet, sökknet, netaslöngur. Gott verð. Heimavík S. 892 8655 www.heimavik.is

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**Gistiheimili - Guesthouse**

**www.leiguherbergi.is**

**1-2 manna herb.og stúdíó Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj M/ baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**

**Room for rent 1-2 person and studio. Funahöfða 17a -19 Rvk and Dalshraun 13 Hfj Whith Bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

Húsnæði/Herbergi til leigu við Kringluna RVK og í LUND í svíþjóð. S. 899 2060.

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

## Geymsluhúsnæði

**Geymslur.com**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Aðgangur 8-22 alla daga. Búslóðir - fyrirtæki - iðnaðarm. Upphitað og öryggisvöktun. S: 564-6500.

## Bílskúr

Vantar að leigja bílskýli eða bílskúr undir antik bíl sem fyrst . Uppl. í s:412-1174 og 663-4562 Haukur.

## Gisting




# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Smiðir**

**Óska eftir smiðum, góð verkefnastaða.**

**Uppl. s. 821 9661 eða 659 9661.**

Get tekið að mér þrif í heimahúsum. Uppl. í s. 777 6438




## Tilkynningar

# Aðalfundur

## Reykjavíkurdeildar Búmanna

Fundurinn verður haldinn á skrifstofu félagsins að Kletthálsi 1, 2 hæð. Fundurinn verður **miðvikudaginn 23. maí 2012 og hefst kl. 17.00.**
Dagskrá samkvæmt samþykktum félagsins.
Félagsmenn og aðrir áhugasamir Reykvíkingar eru velkomnir á fundinn.
Stjórnin.

**Reykjavíkurborg**
Skipulags- og byggingarsvið

# Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík

**Í samræmi við 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, eru hér með auglýst tillaga að breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.**

## Lokastígur 2 / Þórsgata 1

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Þórsgötureits vegna lóðanna númer 1 við Þórsgötu og númer 2 við Lokastíg. Í breytingunni felst sameining lóðanna og breyting á nýtingu hússins að Lokastíg 2, úr íbúðarhúsi í hótel. Aðalaðkoma hótelsins verður frá Týsgötu. Gert er ráð fyrir aukinni nýtingu á lóðunum og tengingu milli húsa. Áður samþykktur reitur fyrir viðbyggingu er minnkaður en byggingareitur við Þórsgötu 1, áður Týsgötu 5, er stækkaður.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillagan liggur frammi í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að Borgartúni 12-14, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15, **frá 16. maí 2012 til og með 2. júlí 2012.** Einnig má sjá tillöguna á heimasíðu sviðsins, ***www.skipbygg.is***. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. **Ábendingum og athugasemdum við tillöguna skal skila skriflega eða á netfangið *skipulag@reykjavik.is*, til skipulags- og byggingarsviðs eigi síðar en 2. júlí 2012. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.** Þeir sem eigi gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkja tillöguna.

Reykjavík, 17. maí 2012
Skipulagsstjóri Reykjavíkur

BORGARTÚNI 12-14 - 105 REYKJAVÍK - SÍMI 411 1111 - MYNDSENDIR 411 3071

## TILLAGA AÐ BREYTINGU DEILISKIPULAGS MIÐBÆJAR GARÐABÆJAR, SVÆÐIS 1 OG 2 (GARÐATORG OG HRÍSMÓAR)

# FORKYNNING

Í samræmi við 4. mgr. 40. greinar skipulagslaga nr. 123/2010 auglýsir Garðabær hér með forkynningu á tillögu að breytingu deiliskipulags.

Meginmarkmið breytingarinnar er að laga sig að breyttum forsendum miðbæjarsvæðisins. Lögð er áhersla á að sú framtíðarsýn, sem gildandi deiliskipulag byggir á, haldist óbreytt. Áfram er stefnt að styrkingu Garðatorgs sem miðbæjarkjarna Garðabæjar. Með öflugri verslun og þjónustu í bland við aukið framboð íbúða á svæðinu, mun Garðatorg efla bæjarbrag og mannlíf í Garðabæ.

Breytingartillagan gerir m.a. ráð fyrir því að núverandi bygging við Garðatorg 1 muni standa áfram og að hámarksbyggingarmagn nýbygginga ofanjarðar muni minnka úr 28.650 m2 í 22.050 og fjöldi nýrra íbúða úr 160 í 120. Form og lega byggingarreita og hámarkshæðir taka einnig breytingum.

**Almennur kynningarfundur verður haldinn í Flataskóla fimmtudaginn 24. maí 2012 og hefst hann klukkan 17:00.**
Á fundinum munu deiliskipulagsráðgjafar kynna tillöguna og í kjölfarið verður opnað fyrir umræður og spurningum svarað.

Forkynning stendur yfir til 6. júní nk.
Á meðan á forkynningu stendur er hægt að koma ábendingum til skipulagsstjóra sem einnig mun svara fyrirspurnum um útfærslu tillögunnar.

Öllum ábendingum verður komið á framfæri við skipulagsnefnd og bæjarstjórn en vakin er athygli á því að þær teljast ekki formlegar athugasemdir. Að lokinni forkynningu verður tillagan lögð fram í skipulagsnefnd og vísað til afgreiðslu bæjarstjórnar.

Þegar bæjarstjórn hefur samþykkt að auglýsa tillögu að deiliskipulagi skal það gert með áberandi hætti og gefst þá tækifæri til að gera formlegar athugasemdir við tillöguna í auglýstum athugasemdafresti.

Tillagan er aðgengileg á heimasíðu Garðabæjar www.gardabaer.is og í þjónustuveri Garðabæjar til 6. júní 2012.

**Skipulagsstjóri**

GARÐABÆR
www.gardabaer.is
Tækni- og umhverfissvið






## Fasteignir

FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.

ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

### Einbýlishús í Skerjafirði

**Höfum fengið til sölu stórglæsilegt einbýlishús á sjávarlóð í Skerjafirði.**

Í húsinu er 2ja herbergja aukaíbúð með sérinngangi.

**Eignin getur verið laus til afhendingar fljótlega.**

**Nánari upplýsingar veitir Guðmundur Th. Jónsson lögg. fasteignasali.**

FASTEIGNASALAN BÆR
www.fasteignasalan.is

**Sólvallagata 56 - 101 Reykjavík**

**Opið hús í dag kl. 15:30 - 16:00**






3ja herbergja – 1. hæð - 69 fm.
Hús og íbúð mikið endurnýjað: Eldhús – Baðherbergi – Rafmagn – Dren – Þak
**Verð: 23.2 millj**



Lóa Sveinsdóttir,
Sölufulltrúi.
Sími: 698 8733
loa@fasteignasalan.is



Rúnar Gíslason
Lögg. fasteignasali

**Sími 698 8733**

**Mikil sala - Vantar eignir á skrá**

STÆRSTI HÚSNÆÐISVEFUR LANDSINS




## Tilkynningar

# AUGLÝSING UM SKIPULAGSMÁL Í UPPSVEITUM ÁRNESSÝSLU OG FLÓAHREPPI

**Bláskógabyggð,Grímsnes-og Grafningshreppi,Hrunamannahreppi, Skeiða-og Gnúpverjahreppi og Flóahreppi**

Áður en tillaga að breytingu á aðalskipulagi er tekin til formlegrar afgreiðslu skal tillagan og forsendur hennar kynnt íbúum sveitarfélagsins og öðrum hagsmunaaðilum.

**Samkvæmt 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér kynntar eftirfarandi tillaga að breytingu á aðalskipulagi:**

1. Breyting á Aðalskipulagi Hraungerðishrepps 2003-2015 á svæði í landi Stóru- og Litlu-Ármóta í Flóahreppi. Íbúðarsvæði í stað landbúnaðar- og frístundasvæðis.

Þegar vinna hefst við gerð deiliskipulags skal taka saman lýsingu á skipulagsverkefninu þar sem fram kemur hvaða áherslur sveitarstjórn hafi við skipulagsgerðina og upplýsingar um forsendur og fyrirliggjandi stefnu og fyrirhugað skipulagsferli.

Samkvæmt 2. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynntar tillögur að lýsingu skipulagsverkefnis fyrir eftirfarandi verkefni:

2. Deiliskipulag fyrir fjallaselið Þverbrekknamúli í Bláskógabyggð.
3. Deiliskipulag fyrir fjallasel í Þjófadölum í Bláskógabyggð.
4. Deiliskipulag fyrir frístundabyggð í landi Skálabrekku við Þingvallavatn í Bláskógabyggð.

**Áður en tillaga að deiliskipulagi er tekin til formlegrar afgreiðslu skal tillagan og forsendur hennar kynnt íbúum sveitarfélagsins og öðrum hagsmunaaðilum.**

Samkvæmt 4. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér kynntar eftirfarandi tillaga að deiliskipulagi:

5. Tillaga að deiliskipulagi fjallaselsins Hvítárnes við Hvítárvatn í Bláskógabyggð.

**Samkvæmt 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt tillaga að eftirfarandi deiliskipulagi:**

6. Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðar við Hrísbraut úr landi Drumboddsstaða í Bláskógabyggð.
7. Deiliskipulag um 18 ha lögbýlis úr landi Þórisstaða sem heitir Lyngbær, í Grímsnes- og Grafningshreppi.
8. Deiliskipulag fyrir minnkabú á spildu úr landi Ása í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa uppsveita Árnessýslu, Dalbraut 12, Laugarvatni og á skrifstofum viðkomandi sveitarfélaga á skrifstofutíma frá 9-16. Að auki er hægt að nálgast nánari lýsingu á tillögunum og tillögurnar sjálfar á http://www.sveitir.is/skipulagsfulltrui/auglysingar/. Skipulagstillögur nr. 1 – 5 eru í kynningu frá 16. til 23. maí 2012 en kynningartími fyrir skipulagstillögur nr. 6 – 8 er frá 16. maí til 28. júní. Athugasemdir og ábendingar við tillögur nr. 1-5 þurfa að berast skipulagsfulltrúa í síðasta lagi 23. maí en athugasemdir við tillögur nr. 6 – 8 þurfa að berast í síðasta lagi 28. júní 2012. Athugasemdir skulu vera skriflegar.

**Pétur Ingi Haraldsson**

**Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps**

# Greiðsluáskorun

**Innheimtumenn ríkissjóðs skora hér með á gjaldendur eftirtalinna gjalda að gera skil nú þegar eða í síðasta lagi innan 15 daga frá dagsetningu áskorunar þessarar:**

Gjöldin eru: Staðgreiðsla tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds sem fallið hefur í eindaga til og með 15. maí 2012, virðisaukaskattur sem fallið hefur í eindaga til og með 7. maí 2012 og önnur gjaldfallin álögð gjöld og ógreiddar hækkanir er fallið hafa í eindaga til og með 15. maí 2012, á staðgreiðslu tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds, virðisaukaskatti, virðisaukaskatti í tolli, vanskilum launagreiðenda á gjöldum í og utan staðgreiðslu, fjármagnstekjuskatti á skilaskylda aðila, áfengisgjaldi, launaskatti, bifreiðagjaldi, úrvinnslugjaldi, olíugjaldi, kílómetragjaldi, gistináttaskatti, fjársýsluskatti, viðbótar- og aukaálagningu söluskatts vegna fyrri tímabila, skráningargjaldi vegna lögskráningar sjómanna, vinnueftirlitsgjaldi, vörugjaldi af innlendri framleiðslu, vörugjaldi af ökutækjum, eftirlitsgjöldum, aðflutningsgjöldum, skilagjaldi á umbúðir, fasteignagjöldum, skipulagsgjaldi, skipagjöldum, fisksjúkdómagjaldi, jarðarafgjaldi, sektum skattrannsóknarstjóra, ofgreiddri uppbót á eftirlaun, eftirlitsgjaldi Fjármálaeftirlitsins og álögðum þing- og sveitarsjóðsgjöldum, sem eru:

Tekjuskattur og útsvar ásamt verðbótum á ógreiddan tekjuskatt og útsvar, sérstakur tekjuskattur manna, eignarskattur, sérstakur eignarskattur, fjármagnstekjuskattur, slysatryggingagjald vegna heimilisstarfa, tryggingagjald, búnaðargjald, iðnlánasjóðs- og iðnaðarmálagjald, markaðsgjald, gjald í framkvæmdasjóð aldraðra og skattur af verslunar- og skrifstofuhúsnæði, ofgreiddar barnabætur, ofgreiddar vaxtabætur og útvarpsgjald.

Fjárnáms verður krafist án frekari fyrirvara að þeim tíma liðnum fyrir vangoldnum eftirstöðvum gjaldanna ásamt dráttarvöxtum og öllum kostnaði, sem af innheimtu skuldarinnar kann að leiða, á kostnað gjaldenda.

Athygli skal vakin á því að auk óþæginda hefur fjárnám í för með sér verulegan kostnað fyrir gjaldanda. Fjárnámsgjald í ríkissjóð er allt að 19.100 kr. fyrir hvert fjárnám. Þinglýsingargjald er 2.000 kr. og stimpilgjald 1,5% af heildarskuldinni, auk útlagðs kostnaðar eftir atvikum. Eru gjaldendur hvattir til að gera full skil sem fyrst til að forðast óþægindi og kostnað.
Þá mega þeir gjaldendur, sem skulda staðgreiðslu, staðgreiðslu tryggingagjalds, vörugjald, afdreginn fjármagnstekjuskatt, áfengisgjald og virðisaukaskatt, búast við því að starfsemi þeirra verði stöðvuð án frekari fyrirvara, þeir gjaldendur er skulda bifreiðagjöld og þungaskatt mega eiga von á að skráningarnúmer verði tekin af ökutækjum þeirra án frekari fyrirvara og þeir gjaldendur sem skulda gjöld þar sem lögveð fylgir mega búast við að send verði út sérstök greiðsluáskorun fyrir gjaldföllnum kröfum. Greiðsluáskorunin hefur ekki áhrif á þessi innheimtuúrræði þannig að fyrrgreindur 15 daga frestur frá dagsetningu áskorunar þessarar gildir ekki í þessum tilvikum.

Reykjavík, 16. maí 2012

Tollstjóri
Sýslumaðurinn í Kópavogi
Sýslumaðurinn í Hafnarfirði
Sýslumaðurinn í Keflavík
Sýslumaðurinn á Akranesi
Sýslumaðurinn í Borgarnesi
Sýslumaðurinn í Stykkishólmi
Sýslumaðurinn í Búðardal
Sýslumaðurinn á Ísafirði
Sýslumaðurinn í Bolungarvík
Sýslumaðurinn á Patreksfirði
Sýslumaðurinn á Hólmavík
Sýslumaðurinn á Siglufirði
Sýslumaðurinn á Sauðárkróki
Sýslumaðurinn á Blönduósi
Sýslumaðurinn á Akureyri
Sýslumaðurinn á Húsavík
Sýslumaðurinn á Seyðisfirði
Sýslumaðurinn á Eskifirði
Sýslumaðurinn á Höfn
Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum
Sýslumaðurinn á Selfossi
Sýslumaðurinn í Vík
Sýslumaðurinn á Hvolsvelli


Leikhúsmógúllinn og Gamla Bíó Leikhús kynna:
"Critic's Choice!" Los Angeles Times
"Remarkable!" BACKSTAGE WEST
"Brilliant!" StageSceneLA
"Amazing!" VARIETY
"Groundbreaking!" Beatlesnews.com
„John Lennon lifnar við fyrir framan augu manns. Ótrúleg upplifun!"
Ívar Guðmundsson - Bylgjunni
"Masterful!" Las Vegas Review
"Go!" LA WEEKLY
„Þetta er showið fyrir þann sem hefur alltaf dreymt um að fara á tónleika með John Lennon"
Þorvaldur Davíð - leikari
"Uncanny!" RAVE MAGAZINE
★★★★★ Entertainment Today
GOÐSÖGNIN SNÝR AFTUR - ÖRFÁAR SÝNINGAR
just imagine
16. - 20. maí - miðaverð aðeins Kr 4.999.-
Tryggðu þér miða strax! sími: 563-4000 eða á gamlabio.is
Gamla Bíó Leikhús - Ingólfstræti 2a

# tímamót

timamot@frettabladid.is



**TÓNLISTARMAÐURINN** Sammy Davis yngri lést á þessum degi árið 1990.
*„Áfengi gefur þér óendanlega þolinmæði fyrir heimsku.“*

## Merkisatburðir

1901 27 manns drukkna þegar skip sem er á leið til Vestmannaeyja frá sandinum undan Eyjafjöllum sekkur, skammt austur af Heimaey. Einum manni er bjargað.

1942 Ríkisstjórn Ólafs Thors, sú fyrsta undir forsæti hans, tekur við völdum. Hún situr í sjö mánuði.

1952 Bandarísk flugvél ferst í norðanverðum Eyjafjallajökli og með henni fimm menn.

1983 Vikublaðið Andrés Önd kemur út á íslensku í fyrsta sinn en áður höfðu margir íslenskir aðdáendur Andrésar lesið blöðin á dönsku.

2003 Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, kvænist Dorrit Moussaieff.

**ÞETTA GERÐIST:** 16. MAÍ 1966

## *Tískuverslunin Karnabær opnuð*

Vorið 1966 var verslunin Karnabær opnuð í Reykjavík en hún var fyrsta tískuvöruverslun landsins. Verslunin, sem rekin var af Guðlaugi Bergmann, var nefnd eftir Carnaby Street í Soho í London. Árið 1974 bættist við Karnabæjarverslun í Austurstræti 22, þar sem Haraldarbúð var áður til húsa. Húsnæðinu var breytt og það búið undir nútímalegan verslunarrekstur, en í versluninni var kvennadeild, karladeild, skódeild og stærðarinnar plötuverslun.

Á tíu ára afmæli Karnabæjar árið 1976 hafði starfsemin vaxið til muna, en þá störfuðu 100 manns hjá fyrirtækinu, sem stóð nú í umfangsmikilli hönnun og framleiðslu á tískufatnaði sem gaf alþjóðlegum tískuhúsum ekkert eftir í stíl og gæðum. Fyrirtækið framleiddi sjálft um 40 prósent af þeim fötum sem það seldi. Auk fatnaðar voru snyrtivörur framleiddar undir merkjum Karnabæjar og í verslununum voru hljómflutningstæki og tölvur einnig seldar.

Karnabær óx áfram og á fimmtán ára afmæli fyrirtækisins voru á þriðja tug verslana um landið tengdar því, ýmist í eigu þess eða með einkasölusamning á vörum Karnabæjar. Eftir því sem leið á 9. áratuginn og tískuvöruverslunum landsins fjölgaði minnkaði hlutur Karnabæjar smám saman í íslenskum tískuheimi. Árið 1988 var verslun Karnabæjar í Austurstræti lokað.



AFMÆLISBÖRN



**JÓNÍNA LEÓSDÓTTIR** rithöfundur er 58 ára



**EMILÍANA TORRINI** söngkona er 35 ára



**RAGNHEIÐUR CLAUSEN** fjölmiðlakona er 44 ára

# Öll börn í 2. bekk í brúðuleikhús

Öllum börnum í 2. bekk grunnskóla á Íslandi verður gefinn kostur á að sjá brúðleiksýninguna Krakkarnir í hverfinu, í umsjá brúðuleikaranna Hallveigar Thorlacius og Helgu Arnalds. Þær munu hefja ferðalag sitt um kennslustofur allra barna í 2. bekk nú í vor og halda svo áfram næsta vetur.

Sýningunni er ætlað að auðvelda börnum að segja frá kynferðislegu ofbeldi sem þau verða fyrir. Boðskapur hennar er: Þú færð hjálp ef þú segir frá.

Það voru verkefnisstjórn innanríkiráðuneytis, mennta- og menningarmálaráðuneytis og velferðarráðuneytis um vitundarvakningu um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum sem undirrituðu samninginn við brúðuleikarana. Verkefnið er hluti af skuldbindingum íslenskra stjórnvalda í samræmi við sáttmála Evrópuráðsins um varnir gegn kynferðislegu ofbeldi og kynferðislegri misneytingu gegn börnum.



**HEIMAEY VE 1** Skipið er allt hið glæsilegasta og er aðbúnaður áhafnar um borð eins og best verður á kosið. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR

FULLKOMNASTA UPPSJÁVARVEIÐISKIP ÍSLENSKA FLOTANS KOMIÐ HEIM:

# Heimaey sigldi í höfn í Vestmannaeyjum í gær

Heimaey VE 1, glæsilegt uppsjávarveiðiskip Ísfélagsins í Vestmannaeyjum, kom til heimahafnar í gær. Skipið hefur verið í smíðum í fimm ár, en smíði þess tafðist vegna náttúruhamfara í smíðalandinu Síle. Fjölmenni safnaðist saman í Friðarhöfn í Eyjum til að taka á móti hinu glæsilega skipi og áhöfn þess en það var Guðbjörg Matthíasdóttir, aðaleigandi Ísfélagsins, sem tók á móti landfestum þegar til hafnar var komið.

Ólafur Einarsson, skipstjóri á Heimaey, segir skipið vera sjóborg, eins og komið hafi í ljós í erfiðu veðri og sjólagi á heimleiðinni. „Við fengum allar stærðir og gerðir af veðri, en þetta gekk mjög vel.“

Fyrstu verkefni Heimaeyjar eru makrílveiðar sumarsins en áður en að þeim kemur þarf að prófa skipið og fá allt til að virka áður en haldið er til veiða. Hvenær það verður liggur ekki fyrir.

Ólafur segir að öll aðstaða um borð sé til fyrirmyndar og tilhlökkunarefni fyrir áhöfn að halda til veiða á nýju glæsilegu skipi.

Skipið er af nýrri kynslóð uppsjávarskipa, rúmlega 71 metra langt og 14 metra breitt. Burðageta þess er um tvö þúsund tonn í tíu kælitönkum. - shá

✝



Faðir minn, tengdafaðir, afi og langafi,

**INDRIÐI RAGNAR SIGMUNDSSON**
**frá Miðvik,**

lést á Hjúkrunarheimilinu Mörk þann 5. maí sl. Útförin fer fram frá Laufási í Eyjafirði föstudaginn 18. maí kl. 14.00.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Grétar Indriðason og fjölskylda.**

✝



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**FRIÐBJÖRG INGJALDSDÓTTIR**
**Grandavegi 45, Reykjavík,**

andaðist á Landspítala Fossvogi 14. maí. Útförin fer fram frá Dómkirkjunni miðvikudaginn 23. maí kl. 13.00.
Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Barnaspítala Hringsins.

**Helgi Oddsson**
**Sigrún Oddsdóttir** **Bjarni I. Árnason**
**Þóra Oddsdóttir**
**Sigurður B. Oddsson** **Iðunn Lúðvíksdóttir**
**Oddur H. Oddsson** **Elínborg Jóhannsdóttir**
**Pétur E. Oddsson** **Margrét H. Kjærnested**
**Valgerður Oddsdóttir** **Friðrik Eysteinsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

✝



Innilegar þakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og vináttu við andlát eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

**HJARTAR KRISTINS HJARTARSONAR**

sérstakar þakkir færum við starfsfólki Sunnuhlíðar fyrir hlýhug og góða umönnun.
Guð blessi ykkur öll.

**Jóhanna Arnórsdóttir**
**María Hjartardóttir** **Jón Marteinsson**
**Arndís Hjartardóttir** **Francisco Fernandez Bravo**
**Eydís Ósk Hjartardóttir** **Viggó Jóhannsson**
**Kristín Hjartardóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

✝



Innilegar þakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð, hlýhug og vináttu við andlát og útför okkar ástkæru,

**MARGRÉTAR VALGERÐAR AÐALSTEINSDÓTTUR**

**Sigurður Berg Bergsteinsson**
**Óskar Sigurðsson** **Katarzyna S. Sigurdsson**
**Sigrún Sigurðardóttir** **Hörður Benediktsson**
**Hafdís Björg Sigurðardóttir** **Óskar Ásgeirsson**
**Þjóðbjörg Heiða Þorsteinsdóttir**
**Valdís Ingunn Óskarsdóttir** **Markús Georg Óskarsson**
**Sigríður Helga Aðalsteinsdóttir**
**Jóhanna Sigurbjörg Aðalsteinsdóttir**
**Steinunn Sigurðardóttir** **Brynjar Valdimarsson**


ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

Vaktsími:
581 3300 & 896 8242
www.utforin.is

Allan sólarhringinn



Sverrir Einarsson



Kristín Ingólfsdóttir



Hermann Jónasson

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is Símar: 565 5892 & 896 8242

**FATASÖFNUNARDAGUR RAUÐA KROSSINS OG EIMSKIPS**
**17. MAÍ**

# GERÐU GAGN MEÐ GÖMLUM FÖTUM

Komdu með gömlu fötin þín, skóna, handklæði, rúmföt, gluggatjöld og aðrar vefnaðarvörur, á fatasöfnunarstöðvar Rauða krossins fimmtudaginn 17. maí. Allur fatnaður, hvort sem hann er slitinn eða heill, nýtist okkur í hjálparstarfi hérlendis sem erlendis.



**Söfnunarstöðvar:**

| | |
|---|---|
| ***Reykjavík:*** | Sundstaðir ÍTR |
| ***Hafnarfjörður:*** | Ásvallalaug |
| ***Kópavogur:*** | Sundlaugin í Vesturbæ Kópavogs |
| | Sundlaugin Versölum 3 |
| ***Garðabær:*** | Sundlaug Garðabæjar, Ásgarði |
| ***Álftanes:*** | Álftaneslaug |
| ***Mosfellsbær:*** | Lágafellslaug |
| ***Landsbyggðin:*** | Móttökustöðvar Eimskips Flytjanda |

Ath. einnig er hægt að skila fatnaði á endurvinnslustöðvum SORPU.




**Rauði kross Íslands**

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** héldu brott, **6.** klafi, **8.** lærir, **9.** nugga, **11.** þys, **12.** yndi, **14.** gróðabrall, **16.** kyrrð, **17.** hár, **18.** vætla, **20.** samtök, **21.** vökvi.

**LÓÐRÉTT**
**1.** mælieining, **3.** belti, **4.** upplifun, **5.** suss, **7.** dýrasjúkdómur, **10.** for, **13.** vefnaðarvara, **15.** útungun eggja, **16.** hækkar, **19.** frá.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** fóru, **6.** ok, **8.** les, **9.** núa, **11.** ys, **12.** nautn, **14.** brask, **16.** ró, **17.** ull, **18.** íla, **20.** aa, **21.** safi.

**LÓÐRÉTT: 1.** tonn, **3.** öl, **4.** reynsla, **5.** uss, **7.** kúabóla, **10.** aur, **13.** tau, **15.** klak, **16.** rís, **19.** af.






# Einstefna?

**BAKÞANKAR**
**Svavar Hávarðsson**



Ég þekki ekki réttindi mín vel, ef eitthvað fer úrskeiðis. Er svo lánsamur að hafa ekki þurft á „stuðningsneti samfélagsins“ að halda. Enn þá. Ég er þó ekki svo vitlaus að halda að þessi gæfa mín muni endast. Kannski hafa örlaganornirnar ofið mér vef sem leiðir mig á endanum fram af húsþaki eða fyrir bíl. Eða ég missi heilsuna langt fyrir aldur fram vegna sjúkdóms. Tíminn hlífir mér ekki frekar en öðrum. Eina sem ég get gert er að vona að minn þráður trosni ekki og slitni áður en eðlilegt getur talist.

**ÉG,** eins og sennilega allir sem hafa slitið barnsskónum, þekki hins vegar töluvert stóran hóp fólks sem hefur lent í áföllum. Sumir standa mér nærri. Nú ber svo við að á stuttum tíma hef ég heyrt nokkrar sögur þar sem viðkomandi telur sig ekki fá það sem honum ber. Ástæðurnar eru mismunandi og flóknar, en öll hafa staðið í stappi við að fá leiðréttingar og/eða skýringar úr ólíkum áttum. Þær upplýsingar virðast ekki liggja á lausu og má skilja á fólki að það „hafi ekki orku til að standa í þessu,“ eins og einn orðaði það eftir langt þref.

**ÞETTA** basl þekki ég ekki, sem betur fer. Hins vegar veit ég á eigin skinni að „kerfið“, og þá meina ég í öllu sínu veldi og litríku flóru, er fundvíst þegar kemur að því að gera borgurunum grein fyrir því hvaða skyldur mönnum ber að uppfylla og hvað maður skuldar. Það er reyndar töluverður fjöldi afar hæfra einstaklinga sem vinnur við það að minna okkur á þessar skyldur okkar, sem er sjálfsagt mál. Það verður að standa vörð um kerfið og verja það fyrir misnotkun. Það er nefnilega til sá hópur sem veit allt um sín réttindi og sækir þau, en er minna fyrir það að uppfylla skyldur sínar.

**EN** spyr sá sem ekki veit. Hver fer yfir réttindamálin okkar og hringir þegar sýnt er að kerfið hefur ekki staðið við sitt, einhverra hluta vegna? Hver hringir þegar maður á eitthvað inni eða sendir bréf þegar maður hefur ofgreitt mánuðum saman, svo vitnað sé í eina af fyrrnefndum sögum. Er kerfisbundið leitað að misfellum á því hvað á að ganga til þeirra sem eiga réttindin á sama hátt og gert er við að upplýsa um skyldur?

**KANNSKI** er þetta allt eins og það á að vera? Eða er réttara að spyrja hvort sérstakt batterí ætti að annast þessa hlið málsins? Svona eins konar Réttindastofnun?

## myndasögur

**Pondus** — Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** — Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** — Eftir Tony Lopes




**Barnalán** — Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





KFC
Doritos
TWISTER®
Brakandi,
seiðandi,
tælandi, eggjandi,
töfrandi, fagnandi, stökkur,
sætur,
mjúkur, sterkur,
nýr, ferskur, unaðslegur,
yndislegur, frábær og skemmtilegur!
699 kr.
Minnum á nýjan KFC stað við Sundagarða
Tortilla • rifinn ostur
majónes • iceberg
muldar Doritos flögur • Zinger lundir
salsasósa • ristaður í grilli
svoooogott™
FAXAFENI • GRAFARHOLTI • SUNDAGÖRÐUM
HAFNARFIRÐI • KÓPAVOGI • MOSFELLSBÆ
REYKJANESBÆ • SELFOSSI
WWW.KFC.IS
PIPAR \ TBWA • SÍA • 121039




**FIMMTA SKÁLDSAGA** Steinars Braga, Konur, sem kom fyrst út árið 2008, hefur verið endurprentuð. Bókin vakti mikla athygli, hlaut afbragðsdóma og var tilnefnd til menningarverðlauna DV.

# Fjölbreytt efnisskrá í Seltjarnarneskirkju



**EINAR JÓHANNSSON** Leikur einleik í klarinettueinleik Mozart með Sinfóníuhljómsveit áhugamanna á sunnudag.

Sinfóníuhljómsveit áhugamanna efnir til tónleika í Seltjarnarneskirkju á sunnudag og fær til sín góða gesti.

Tónleikarnir hefjast á verki eftir Delius, „On hearing the first cuckoo in spring“. Þá syngur Selkórinn með hljómveitinni harmljóðið „Nänie“ eftir Brahms og að lokum leikur Einar Jóhannesson einleik í klarinettukonsert Mozarts.

Stjórnandi á tónleikunum er Oliver Kentish.

Sinfóníuhljómsveit áhugamanna var stofnuð haustið 1990 og hefur starfað óslitið síðan. Í hljómsveitinni leika hljóðfæraleikarar sem flestir hafa atvinnu af öðru. Hún er einnig vettvangur nemenda og tónlistarkennara til að iðka tónlist og viðhalda færni sinni. Hljómsveitina skipa að jafnaði 40 til 60 manns, en alls hafa meira en 130 manns leikið með henni í lengri eða skemmri tíma – allir í sjálfboðavinnu.

Hljómsveitin hefur gefið út þrjá hljómdiska með leik sínum.

Tónleikarnir á sunnudag hefjast klukkan 17. Almennur aðgangseyrir er 2.000 krónur en 1.000 krónur fyrir eldri borgara og námsmenn.

Þú getur ekki hætt að lesa!




„... skemmtir lesandanum og heldur honum hugföngnum ...“
SVANHVÍT LJÓSBJÖRG / MORGUNBLAÐIÐ

www.forlagid.is – alvöru bókaverslun á netinu



**FAGUR KÓR** Ljóti kór byggir á hugmynd sem Nanna Hlíf Ingvadóttir mótaði í lokaritgerð þegar hún var við nám í Austurríki fyrir áratug. Félagar í kórnum eru um 30 talsins. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Ekkert ljótt við Ljóta kór

**Ljóti kór heldur sína fyrstu opinberu tónleika í Tjarnarbíói í kvöld. Kórinn hefur engu að síður verið starfandi í á þriðja ár við vaxandi orðstír en eins og Nanna Hlíf Ingvadóttir bendir á er fleira óvenjulegt við þennan sönghóp en nafnið.**

Dagskráin sem Ljóti kór flytur í kvöld byggist á ljóðum Þórarins Eldjárns úr bók hans „Grannmeti og átvextir“ og tónlistin er eftir Hauk Tómasson, en lögin útsetti hann sérstaklega fyrir kórinn. Ljóti kór rekur upphaf sitt til haustsins 2009. Hann var stofnaður með það markmið í huga að færa út hefðbundnar hugmyndir um kórstarf; að vinna á skapandi og lýðræðislegan hátt, bæði með efnisval, útsetningar og flutning þannig að upplifun áhorfenda yrði ekki eingöngu að hlusta á vel flutta tónlist, heldur kæmu líka til sjónrænir þættir, leikrænir og jafnvel höfði flutningurinn til fleiri skynfæra.

**„Dúkkupp“-kór**

Þótt lýðræði og valddreifing séu aðall kórsins á hann sér eins konar leiðtoga í Nönnu Hlíf Ingvadóttur tónlistarkennara, sem skrifaði lokaritgerð við Carl Orff Institut í Salzburg fyrir um áratug, um efnið.

„Vinir mínir höfðu lengi hvatt mig til að láta á þetta reyna og þegar var komið fram undir 2009 varð það eiginlega ekki lengur flúið.“

Þótt þetta séu fyrstu opinberu tónleikar Ljóta kórs, hefur hann komið fram við ýmis tilefni, til heiðurs frú Vigdísi Finnbogadóttur, verndara kórsins, í Iðnó, á Hlemmi og BSÍ, við opnun Hörpu og á Kramhúshátíð í Íslensku óperunni svo fátt eitt sé nefnt. En hví hefur hann ekki haldið opinbera tónleika fyrr?

„Þetta tekur bara allt tíma,“ segir Nanna. „Þetta hefur verið dálítið ferðalag þar sem við höfum komist að sameiginlegum markmiðum og áttað okkur á því hvað okkur langar til að gera. Hingað til höfum við verið svona „dúkkupp“ kór, það er að segja dúkkað einhvers staðar upp með litlum fyrirvara, en nú var orðið tímabært að stíga skrefið til fulls og halda almennilega tónleika.“

> En merkingin er ekki sú að kórfélagar séu ófrýnilegir, heldur að þetta sé óhefðbundinn kór sem stingur dálítið í stúf og kemur á óvart.

**Tökum okkur mjög alvarlega**

Utanaðkomandi kann að virðast eins og kórinn geri sér erfitt fyrir með þessu óvenjulega fyrirkomulagi.

„Það er rétt,“ svarar Nanna. „Kór er yfirleitt bara hópur fólks sem kemur saman og syngur undir stjórn kórstjórnanda, sem ræður svo til öllu. Við erum því að flækja tiltölulega einfalt fyrirbæri og það getur verið erfitt og það þarf að huga að svo mörgu sem snýr að tilfinningagetu og samskiptum. Við verðum að bera virðingu fyrir hvert öðru, ekki skjóta niður hugmyndir eða særa hvert annað. Og við höfum rekist á alla þessa veggi og að því leyti hafa þessi tvö ár verið algjör eldskírn.“

Blaðamanni er farið að finnast lýsingin minna ískyggilega á þingfund, þar sem hver höndin er upp á móti annarri. Nanna Hlíf er fljót að kveða niður þann misskilning.

„Þvert á móti, okkur kemur mjög vel saman og við erum með nefndir og þess háttar til að halda utan um starfið og sjá til þess að geta og styrkleiki hvers og eins nýtist sem best. En maður finnur hvað þetta er mikil losun. Við byrjum gjarnan æfingar á því að fara í leik og hlæjum ótrúlega mikið. Maður kemur kannski þreyttur eftir vinnu á æfingu en í lok hennar er maður laus við alla spennu.“

Nanna áréttar þó að hvað sem öllum galsa líði taki kórinn sig mjög alvarlega.

„Við leggjum mjög mikið á okkur fyrir þetta og sumir hafa þurft að stíga mjög langt út fyrir þægindarammann sinn.“

**Nafnið festist**

Í kórnum eru nú um 30 manns. Félagar koma úr mörgum áttum og áttu í fyrstu það eitt sameiginlegt að þekkja Nönnu Hlíf.

„Þetta er fólk úr öllum stéttum, við erum til dæmis með tannsmið, rithöfund og geðlækni. Sumir hafa langa reynslu af kórstarfi og söng, aðrir alls enga og hafa þurft að stíga rækilega út fyrir þægindarammann til að syngja og koma fram. En það er líka markmiðið – að reyna dálítið á þolmörkin og ögra sjálfum okkur, fremur en að festa þetta í ákveðið form.

Þrátt fyrir að vera að halda sína fyrstu tónleika, hefur orðspor Ljóta kórs spurst út hægt og bítandi undanfarin tvö ár – kannski ekki síst fyrir hina óvenjulega nafngift.

„Nafnið er þannig til komið að við vorum eitt sinn að æfa í myrkri og ein sem kom of seint á æfingu spurði: „Af hverju eru ljósin slökkt? Eruð þið svona ljót í dag?“ Og nafnið Ljóti kór festist. Fólk er dálítið upptekið af nafninu og það fer sérstaklega í taugarnar á eldra fólki. En merkingin er ekki sú að kórfélagar séu ófrýnilegir, heldur að þetta sé óhefðbundinn kór sem stingur dálítið í stúf og kemur á óvart.“

**bergsteinn@frettabladid.is**



Heimir & Kolla
vakna með þér í bítið
Fréttir, fróðleikur og frábær tónlist alla virka morgna kl. 6.50 – 9.00
BYLGJAN 25 ÁRA 989

# GÆÐARÚM Á GÓÐU VERÐI
## Tilboð á heilsurúmum

**30% AFSLÁTTUR AF**
DRAUMEY - DÖGUN - DRAUMFARA
HEILSURÚMUM

## ROYAL OG CLASSIC
**Hágæða fjölstillanleg rafmagnsrúm á Frábæru verði**



Rúm Gott
**Heilsurúm á tilboði**

**VERÐDÆMI:**
Svæðaskipt heilsurúm
Einstaklings: **70.224**
Hjónarúm: **129.336**

**12 mánaða vaxtalaus VISA / EURO greiðsludreifing**
– Eingungis greiðist lántökugjald

## TILBOÐ Á HJÓNARÚMUM
**FRÍ HEIMSENDING EÐA GAMLA RÚMIÐ UPP Í!***

*Tilboðið gildir eingöngu um hjónarúm

## FAGLEG RÁÐGJÖF OG
## FRÍ LEGUGREINING

Komdu í heimsókn, prófaðu legugreininguna, og fáðu faglega ráðgjöf um val á heilsudýnum, án skuldbindinga!

*Vertu örugg/ur*
*Komdu í greiningu*

RúmGott býður öllum viðskiptavinum upp á fría legugreiningu með hinum byltingarkennda Xsensor Medical Pro búnaði.



**HVENÆR ER ÞÖRF Á LEGUGREININGU?**

Finnurðu fyrir eymslum í mjóbaki?
Vaknarðu oft með verki í mjöðm?
Finnurðu fyrir eymslum eða dofa í öxlunum?
Sefurðu illa vegna annara óþæginda?

- hryggskekkju
- brjósklos
- samföllnum hryggjaliðum
- spengdum hryggjaliðum
- gigt, til dæmis:
- slitgigt, vefjagigt eða liðagigt.

**FREMSTIR Í FRAMLEIÐSLU Á HEILSUDÝNUM**

**VIÐ FRAMLEIÐUM ÞITT RÚM EFTIR ÞÍNUM ÞÖRFUM**
**SÉRSMÍÐUM RÚM OG DÝNUR Í SUMARHÚS FELLIHÝSI OG TJALDVAGNA**

VERSLUNIN Rúm Gott ÍSLENSK HEILSURÚM

**RúmGott** · Smiðjuvegi 2 (við hliðina á Bónus) · Kópavogi · Sími 544 2121
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 11-16 · www.rumgott.is

Velkomin í tæran tón!

Pioneer

HLJÓMTÆKI

Best í bílinn...




• DEH-1400UB
· 4x50W Mosfet magnari
· Spilar: CD-R/RW, MP3, WMA, WAV, USB
· Aux og USB tengi að framan
· Rauðir takkar, hvítir stafir á svörtum grunni
> 19.900,- kr.




• DEH-2400UB
· 4x50W Mosfet magnari
· Spilar: CD-R/RW, MP3, WMA, WAV, USB.
· iPod í gegnum USB (snúra fylgir ekki)
· AUX og USB inngangar að framan.
· Rauðir takkar, hvítir stafir á svörtum grunni
> 24.900,- kr.




• DEH-3400UB
· 4x50W Mosfet magnari
· Spilar: CD-R/RW, MP3, WMA, WAV, USB.
· iPod í gegnum USB (snúra fylgir ekki)
· AUX og USB inngangar að framan.
· Multi-Color: Frjálst litaval á takka, texta og skjá
> 28.900,- kr.




• AVH-2400BT
· 5,8" Snertiskjár
· 4x50W Mosfet magnari
· Spilar: CD-R/RW, MP3, DVD-R/RW, DivX, JPEG, WMA, WAV, USB,
· iPod í gegnum USB (snúra fylgir ekki)
· Bluetooth
> 89.900,- kr.

VERSLANIR OG UMBOÐSMENN UM LAND ALLT

ORMSSON

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800
www.ormsson.is

# SKEMMTILEGT OG FYNDIÐ ÁTAKALEIKRIT ÁN ORÐA

**Söguhetjan í verkinu Fastur vaknar upp við þann vonda draum að hann er fastur inni í verksmiðju.**

Í leiksýningunni Fastur sem frumsýnd er í Norðurpólnum annað kvöld fylgjast áhorfendur með átökum manns sem vaknar upp við það að hann er lokaður inni í verksmiðju. „Hann er fastur í þessu rými og vill komast út, sem kallar á mikil átök," segir Árni Kristjánsson, leikstjóri sýningarinnar. Leikarinn Benedikt Karl Gröndal fer með eina hlutverk sýningarinnar en hann er jafnframt höfundur verksins. Fastur er leikrit án orða og segir Árni að hugmyndin að því eigi rætur sínar að rekja til námsára Benedikts í dönskum leiklistarskóla. Þar var lögð áhersla á leikhús þar sem líkamstjáning er í fyrirrúmi.

„Sú hugmynd að vinna einleik út frá þeim aðferðum hefur verið að malla hjá honum í tvö ár. Það varð svo úr að ég aðstoðaði hann við að ljúka verkinu og leikstýra því. Við erum gamlir vinir en þetta er fyrsta atvinnuverkefni við vinnum saman."

Leikritið tekur 45 mínútur í flutningi. „Það er aldrei dauður punktur í verkinu enda er það mjög mjög krefjandi fyrir Benedikt, það bogar af honum svitinn fyrir hvert rennsli," segir Árni sem lofa skemmtilegri og fyndinni sýningu. „Við vinnum með teiknimyndalógík sem lýsir sér til dæmis þannig að þegar söguhetjan fær raflost og snertir svo útvarp þá kviknar á því og svo framvegis."

Árni, sem lærði Fræði og framkvæmd í Listaháskólanum, hefur fengist við leikstjórn og leikritasmíð sjálfur. Hann stóð meðal annars fyrir barnaleikritinu Kallinn sem gat kitlað sjálfan sig, sem sýnt var í Norðurpólnum síðastliðið haust en í leikritinu Fastur er hann á nýjum slóðum. „Ég hef verið að vinna með texta, en það er ný reynsla fyrir mig að stýra verki án orða."

Þess má geta að hljóðmynd verksins er í höndum Einars Helgasonar plötusnúðar.

Leikritið verður sýnt í Norðurpólnum sem fyrr segir, fyrsta sýning er annað kvöld klukkan átta og verður verkið sýnt út júní hið minnsta.

sigridur@frettabladid.is



**ÆSKUVINIR OG NÚ SAMSTARFSFÉLAGAR** Benedikt Karl Gröndal leikari og Árni Kristjánsson leikstjóri hafa þekkst lengi en Fastur er fyrsta verkið sem þeir vinna saman eftir að þeir luku námi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Hundahreinsun heillar þjóðar

Bækur ★★★☆☆

**Brothætt er birtan**

Njörður P. Njarðvík




**Uppheimar**

*Nú er þörf*
*á hundahreinsun*
*heillar þjóðar*

*því ekki setti*
*alla hljóða*

*við illa fenginn*
*svikagróða*

Njörður P. Njarðvík er á köflum ómyrkur í máli í nýrri ljóðabók sinni Birtan er brothætt. Segir þjóðinni til syndanna í vel ortum braghendum og dregur hvergi af sér. Meira fer þó fyrir hugljúfum náttúrustemningum og vandlega dregnum myndum úr íslenskri náttúru og ferðalagi mannsins á jörðinni. Áhrifin eru í senn gamalkunnug og nýstárleg, óróavekjandi og róandi.

Bókin ber undirtitilinn braghendur og hækur og eru fyrstu fimm kaflarnir braghendur en sá síðasti hækur. Hver kafli hefur ákveðið þema; Skipalest hugans, Hvað finnst þér?, Þótt árin líði, Einn á ferð og Á ferð um landið, en hækurnar eru allar náttúrustemningar eins og hefðin býður.

Njörður hefur hið skemmtilega form braghendunnar fullkomlega á valdi sínu og nýtir það á snjallan hátt til að bregða upp sláandi myndum og áhugaverðum hugleiðingum. Í fyrsta kaflanum, Skipalest hugans, leggur hann út af ýmsum hugtökum sálarfræðinnar, eins og til dæmis kvíða, áhyggju og ótta, og greinir þau:

*Sjálfumgleði*
*er sjúkdómur*
*og sýnir vel*

*hrokablandið*
*hugarþel*

*heimskingja sem*
*sperra stél*

Í kaflanum Hvað finnst þér? brýnir skáldið raustina og þar er að finna hvössustu ljóðin í bókinni, ádeilu á umræðuna í þjóðfélaginu, hrunið og allan þann darraðardans. Þótt árin líði inniheldur hugleiðingar um yfirvofandi elli og hvað það sé sem skipti máli þegar upp er staðið. Einn á ferð eru náttúrustemningar og Á ferð um landið skyndimyndir frá ýmsum stöðum á Íslandi. Síðasti kaflinn inniheldur hækurnar með sínum undurfögru náttúrustemningum frá bernskuslóðum höfundar á Vestfjörðum. Njörður hefur engu minna vald á formi hækunnar en braghendunnar og áhrifin af knöppu ljóðmálinu og skýrt dregnum örmyndum sitja eftir lengi:

*Nú heyrir enginn*
*bláhvítt skvaldrið í læknum*
*gleði hans þögnuð*

Þrátt fyrir hvassyrtan kaflann um hundahreinsun þjóðarinnar ríkir í Birtan er brothætt heiðríkjustemning sem minnir okkur á að það er listin að njóta sem mestu skilar og best ræktar mennskuna. Engin ný sannindi svo sem en full ástæða til að minna á það ekki síst sé það gert með þeim vandaða og fagra hætti sem Njörður gerir hér.

Friðrika Benónýsdóttir

**Niðurstaða:** Vel ortar og sterkar braghendur og hækur þar sem skiptast á fagrar náttúrustemningar og hvassyrtar skammir.

# HLJÓÐBÓKADAGAR



FRÁBÆRAR Í BÍLINN, MEÐ PRJÓNASKAPNUM, Í GARÐVINNUNA OG FYRIR BÖRNIN




Tilboð kr. 3.699
Verð kr. 4.999




Tilboð kr. 1.999
Verð kr. 2.699




Tilboð kr. 3.699
Verð kr. 4.999




Tilboð kr. 3.699
Verð kr. 4.999




Tilboð kr. 2.899
Verð kr. 3.699




Tilboð kr. 2.299
Verð kr. 3.599




Tilboð kr. 1.999
Verð kr. 2.699




Tilboð kr. 2.999
Verð kr. 3.999




Tilboð kr. 1.499
Verð kr. 2.199




Tilboð kr. 2.299
Verð kr. 2.899




Tilboð kr. 3.699
Verð kr. 4.999




Tilboð kr. 1.999
Verð kr. 2.899

Tilboð gildir til og með 05.06.12

VILDARKLÚBBUR EYMUNDSSON



5% aukafsláttur ofan á öll tilboð.
Skráðu þig í Vildarklúbbinn
í næstu heimsókn.

Eymundsson
Bóksali frá 1872

# lífsstíll

lifsstill@frettabladid.is



**NÆRFATNAÐUR** Elísabetar Bretadrottningar er nú til sölu á vefsíðunni eBay. Fyrsta tilboð í flíkina hljóðar upp á rúma hálfa milljón króna.



**LÝTAAÐGERÐIR** Breskar konur flykkjast í lýtaaðgerðir á fótum til að passa í himinháu hælana sem eru í tísku.
NORDICPHOTOS/AFP

## Koma púðum fyrir í táberginu

**HEILSA** Konur í Bretlandi fara í auknum mæli í lýtaaðgerð á fótunum svo þeir passi betur í háa hæla. Aðgerðirnar fara þannig fram að púðum er komið fyrir í táberginu svo bæði sé þægilegra og stöðugra að standa á himinháum hælum.

Tvöfalt fleiri breskar konur fóru í lýtaaðgerðir á fótum í ár en í fyrra en Daily Mail rekur vandann beint til 14-16 cm háu hælanna sem einkenna skótískuna um þessar mundir.

## Hannar tæknileg föt

**TÍSKA** Fatahönnuðurinn Nicola Formichetti hyggst hanna fatalínu undir eigin nafni. Formichetti vakti fyrst athygli sem stílisti Lady Gaga og sem yfirhönnuður tískumerkisins Mugler.

Formichetti sagði frá áformum sínum á WWD.com og þar kom fram að hann ætlar sér að hanna fatnað með sólarrafhlöðu í sem má meðal annars nota til þess að hlaða farsíma. „Við höfum notað sömu efnin og sömu tæknina við fatahönnun í hundrað ár. Nú er kominn tími fyrir eitthvað nýtt,“ sagði Formichetti.



**NÝJUNGAGJARN** Nicola Formichetti vill hanna föt með sólarrafhlöðum undir eigin nafni.

# HJÓLAÐ Í SÍNU FÍNASTA PÚSSI

**Alexander Schepsky og Jón Gunnar Tynes Ólason segja að það vanti almennilega hjólamenningu á Íslandi og standa fyrir Tweed Run-viðburði í miðbæ Reykjavíkur þann 16. júní þar sem fólk er hvatt til að hjóla saman klætt sínu finasta pússi.**

**HEILSA** „Ég er orðinn fertugur og langar bara ekki að hjóla um borgina í skærum spandex-galla. Ég vil geta hjólað þangað sem ég vil fara í hversdagsfötunum á klassíska borgarhjólinu mínu,“ segir Alexander Schepsky, hjólreiðaáhugamaður og starfsmaður Orf líftækni.

Alexander stendur fyrir svokölluðum Tweed Run-hóphjólreiðum þann 16. júní næstkomandi ásamt félaga sínum Jóni Gunnari Tynes Ólasyni. Þetta er í fyrsta sinn sem viðburðurinn er haldinn hér á landi en Tweed Run er þekkt fyrirbæri úti í heimi. Þátttakendur leggja sig fram við að mæta í klæðnaði í anda bresks hefðarfólks einn eftirmiðdag, helst á klassískum borgarhjólum og hjóla svo saman í hóp um borgina eftir fyrirfram ákveðinni leið. „Við viljum búa til skemmtilegan viðburð og setja myndarlegan og gaðlegan svip á borgina. Þessu hefur verið vel tekið og ég vona að sem flestir taki því fram tvídfötin sín, skelli á sig leðurhönskum og hjóli með,“ segir Alexander og fullyrðir að tvídefnið sé tilvalið til hjólreiða enda bæði vatns- og vindhelt.

Alexander fluttist hingað til lands frá Þýskalandi fyrir þrettán árum. Hann var vanur mikilli hjólamenningu í heimalandi sínu og kom það honum í raun á óvart hversu fínt hjólreiðakerfið var á höfuðborgarsvæðinu. „Það er ekki hægt að kvarta yfir hjólaleiðunum í Reykjavík en það eru samt allir á bíl. Fólk sest upp í bíl til að keyra 100 metra. Það sem vantar er hversdagslegri hjólamenning og að fólk horfi ekki einungis á hjólreiðar sem íþrótt eða tómstundagaman, sem er gott út af fyrir sig, heldur líka sem lífsstíl. Nú er sem betur fer aukning á þessu viðhorfi og ég fagna því“,“ segir Alexander sem reynir að fara flestra sinna ferða á hjóli.

Verðlaun verða veitt fyrir best klædda herrann og dömuna sem og glæsilegasta fararskjótann. Eftir hjólatúrinn verður svo klassískt enskt teboð fyrir þátttakendur á Kexi Hosteli. Hægt er að nálgast frekari upplýsingar um viðburðinn og skrá sig á síðunni Tweedrun.weebly.com eða á Facebook.

alfrun@frettabladid.is



**HVERDAGSLEGRI HJÓLAMENNING** Alexander Schepsky og Jón Gunnar Tynes Ólason voru orðnir leiðir á að skæra spandex-hjólagallanum og standa nú fyrir hjólaátaki þar sem fólk er hvatt til að hjóla saman í tvídfatnaði 16. júní næstkomandi.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**32** borgir hafa tekið þátt og þar á meðal París, New York, Riga og Tókýó.

### TWEED RUN MENNINGIN

- Árið 2009 tóku hjólreiðaáhugamenn í London sig saman og stóðu fyrir hóphjólreiðum í borginni.
- Fólk er hvatt til að mæta á götuhjólum frekar en fjallahjólum.
- Allir tilburðir til að minnast liðinna tíma eru vel þegnir.
- Fór fram síðast þann 6. maí í London.
- Um 400 hjólreiðamenn hafa tekið þátt í viðburðinum í London.
- Nú þegar eru um 240 meðlimir í íslenska hjólahópnum á Facebook en allir eru velkomnir og mikill áhugi fyrir hóphjólreiðunum.

**FLOTTAR** Stúlkur klæddar í anda breskrar hefðarmenningar á Tweed Run-hóphjólreiðunum í London árið 2011.






## Tenging milli matarvenja og sykursýki

**HEILSA** Fólk sem borðar hratt er líklegra til að þróa með sér sykursýki en þeir sem snæða hægt og rólega. Þetta er niðurstaða rannsóknar sem gerð var við Háskólann í Litháen og kynnt á ráðstefnunni International Congress of Endocrinology.

Sykursýki-2 leggst fyrst og fremst á fullorðna sem oft hafa sterka ættarsögu en rannsóknin sýnir að fólk sem borðar hratt eigi einnig á hættu að þróa með sér sjúkdóminn. „Þeir sem þjást af sykursýki-2 verða sífellt fleiri og það er mikilvægt að finna og skilja þætti sem geta minnkað líkurnar á að fólk þrói með sér sjúkdóminn,“ sagði Dr. Lina Radzeviciene.

Vísindamenn fylgdust með matarvenjum 486 manna, sem áttu það sameiginlegt að þjást ekki af sykursýki, sem og matarvenjum 234 manna er nýlega höfðu greinst með sjúkdóminn. Allir svöruðu spurningalista um matarvenjur sínar og komust vísindamenn að því að tenging væri milli matarvenja og sjúkdómsins. Við gerð rannsóknarinnar var þó tekið tillit til þátta á borð við reykingar, menntun og þyngd.



**HÆGÐU Á ÞÉR** Tenging er á milli matarvenja og sykursýki-2. Þeir sem borða hratt eru líklegri til að þróa með sér sjúkdóminn.




Benedikta Jónsdóttir sölustjóri og heilsuráðgjafi Heilsutorgsins




**VARANLEG VERÐLÆKKUN Á HEILSUVÖRUM**

# Heilsu torgið

## Ný verslun í Blómavali Skútuvogi

**Ný sérverslun með lífrænt ræktaðar- og heilsuvörur hefur opnað í Blómavali Skútuvogi. Þar er boðið upp á mikið úrval af vörum á frábæru verði – varanleg verðlækkun! Opið alla daga kl.11–18.**

**Benedikta Jónsdóttir sölustjóri og heilsuráðgjafi Heilsutorgsins hefur áratuga reynslu og veitir ráðgjöf og þjónustu á heilsutengdum vörum og bættum lífstíl.**

**Verið velkomin.**




Stevia sætuefni
**kynning í dag kl. 14–16**

KYNNUM ZOTTER SÚKKULAÐI

Eitt besta súkkulaði í heimi
- Mikið úrval bragðtegunda
- Eingöngu lífrænar afurðir
- Fairtrade-merktar




Lífræn súkkulaði
**kynning kl. 14–16**

KYNNUM STEVÍA SÆTUREFNI

SweetLeaf® Stevía er 100% náttúrulegt sætuefni unnið úr steviajurtinni. Með 0-kalóríur, 0-kolvetni og 0 í sykurstuðli. 1gr er jafnt sætt og 2 msk af sykri.



**20% afsláttur af lífrænum eplum**

**blómaval**
heillandi heimur

Skútuvogur S: 5800500 • blomaval.is

# Norah prófar eitthvað nýtt

★★★☆☆

**Little Broken Hearts**
Norah Jones






Little Broken Hearts er fyrsta plata Noruh Jones síðan The Fall kom út fyrir þremur árum. Í millitíðinni gerði hún meðal annars plötu með kántríbandinu sínu The Little Willies og söng inn á samstarfsplötuna Rome með Danger Mouse og Daniele Luppi. Nýja platan hennar er einmitt gerð með Danger Mouse, en á henni er Norah að prófa nýja hluti.

Norah Jones sló í gegn með fyrstu plötunni sinni Come Away With Me árið 2002 sem er búin að seljast í yfir 25 milljónum eintaka. Á henni var mjúk og róleg blanda af poppi og djassi. Á nýju plötunni eru djassáhrifin í lágmarki en poppið er litað af hljóðheimi Danger Mouse sem semur öll lögin með Noruh. Það er samt enginn æsingur á þessari plötu. Norah er ennþá á rólegu nótunum og söngröddin hennar er jafn sæt og áður.

Little Broken Hearts er ekki slæm plata. Samstarfið gengur alveg upp. Í flottustu lögunum hefur Danger Mouse átt við sándið með góðum árangri, t.d. í Say Goodbye, 4 Broken Hearts og All A Dream. Blöðrubassasándið í því síðastnefnda er mjög flott. Það sem dregur plötuna samt svolítið niður er að lagasmíðarnar sjálfar eru ekkert sérstaklega sterkar.

Á heildina litið er þetta þokkalegasta plata sem aðdáendur Noruh ættu að vera sáttir við.

**Trausti Júlíusson**

**Niðurstaða:** Danger Mouse býr til nýja bakgrunn fyrir ljúfa poppið hennar Noruh Jones.

**? Umslag plötunnar er vísun í plakat B-myndarinnar Mudhoney, en nafn hljómsveitarinnar var svo vísun í myndina.**



**DÓMARARNIR** Britney Spears og Demi Lovato hafa bæst við dómarateymið í X-Faktor. NORDICPHOTOS/GETTY

# Nýtt X-Faktor-teymi

Britney Spears og Demi Lovato eru nýir dómarar í X-Faktor í Bandaríkjunum. Söngkonurnar bætast í hóp með Simon Cowell og L.A. Reid þegar sjónvarpsþættirnir snúa aftur í haust.

Yfirdómarinn Simon Cowell hafði áður lofað því að hrista upp í X-Faktor eftir að áhorfstölur voru lægri en vonir stóðu til. „Þetta verður besta þáttaröð sem við höfum nokkru sinni búið til. Við byrjuðum mjög vel í fyrra en við ætlum að gefa í með tilkomu þessara nýju dómara,“ sagði hann.

Britney Spears hefur selt yfir hundrað milljónir platna um allan heim. „Þetta verður mjög gaman og líka öðruvísi en það sem ég hef áður gert. Ég er tilbúin til að finna réttu stjörnuna,“ sagði hún.

Disney-stjarnan Demi Lovato, sem er nítján ára, hefur gefið út þrjár plötur á ferli sínum. Hún hefur glímt við persónuleg vandamál, rétt eins og Spears, og fór í meðferð vegna átröskunar. „Ég er spennt fyrir því að vera fulltrúi minnar kynslóðar og er tilbúin að finna sigurvegarann,“ sagði hún.

# Miðar seldir á Sigur Rós

Miðasala á tónleika Sigur Rósar á Airwaves-hátíðinni í Nýju Laugardalshöllinni 4. nóvember hefst á hádegi í dag á Midi.is. Allir eiga kost á að kaupa sér miða á tónleikana og ekki er skilyrði að kaupa eða eiga miða á Airwaves. Þeir sem eiga miða á Airwaves geta aftur á móti keypt miðann með afslætti til 16. júní.

Almennt miðaverð á tónleikana er 5.900 krónur. Nemendur á aldrinum 13 til 16 ára, fæddir 1997 til 1999, geta fengið miða í versluninni Brim á Laugavegi á 1.000 krónur. Tónleikar Sigur Rósar verða þeir fyrstu hér á landi í fjögur ár.



**SIGUR RÓS** Miðasala á tónleika sveitarinnar í Nýju Laugardalshöllinni hefst 4. nóvember.


SAMBÍÓIN SAMbio.is




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | | |
|---|---|---|---|
| THE DICTATOR | KL. 2 - 4 - 6 - 8 - 10 | 2D | 12 |
| THE DICTATOR VIP | KL. 2 - 4 - 8 | 2D | VIP |
| SAFE | KL. 6 - 8 - 10 | 2D | 16 |
| SAFE VIP | KL. 6 - 10 | 2D | VIP |
| DARK SHADOWS | KL. 3:20 - 5:40 - 8 - 10:20 | 2D | 12 |
| THE AVENGERS | KL. 2 - 5 - 8 - 10:50 | 3D | 10 |
| UNDRALAND IBBA M/ ÍSL TALI | KL. 1:30 - 2 - 4 - 6 | 2D | L |
| CABIN IN THE WOODS | KL. 8 | 2D | 16 |
| BATTLESHIP | KL. 10 | 2D | 12 |
| FJÖRFISKARNIR M/ ÍSL TALI | KL. 2 - 4 | 2D | L |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | | |
|---|---|---|---|
| THE DICTATOR | KL. 6 - 8 - 10 | 2D | 12 |
| SAFE | KL. 9 - 11 | 2D | 16 |
| DARK SHADOWS | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 2D | 12 |
| THE AVENGERS | KL. 5:10 - 8 - 10:45 | 3D | 10 |
| THE AVENGERS | KL. 6 | 2D | 10 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | | |
|---|---|---|---|
| SAFE | KL. 6 - 8 - 10:30 | 2D | 16 |
| DARK SHADOWS | KL. 3:20 - 5:40 - 8 | 2D | 12 |
| THE AVENGERS | KL. 3 - 6 - 9 - 10 | 3D | 10 |
| UNDRALAND IBBA M/ ÍSL TALI | KL. 2 - 4 | 2D | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | | |
|---|---|---|---|
| DARK SHADOWS | KL. 8 | 2D | 12 |
| THE AVENGERS (3D) | KL. 5 - 10:20 | 3D | 10 |
| UNDRALAND IBBA M/ ÍSL TALI | KL. 6 | 2D | L |
| WRATH OF THE TITANS | KL. 8 - 10:10 | 2D | 12 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | | |
|---|---|---|---|
| DICTATOR | KL. 8 | 2D | 12 |
| SAFE | KL. 8 - 10 | 2D | 16 |
| DARK SHADOWS | KL. 10 | 2D | 12 |

SPARBÍÓ
MERKTAR MEÐ GRÆNU OG APPELSÍNUGULU Í BÍÓAUGLÝSINGUM SAMBÍÓA KR. 1000 Á GRÆNT OG KR. 750 Á APPELSÍNUGULT

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ midi.is




SMÁRABÍÓ — GLERAUGU SELD SÉR — 5%

| | | |
|---|---|---|
| THE DICTATOR | KL. 4 - 6 - 8 - 10 | 12 |
| THE DICTATOR LÚXUS | KL. 4 - 6 - 8 - 10 | 12 |
| THE FIVE YEAR ENGAGEMENT | KL. 8 - 10.40 | 12 |
| LOCKOUT | KL. 8 | 12 |
| HOW I SPENT MY SUMMER VACATION | KL. 10.10 | 16 |
| 21 JUMP STREET | KL. 5.40 - 8 - 10.30 | 14 |
| MIRROR MIRROR | KL. 3.30 | L |
| LORAX – ÍSLENSKT TAL 2D | KL. 3.30 - 5.45 | L |
| HUNGER GAMES | KL. 5 | 12 |

HÁSKÓLABÍÓ — NÁNAR Á MIÐI.IS — 5%

| | | |
|---|---|---|
| LA FILLE MAL GARDÉE | KL. 6.15 | L |
| THE DICTATOR | KL. 6 - 8 - 10 | 12 |
| LOCKOUT | KL. 8 - 10.10 | 12 |
| HOW I SPENT MY SUMMER VACATION | KL. 10.30 | 16 |
| GRIMMD:SÖGUR AF EINELTI | KL. 5.45 | 10 |
| 21 JUMP STREET | KL. 8 | 14 |
| MIRROR MIRROR | KL. 5.40 | L |
| SVARTUR Á LEIK | KL. 10.30 | 16 |

BORGARBÍÓ — NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| THE DICTATOR | KL. 6 - 8 - 10 | 12 |
| THE 5 YEAR ENGAGEMENT | KL. 5.45 - 8 | 12 |
| LOCKOUT | KL. 10.15 | 12 |

midi.is Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ
www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075 5%




LAUGARÁSBÍÓ

| | Sýningartímar |
|---|---|
| THE DICTATOR | 4, 6, 8, 10 |
| THE FIVE-YEAR ENGAGEMENT | 8 |
| THE RAID | 10.25 |
| THE AVENGERS 3D | 4, 7, 10 |
| LORAX 3D | 4, 6 |




VOLTAREN DOLO
50% AFSLÁTTUR
TILBOÐIÐ GILDIR ÚT MAÍ

Apótekið –einfalt og ódýrt
Spönginni • Hólagarði • Skeifunni • Garðatorgi • Setbergi • Akureyri • www.apotekid.is

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS
Miðasala: 412 7711 ■ www.bioparadis.is / midi.is ■ Hluti af Europa Cinemas

BÍÓ ★ PARADÍS




MIÐVIKUDAGUR: BANFF FJALLAMYNDAHÁTÍÐIN 20:00 ■ CORIOLANUS 17:30, 20:00, 22:30 ■ JANE EYRE 17:30, 20:00, 22:30 ■ IRON SKY 18:00, 22:00 ■ *SVARTUR Á LEIK (ENG. SUBS)* 22:30 ■ THE WOMAN IN THE FIFTH 18:00

ÍSLENSKUR TEXTI / *ENGLISH SUBTITLES*

SKÓLANEMAR: 25% AFSLÁTTUR GEGN FRAMVÍSUN SKÍRTEINIS! SAMI AFSLÁTTUR FYRIR ÖRYRKJA OG ELDRI BORGARA.


Sumarjógúrt
með krækiberjum
Kræktu þér í ljúffenga Sumarjógúrt frá MS
með íslenskum krækiberjum.
Tilvalin í útileguna, sumarbústaðinn
eða lautarferðina.
Sumar
JÓGÚRT
ms.is
HVÍTA HÚSIÐ/SÍA

# sport

sport@frettabladid.is



**GRÉTAR RAFN STEINSSON** staðfesti við Fótbolta.net í gær að hann væri á leið frá Bolton í sumar. Hann missti af síðustu leikjum tímabilsins vegna meiðsla en Bolton féll úr ensku úrvalsdeildinni nú um helgina. Grétar kom til Bolton frá AZ Alkmaar í Hollandi árið 2008.

# Spenntur fyrir landsliðinu

**Aron Kristjánsson, þjálfari Hauka, segir að mest spennandi þjálfarastarf á Íslandi sé landsliðsþjálfarastarfið. Aron hefur verið sterklega orðaður við landsliðið síðustu vikur. Aron segist þó ekkert vera að hugsa um starfið.**

**HANDBOLTI** Það hefur verið þrálátur orðrómur undanfarnar vikur um það að Aron Kristjánsson muni taka við íslenska landsliðinu af Guðmundi Guðmundssyni eftir Ólympíuleikana í sumar.

Guðmundur er búinn að þjálfa landsliðið síðan árið 2008 og hefur náð einstökum árangri með liðið. Hann er aftur á móti í afar krefjandi starfi sem þjálfari þýska liðsins Rhein-Neckar Löwen og er hermt að hann íhugi nú að stíga til hliðar sem landsliðsþjálfari.

Forveri hans í starfi, Alfreð Gíslason, sagði að til lengdar væri einfaldlega ekki hægt að sinna því að vera landsliðsþjálfari og þjálfari í Þýskalandi. Þess vegna hætti hann á sínum tíma.

Aron viðurkennir að þessi orðrómur hafi ekki farið fram hjá honum sjálfum. Aron er enn þjálfari bikar- og deildarmeistara Hauka en er hann að fara að taka við landsliðinu í sumar?

> Það er mest spennandi þjálfarastarf á Íslandi að mínu mati.
>
> **ARON KRISTJÁNSSON**
> UM LANDSLIÐSÞJÁLFARASTARFIÐ

„Ég á tvö ár eftir af samningi mínum við Hauka og þannig er bara mín staða. Guðmundur hefur ekkert gefið út um það að hann sé að fara að hætta og meðan staðan er þannig er ég ekkert að hugsa um það,“ sagði Aron en getur hann fengið sig lausan frá Haukum komi sú staða upp að Guðmundur hætti og HSÍ bjóði honum starfið?

„Í öllum samningum eru klásúlur um hitt og þetta og það á einnig við um minn samning. Það er eitthvað sem menn yrðu að skoða ef upp kæmi en eins og ég segi þá er ég ekkert að hugsa um það.“

Aron segir þó að rétt eins og flestir þjálfarar hafi hann áhuga á að þjálfa íslenska landsliðið.

„Það er mest spennandi þjálfarastarf á Íslandi að mínu mati. Ég er samt ekki á leið út strax hjá Haukum. Er bara að hugsa um að gera Haukaliðið klárt fyrir næsta vetur og við erum þegar byrjaðir að æfa.“



**ARON KRISTJÁNSSON** Viðurkennir áhuga sinn á landsliðsþjálfarastarfinu en er ekki að hugsa um það enda byrjaður að undirbúa Hauka fyrir næsta tímabil. FRÉTTABLAÐIÐ/HAG

Haukarnir hafa verið duglegir að safna liði upp á síðkastið. Fyrst komu þeir Elías Már Halldórsson og Jón Þorbjörn Jóhannsson og á mánudag var tilkynnt að landsliðsmaðurinn Sigurbergur Sveinsson væri á heimleið eftir nokkur ár í atvinnumennsku í Þýskalandi og Sviss.

„Veturinn núna gekk mjög vel og í raun betur en við áttum von á. Við erum í raun á undan áætlun. Þeir strákar hafa tekið framförum og nú fáum við sterka menn í hópinn líka svo við getum haldið áfram að keppa á toppnum,“ sagði Aron en Haukarnir verða klárlega í meistarabaráttu með þann mannskap sem þeir hafa nú í höndunum.

Ekki er útlit fyrir að Haukarnir missi mikið. Birkir Ívar Guðmundsson er búinn að leggja skóna á hilluna og línumaðurinn Heimir Óli Heimisson er væntanlega á leið til Svíþjóðar.

henry@frettabladid.is



**GUNNAR BERG** Tekur við Stjörnunni í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Þjálfaramál Stjörnunnar:

## Gunnar Berg tekur við

**HANDBOLTI** Gunnar Berg Viktorsson mun að óbreyttu taka við þjálfun karlaliðs Stjörnunnar í handbolta. Hann hefur ekki skrifað undir samning enn en segir að viðræður gangi vel. „Þetta er hið besta mál og ég er spenntur fyrir þessu verkefni,“ segir Gunnar en hann hefur síðustu þrjú ár verið þjálfari 2. flokks hjá Haukum auk þess sem hann hefur verið í þjálfaraliði meistaraflokks eftir að hann hætti að spila sjálfur.

Stjarnan komst í umspil um sæti í N1-deild karla en tapaði fyrir Aftureldingu í úrslitarimmunni. Gunnar Berg segir of snemmt að segja til um hvort liðið taki stefnuna beint upp í N1-deildina en honum líst þó vel á liðið.

„Ég sé ágætis möguleika í liði Stjörnunnar. Þarna eru margir leikmenn sem hafa verið og eru enn í yngri landsliðum. Þeir munu fá sénsinn áfram,“ segir hann. „Ég get svo ímyndað mér að bæta við einum til tveimur eldri leikmönnum til að fá betra jafnvægi á liðið en þetta á allt saman eftir að koma í ljós.“ - esá

Phil Jackson vill þjálfa á ný:

## Bíður eftir atvinnutilboði

**NBA Phil Jackson hefur áhuga á að taka að sér lið í deildinni en hann tók sér frí frá þjálfun eftir síðasta keppnistímabil.**

**Hinn 66 ára gamli Jackson hefur nýtt tímann til þess að láta laga á sér mjöðm og hné og er sagður klár í slaginn á ný.**

**Jackson hefur unnið ellefu meistaratitla sem þjálfari Chicago Bulls og LA Lakers.**



**NÍU ÚTLENDINGAR** Magnús Gylfason er með níu erlenda leikmenn hjá ÍBV. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Nýr Englendingur til ÍBV:

## Gallagher til Vestmannaeyja

**FÓTBOLTI** ÍBV hefur samið við Englendinginn Jake Gallagher um að leika með liðinu til loka júnímánaðar. Hann var síðast á mála hjá Millwall en hann er nítján ára miðjumaður sem hefur spilað með yngri liðum Millwall og staðið sig vel. Samningur hans átti að renna út í sumar en félagið ákvað að leysa hann undan samningnum fyrr í vikunni.

Áætlað er að Gallagher snúi aftur til Englands þegar samningur hans við ÍBV rennur út en óvíst er til hvaða liðs.

Gallagher verður fjórði Englendingurinn hjá ÍBV en þeir Matt Garner og Ian Jeffs hafa spilað hér á landi í mörg ár. Þá er George Baldock hjá liðinu en hann er lánsmaður frá MK Dons.

Alls eru níu erlendir leikmenn í leikmannahópi ÍBV. - esá

Robin van Persie:

## Fundar með Arsenal í dag

**FÓTBOLTI Robin van Persie mun hitta helstu stjórnendur Arsenal á fundi í dag þar sem framtíðaráform hans verða umræðuefnið. Forsvarsmenn Arsenal eru sagðir reiðubúnir að hækka laun hans umtalsvert en vilja fá svör frá honum áður en EM hefst í sumar.**

**Hinn 28 ára gamli framherji hefur verið orðaður við sterk lið að undanförnu.**


# Tvær góðar!



**Drive** ryksuga í bílskúrinn
- 1200W
- 20 lítra
- sogkraftur > 16KPA
- fjöldi fylgihluta

**6.990,-**



**Spandy** heimilisryksugan
- 1600W
- afar hljóðlát
- mikill sogkraftur > 18KPA
- Hepa filter
- margnota poki

**5.990,-**

*Klettháls Rvk*
*Akureyri*
*Reykjanesbæ*
*Húsavík*
*Vestmannaeyjum*

Meiri gæði / Lægra verð / MÚRBÚÐIN

MÚRBÚÐIN
– Afslátt eða gott verð?
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is


Man. United sigursælt í uppgjöri á fyrstu tuttugu árum ensku úrvalsdeildarinnar:

## Enginn betri en Sir Alex og Giggs

**FÓTBOLTI** Sir Alex Ferguson, stjóri Manchester United, og Ryan Giggs, leikmaður Manchester United, voru valdir besti stjórinn og besti leikmaðurinn í sögu ensku úrvalsdeildarinnar en verðlaunin voru veitt í tilefni af tuttugasta tímabili ensku úrvalsdeildarinnar.

Alex Ferguson hefur gert Manchester United tólf sinnum að enskum meisturum á þessum tuttugu tímabilum og Ryan Giggs hefur verið í stóru hlutverki í öllum meistaraliðunum tólf.

Ryan Giggs hefur auk þess spilað flesta leiki í ensku úrvalsdeildinni, 598, og er sá eini sem hefur skorað á öllum tímabilunum tuttugu. Giggs fékk mesta samkeppnina frá liðsfélaga sínum Paul Scholes sem og fyrrum Arsenal-mönnunum Thierry Henry og Dennis Bergkamp.

„Ég hef notið þessara tuttugu tímabila og þess vegna er ég enn að spila. Ég hef aldrei haft eins gaman af því að spila og ætla að halda áfram á meðan ég er valinn í liðið,“ sagði Ryan Giggs.

Alex Ferguson fékk mestu samkeppnina frá Arsene Wenger, Jose Mourinho, Harry Redknapp og David Moyes.



**TVEIR GÓÐIR SAMAN** Sir Alex Ferguson og Ryan Giggs. MYND/GETTYIMAGES

„Ég hef þekkt hann síðan ég var þrettán ára,“ sagði Giggs um Ferguson. „Hann þekkti nafnið mitt, nafn foreldra minna og það voru þessu litlu atriði sem höfðu mestu áhrifin á mig á sínum tíma. Það er hans persónulega nálgun sem gerir hann ólíkan öllum öðrum. Það hefur enginn haft meiri áhrif á minn feril,“ sagði Giggs.

Manchester United fékk fleiri verðlaun. Wayne Rooney skoraði fallegasta markið þegar hann tryggði United sigur á City með glæsilegri hjólhestaspyrnu á síðustu leiktíð og hrokafagnið hans Erics Cantona frá 1996 var valið besta fagnið. - óój

### 20 ára afmælisverðlaunin

**Besti leikmaðurinn**
Ryan Giggs
**Besti stjórinn**
Sir Alex Ferguson
**Besta liðið**
Arsenal 2003-2004. Tapaði ekki leik.
**Minnstæðustu ummælin**
Kevin Keegan frá 1996. „I will love it if we beat them!“
**Besta markið**
Hjólhestaspyrna Wayne Rooney á móti Manchester City 2010-11.
**Besti leikurinn**
Manchester United 4-3 Manchester City frá 2009-10
**Besta fagnið**
Eric Cantona á móti Sunderland 1996.
**Besta markvarslan**
Craig Gordon hjá Sunderland frá Bolton-manninum Zat Knight í desember 2010.
**Úrvalsliðið:**
Peter Schmeichel; Gary Neville, Tony Adams, Nemanja Vidic, Ashley Cole; Cristiano Ronaldo, Paul Scholes, Steven Gerrard, Ryan Giggs; Thierry Henry og Alan Shearer.

# SUMARVÖRUR Í HAGKAUP

VAXTALAUST LÁN Í 4 MÁNUÐI!

FRÍ HEIMSENDING EF VERSLAÐ ER FYRIR 7500 EÐA MEIRA*

www.crosscycle.com
CROSS
GÆÐA MERKI Í HJÓLUM!

CROSS hjólin eru nútímaleg hönnun og framleidd í Evrópu undir ströngu gæðaeftirliti
- Tvöfaldar álgjarðir
- Kenda gæðadekk
- Bremsur með vatnsraufum
- Álstell með innbrenndum lit




## 20" ROCKY/ALISSA
// **Gírar:** 6 gíra Shimano // **Bremsur:** Promax V-TX115C //
// **Aukahlutir:** Innbrenndur litur, giltaugu að framan og aftan, Kenda dekk //

**29.999**

NÝ SENDING

## 24" ROCKY/ALISSA
// **Gírar:** 18 gíra Shimano // **Bremsur:** Promax V-TX115C
// **Aukahlutir:** Innbrenndur litur, giltaugu að framan og aftan, Kenda dekk //

**34.999**

## 28" ARROW/ARRINA
// **Gírar:** 21 gíra Shimano TX31 Gripshift // **Bremsur:** Promax Alloy V-TX115C //
// **Gaffall:** HL CL-T130 með dempara // **Aukahlutir:** Ál stell, böglaberi, bretti að aftan og framan, keðjuhlíf, rafdrifin lukt að aftan og framan, standari, dempari í sætisstöng, stillanlegt stýri, bjalla //

**59.999**

Frábær viðgerða- og varahlutaþjónusta hjá viðurkenndum fagaðila, VDO verkstæði Borgartúni 36.
Einnig fylgir frí yfirferð og ástandsskoðun á reiðhjólum einu sinni innan árs frá kaupum.

# TÖKUM GAMLA GRILLIÐ UPPÍ Á 10.000,-

Ef þú kaupir grill (á ekki við um ferðagrill) tökum við gamla grillið upp í á 10.000,-
Við sendum þér nýja grillið **samsett** heim og tökum það gamla. Frí heimsending*

VAXTALAUST LÁN Í 4 MÁNUÐI!



### Mr. Grill
H-32002BHN
- 8,6kWh, 2 brennarar
- Hitaþolið gler í loki
- Hitamælir
- Eldunarsvæði: 540x360mm
- Elektrónískar kveikjur
- Hliðarhillur
- Stærð: 1190x510x1130mm

**49.999**

### Mr. Grill
H-25003BSA
- 12,3kWh, 3 brennarar
- Porselín húðaðar járngrindur til eldunar
- Eldunarsvæði: 520x480mm
- Eldtemjarar
- Elektrónískar kveikjur
- Hliðarhillur
- Læsanleg hjól
- Stærð: 1270x670x1150mm

**69.999**



TILBOÐ
~~19.999~~
**14.999**

### Mr. Grill
Ferðagasgrill
H-4000A
- 3,9kWh brennari
- Eldtemjari
- Niðurfellanlegar hliðarhillur
- Elektrónísk kveikja
- Eldunarsvæði 430x350mm

### Mr. Grill
Ferðagasgrill
H-4000
- 3,9kWh brennari
- Eldtemjari
- Niðurfellanlegar hliðarhillur
- Elektrónísk kveikja
- Eldunarsvæði 430x350mm
- Stærð: 1050x460x950mm
- Samfellanlegur vagn

TILBOÐ
~~24.999~~
**19.999**

### JAMAICA
Borð og 4 samfellanlegir stólar úr harðviði

BORÐ **10.699**



STÓLL **4.299**

### TIOMAN
90x90cm borð og 4 stólar úr harðviði

BORÐ **11.999**



STÓLL **6.499**

### CABANA
Borð og 4 samfellanlegir stólar með örmum úr harðviði

BORÐ **14.999**



### HONDURAS SETT
Borð og 2 samfellanlegir stólar úr harðviði

SETT **14.999**



STAKUR STÓLL **4.499**

Hagkaup | heim

Frí heimsending
ef verslað er fyrir 7500 eða meira*

*Aðeins er sent innan höfuðborgarsvæðisins og innan bæjarmarka Akureyrar.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

**KR 3-2 ÍBV**

KR-völlur, áhorf.: 1468 — Magnús Þórisson (7)

**1-0 Kjartan Henry Finnbogason, víti (35.), 2-0 Kjartan Henry, víti (45.+1), 2-1 Aaron Spear (47.), 2-2 Tony Mawejje (68.), 3-2 Kjartan Henry Finnbogason, víti (76.),**

**Skot (á mark):** 8-8 (6-4)
**Varin skot:** Hannes 2 - Abel 3

**KR (4-3-3):** Hannes Þór Halldórsson 7 – Haukur Heiðar Hauksson 5, Grétar Sigfinnur Sigurðsson 5, Rhys Weston 3, Guðmundur Reynir Gunnarsson 5 – Bjarni Guðjónsson 7, Baldur Sigurðsson 5, Viktor Bjarki Arnarsson 5 (46., Egill Jónsson 5) – Dofri Snorrason 5 (81., Emil Atlason -), Óskar Örn Hauksson 6, ***Kjartan Henry Finnbogason 7** (81., Þorsteinn Már Ragnarsson –).

**ÍBV (4-3-3):** Abel Dhaira 5 – Matt Garner 6, Rasmus Christiansen 5, Brynjar Gauti Guðjónsson 5, Arnór Eyvar Ólafsson 4 – George Baldock 6, Guðmundur Þórarinsson 5 (32., Aaron Spear 6), Ian Jeffs 6 – Víðir Þorvarðarson 4 (82., Eyþór Helgi Birgisson -), Tony Mawejje 7, Christian Olsen 6.

* MAÐUR LEIKSINS



**KJARTAN HENRY FINNBOGASON** Þrenna af vítapunktinum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

**Fram 4-3 Grindavík**

Laugardalsv. áhorf.: óuppg. — Garðar Örn Hinrikss. (8)

**0-1 Tomi Ameobi (19.), 0-2 Pape Mamadou Faye (44.), 1-2 Almarr Ormarsson (49.), 1-3 Mikael Edlund (54.), 2-3 Ásgeir Gunnar Ásgeirsson (57.), 3-3 Kristinn Ingi Halldórsson (74.), 4-3 Steven Lennon (89.)**

**Skot (á mark):** 15-5 (9-3)
**Varin skot:** Ögmundur 0 - Óskar 4.

**FRAM (4-5-1):** Ögmundur Kristinsson 4, Alan Lowing 4, Kristján Hauksson 5, Ásgeir Gunnar Ásgeirsson 5, Sam Tillen 4, ***Kristinn Ingi Halldórsson 7**, Samuel Hewson 2, Halldór Hermann Jónsson 6 (90., Jón Gunnar Eysteinsson -), Almarr Ormarsson 7, Hólmbert Aron Friðjónsson 2 (90., Orri Gunnarsson -), Steven Lennon 6

**GRINDAVÍK (5-3-2):** Óskar Pétursson 4, Ray Anthony Jónsson 5, Loic Mbang Ondo 4, Ólafur Örn Bjarnason 5, Mikael Edlund 5, Jósef Kristinn Jósefsson 2, Alexander Magnússon 5, Scott McKenna Ramsay 5 (76., Jordan Edridge 5), Óli Baldur Bjarnason 5 (58., Gavin Morrison 3), Tomi Ameobi 6, Pape Mamadou Faye 4.

* MAÐUR LEIKSINS

**Fylkir 0-1 ÍA**

Fylkisvöllur, áhorf.: 1542 — Erlendur Eiríksson (7)

**0-1 Ólafur Valur Valdimarsson (77.)**

**Skot (á mark):** 13-10 (4-4)
**Varin skot:** Bjarni Þórður 3 - Páll Gísli 2, Árni Snær 2

**FYLKIR (4-3-3):** Bjarni Þórður Halldórsson 5 - Andri Þór Jónsson 6, Kristján Valdimarsson (56. Hjörtur Hermannsson 5), David Elebert 5, Kjartan Ágúst Breiðdal 6 - Ásgeir Börkur Ásgeirsson 4, Davíð Þór Ásbjörnsson 5, Magnús Þórir Matthíasson 5 - Ingimundur Níels Óskarsson 6, Tómas Þorsteinsson 4 (81. Finnur Ólafsson), Jóhann Þórhallsson 4 (30. Árni Freyr Guðnason 5)

**ÍA (4-3-3):** Páll Gísli Jónsson 5 (50. ***Árni Snær Ólafsson 7**) - Aron Ýmir Pétursson 5, Kári Ársælsson 6, Ármann Smári Björnsson 6, Einar Logi Einarsson 6 - Jóhannes Karl Guðjónsson 4, Mark Doninger 5, Arnar Már Guðjónsson 4 - Gary Martin 6, Jón Vilhelm Ákason 5 (69. Andri Adolphsson 6), Garðar Bergmann Gunnlaugsson 4 (63. Ólafur Valur Valdimarsson 7)

* MAÐUR LEIKSINS



**SIGURMARKINU FAGNAÐ** Steven Lennon tryggði Fram 4-3 sigur á Grindavík í gær og fagnar hér markinu sínu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Ótrúleg endurkoma Fram

## Varamennirnir Ólafur Valur og Árni Snær tryggðu Skagamönnum þriðja sigurinn í röð. Þrjú mörk hafa skilað FH-ingum sjö stigum og fyrsta mark Blika í sumar nægði til sigurs á móti Val. Íslandsmeistarar KR unnu sinn fyrsta sigur.

**FÓTBOLTI** Nýliðar ÍA tróna á toppi Pepsi-deildar karla með fullt hús eftir þrjár umferðir en fimm leikir fóru fram í gær. Hæst bar þó lygilegan sigur Fram á Grindavík í sjö marka leik, 4-3. Fram vann því sinn fyrsta sigur á tímabilinu í gær, sem og bæði KR og Breiðablik. FH gerði svo góða ferð austur fyrir fjall.

### Lennon tryggði sigur Fram

Fram vann ótrúlegan sigur á Grindavík í kuldanum í Laugardalnum í gær, 4-3. Fyrri hálfleikur var ótrúlega sérstakur, þar sem Framarar voru meira með boltann en án þess þó að skapa sér færi. Grindvíkingar lágu hins vegar til baka, skoruðu samt tvö mörk og voru því með 2-0 forystu í hálfleik.

Síðari hálfleikur var svo taumlaus gleði. Fyrst náði Almarr Ormarsson að minnka muninn fyrir Fram eftir fallega sókn. Gestirnir svöruðu með marki nýliðans Mikaels Edlund en misstu þá mann af velli þegar Alexander Magnússon var rekinn út af. Fram náði svo að jafna í 3-3 og Steven Lennon skoraði svo sigurmark heimamanna þegar skammt var til leiksloka.

„Það er erfitt að koma boltanum yfir þessa hvítu línu þó hún sé ekki breið og það hefur gengið erfiðlega fram að þessu en gekk í dag," sagði Þorvaldur Örlygsson sáttur en kollegi hans Guðjón Þórðarson var ekki jafn glaður. „Það var alveg ljóst að við þurftum að mæta ákefð Framara en við gerðum það ekki. Mætum hreinlega ekki til leiks í þeim síðari. Menn þurfa að fara að líta í eigin barm."

### Varamennirnir skiptu sköpum

Skagamenn tóku öll stigin sem í boði voru í baráttumiklum en um leið tilþrifalitlum leik á Árbæjarvelli í gærkvöldi. Vendipunkturinn í leiknum var um miðjan síðari hálfleik þegar hinn tvítugi varamarkvörður Skagamanna, Árni Snær Ólafsson, varði vítaspyrnu Fylkismannsins Ingimundar Níels Óskarssonar. Tíu mínútum síðar skoraði annar varamaður, Ólafur Valur Valdimarsson, með frábærum skalla og tryggði Skagamönnum toppsæti deildarinnar.

„Það er mjög jákvætt að spila illa og vinna," sagði Þórður Þórðarson þjálfari ÍA.

### Björn Daníel hetjan á Selfossi

Eftir tíðindalítinn fyrri hálfleik náðu FH-ingar að vinna 1-0 sigur á Selfossi með marki Björns Daníels Sverrissonar í seinni hálfleik. Markið kom eftir laglega sókn Hafnfirðinga og dugði það til þrátt fyrir að Selfyssingar hafi gert ágæta atlögu að marki gestanna undir lokin.

### Fyrsta markið og fyrsti sigurinn

Breiðablik vann sinn fyrsta sigur á tímabilinu ásamt því að skora sitt fyrsta mark þegar liðið sigraði Val, 1-0. Elfar Árni Aðalsteinsson skoraði eina mark leiksins en Valsmenn gerðu sig ekki líklega til þess að jafna leikinn í kjölfarið.

„Ég er ánægður með spilamennsku liðsins í leiknum. Við spiluðum vel á vel skipulagt Valslið og réðum við þá allan tímann. Ég er því mjög ánægður með niðurstöðuna," sagði Ólafur Kristjánsson, þjálfari Breiðabliks.

### Fjögur víti í Vesturbænum

KR hafði svo betur gegn ÍBV, 3-2, í Vesturbænum í lokaleik kvöldsins. Kjartan Henry Finnbogason skoraði öll þrjú mörk heimamanna af vítapunktinum og mæddi því mikið á dómaranum Magnúsi Þórissyni.

Hann dæmdi svo fjórðu vítaspyrnu leiksins í uppbótartíma en í þetta sinn á KR. Matt Garner tók spyrnuna en Hannes Þór Halldórsson varði frá honum og tryggði þar með KR sigur í leiknum.

**- bbh, ktd, sáp, shf, esá**

**Breiðablik 1-0 Valur**

Kópavogsvöllur, áhorf.: 1000 — Valgeir Valgeirsson (7)

**1-0 Elfar Árni Aðalsteinsson (58.)**

**Skot (á mark):** 10-5 (6-0)
**Varin skot:** Sigmar Ingi 0 - Sindri Snær 4

**BREIÐABLIK (4-4-2):** Sigmar Ingi Sigurðarson 7 - Þórður Steinar Hreiðarsson 7, Renee Trost 7, Sverrir Ingi Ingason 7, Kristinn Jónsson 7, Tómas Óli Garðarson 7 (76., Rafn Andri Haraldsson -), Finnur Ingi Margeirsson 7, Jökull I Elísabetarson 7, Haukur Baldvinsson 7 (87., Olgeir Sigurgeirsson -), ***Elfar Árni Aðalsteinsson 8** (89., Peter Rnkovic-), Árni Vilhjálmsson 6,

**VALUR (4-5-1):** Sindri Snær Jensson 6 - Matarr Jobe 5, Atli Sveinn Þórarinsson 5, Halldór Kristinn Halldórsson 6, Brynjar Kristmundsson 5, Kristinn Freyr Sigurðsson 5 (73., Ásgeir Þór Ingólfsson-), Guðjón Pétur Lýðsson 5, Andri Fannar Stefánsson 5 (46., Haukur Páll Sigurðsson 5), Rúnar Már Sigurjónsson 6, Matthías Guðmundsson 5, Atli Heimisson 5 (46., Kolbeinn Kárason 5)

* MAÐUR LEIKSINS

**Selfoss 0-1 FH**

Seflossvöllur, áhorf.: 917 — Þorvaldur Árnason (x)

**0-1 Björn Daníel Sverrisson (78.)**

**Skot (á mark):** 9-13 (4-6)
**Varin skot:** Duracak 4 - Gunnleifur 3

**SELFOSS (4-5-1):** Ismet Duracak 5 – Ivar Skjerve 5, Stefán Ragnar Guðlaugsson 6 , Endre Ove Brenne 6, Andri Freyr Björnsson 5, Ólafur Karl Finsen 5, (72. Tómas Leifsson -), Ingólfur Þórarinsson6, Babacar Sarr 7, Jon Andre Royrane 5, (81. Josep Tillen -), Jón Daði Böðvarsson 6, Abdoulaye Ndiaye 5, (67. Viðar Örn Kjartansson 5)

**FH (4-3-3):** Gunnleifur Gunnleifsson 5 – Guðjón Árni Antoníusson 6, Freyr Bjarnason 5, Guðmann Þórisson 5, Viktor Örn Guðmundsson 5, Pétur Viðarsson 6, Bjarki Gunnlaugsson 6, Björn Daníel Sverrisson 7, Ólafur Páll Snorrason 6 (82. Emil Atlason), ***Atli Guðnason 7**, Atli VIðar Björnsson 6 (74. Albert Brynjar Ingason -).

* MAÐUR LEIKSINS

## PEPSI-DEILDIN

**STAÐAN EFTIR 3 UMFERÐIR**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **ÍA** | **3** | **3** | **0** | **0** | **5-2** | **9** |
| FH | 3 | 2 | 1 | 0 | 3-1 | 7 |
| **Valur** | **3** | **2** | **0** | **1** | **4-2** | **6** |
| Stjarnan | 3 | 1 | 2 | 0 | 5-4 | 5 |
| **Keflavík** | **3** | **1** | **1** | **1** | **5-2** | **4** |
| KR | 3 | 1 | 1 | 1 | 7-7 | 4 |
| **Breiðablik** | **3** | **1** | **1** | **1** | **1-1** | **4** |
| Fram | 3 | 1 | 0 | 2 | 4-5 | 3 |
| **Selfoss** | **3** | **1** | **0** | **2** | **3-5** | **3** |
| Fylkir | 3 | 0 | 2 | 1 | 3-4 | 2 |
| **ÍBV** | **3** | **0** | **1** | **2** | **3-5** | **1** |
| Grindavík | 3 | 0 | 1 | 2 | 4-9 | 1 |

**MARKAHÆSTIR**

| | |
|---|---|
| **Kjartan Henry Finnbogason, KR** | **5** |
| Björn Daníel Sverrisson, FH | 2 |
| **Frans Elvarsson, Keflavík** | **2** |
| Ingimundur Níels Óskarsson, Fylki | 2 |
| **Halldór Orri Björnsson, Stjörnunni** | **2** |

**NÆSTU LEIKIR**

| | |
|---|---|
| ÍBV - Fylkir | sun 20. maí 16.00 |
| Valur - KR | sun 20. maí 19.15 |
| ÍA - Keflavík | sun 20. maí 19.15 |
| FH - Breiðablik | sun 20. maí 20.00 |
| Fram - Selfoss | mán 21. maí 19.15 |
| Grindavík - Stjarnan | mán 21. maí 19.15 |


BM·VALLÁ forsteyptar einingar smellinn

bmvalla.is

Helstu kostir SMELLINN húseininga:
Styttri byggingartími
Steypt við bestu aðstæður
Yfirborð frágengið
Gott einangrunargildi
Minni fjármagnskostnaður

BM Vallá ehf.
Breiðhöfða 3
110 Reykjavík
Sími: 412 5050
Fax: 412 5001
sala@bmvalla.is

Einingahúsin henta vel sem einbýlishús, orlofshús, hesthús, skrifstofur, gistihús … möguleikarnir eru óendanlegir.



Smellinn
Forsteyptar einingalausnir frá BM Vallá

Smellinn einingahús eru traustur og fljótlegur kostur fyrir fólk í framkvæmdahug. Húsin eru steypt við bestu mögulegu aðstæður, reist og tilbúin á stuttum tíma og hafa í för með sér lægri fjármagnskostnað.

Frábær byggingakostur
„Forsteyptar einingar gefa frelsi í hönnun og ég get verið viss um gæði steypunnar. Þess vegna vel ég forsteyptar einingar í margar af byggingunum sem ég hanna."



Einar Ólafsson verðlaunaarkitekt hefur fjölbreytta reynslu af hönnun einingahúsa.

PIPAR\TBWA · SÍA · 111332


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
Þú finnur Bónus á Facebook
BÓNUS MÆLIR MEÐ...
359 KR. 480 G
10 STK. BÓNUS PYLSUR
639 KR. 560 G
SS VÍNARPYLSUR 10 STK.
498 KR. 550 G
KJÚKLINGAPYLSUR 10 STK.
198 KR. 450 G
BÓNUS SINNEP
198 KR. 400 G
BÓNUS REMOLAÐI
198 KR. 680 G
HUNT´S TÓMATSÓSA
198 KR. 570 G
HEINZ TÓMATSÓSA
98 KR. 200 G
EUROSHOPPER STEIKTUR LAUKUR
159 KR. 5 STK.
BÓNUS 5 STK. PYLSUBRAUÐ
129 KR. 1 LÍTRI
EUROSHOPPER EPLASAFI
100% NAUTAKJÖT
398 KR. 2 STK.
ÍSLANDSNAUT FERSKIR 2 X 140 GR. UNGNAUTA -HAMBORGARAR
100% NAUTAKJÖT
FROSNIR AÐEINS 170 KR. STK
1698 KR. 10 STK.
10 STK. STÓRIR 120 GR. NAUTAHAMBORGARAR
159 KR. 4 STK.
BÓNUS STÓR HAMBORGARABRAUÐ
598 KR. 6 STK.
FROSNIR 6 X 120 GR FISKBORGARAR
WWW.ISLANDSNAUT.IS HEIMASÍÐAN
23 uppskriftir að yndislega góðum bragðmiklum hamborgurum. Þetta verður þú að skoða !
100% NAUTAKJÖT
595 KR. PK.
NAUTAVEISLU 4 STK. 80 GR NAUTAHAMBORGARAR M. BRAUÐI
229 KR. 612 ML
HUNTS GRILL SÓSA HONEY MUSTARD
HUNTS ORGINAL BARBECUE SAUCE
SVALANDI GOSDRYKKIR Í 330 ML BAUKUM
79 KR. DÓSIN
ENGINN VIÐBÆTTUR SYKUR HREINN ÁVAXTASAFI
159 KR. 3 FERN.
APPELSÍNU OG ELPLASAFI 3 FERNUR: 250 ML.
Fylgstu með Bónus á Facebook
BÓNUS BÝÐUR BETUR
Hér færðu vildarpunkta
VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

> **Stöð 2 kl. 20.55**

**Grey's Anatomy**

***Það verður mikil dramatík í Grey's Anatomy á Stöð 2 í kvöld. Stressið segir til sín hjá læknanemunum sem hafa áhyggjur af því hvernig þeir standa sig í munnlegum prófum og Arizona fær óvænta heimsókn frá æskuvini sínum.***



# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ ÁLFRÚN PÁLSDÓTTIR FÆR AÐ FYLGJAST MEÐ**

## *Hádramatísk innkoma Dallas*

Ég rak upp stór augu á leið minni til vinnu fyrir skömmu þegar ég sá að myndir af fáklæddu fólk prýddu vinnustaðinn á báðum hliðum. Eitthvað kannaðist ég við andlitin á risavöxnum plakatinu er ég þeystist fram hjá en kom þeim þó ekki fyrir mig. Það kom í ljós að ég er kynslóðinni of ung til að muna eftir einni frægustu sápuóperu allra tíma, Dallas. Olíufurstarnir í Dallas eru á leiðinni aftur á skjáinn, örugglega með hádramatískri innkomu.

Ég hef alltaf verið mjög forvitin þegar hinir títtnefndu spekingar byrja að tala um Dallas með blik í augum. Það er eins og það hafi aldrei verið til önnur eins snilld og Dallas og ekkert illmenni kemst með tærnar þar sem J.R. er með hælana. J.R. Ewing, vel gráhærður en enn þá með kúrekahatt, snýr aftur á skjáinn sem og bróðir hans Bobby og Sue Ellen. Ég man nú hvað frændi minn var skotinn í Sue Ellen í gamla daga. Nú má einnig finna leikarann Jesse Matcalfe í þáttunum en hann er þekktur sem garðyrkjustrákurinn úr seríunni Aðþrengdar eiginkonur.

Ef marka má plakatið sem auglýsir nýja Dallas-þáttinn eiga sjónvarpsáhorfendur von á miklum tilburðum frá Texas. Ég hef á tilfinningunni að hálfnöktu einstaklingarnir framan á Skaftahlíðinni eigi eftir að valda einhverjum usla á skjánum í júní.



### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.36** Bæn **06.39** Morgunþáttur Rásar 1 **06.40** Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Tríó **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Sögur af misgóðum mönnum **14.00** Fréttir **14.03** Gullfiskurinn **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Einnar mínútu þögn **15.25** Skorningar **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Víðsjá **17.00** Fréttir **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Endurómur úr Evrópu **20.00** Leynifélagið **20.30** Hinn friðlausi snillingur **21.10** Út um græna grundu **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.15** Bak við stjörnurnar: Töframaðurinn frá Leningrad **23.05** Flakk **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

### RÚV

**16.35 EM stofa** (2:5) (e)
**17.05 Leiðarljós** (Guiding Light)
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Disneystundin**
**18.01 Finnbogi og Felix**
**18.23 Sígildar teiknimyndir**
**18.30 Gló magnaða**
**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.10 Bræður og systur** (104:109) (Brothers and Sisters)
**20.55 Leitin að stórlaxinum** (2:3)
**21.25 Frú Brown** (2:7) (Mrs. Brown's Boys)
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Ég keypti regnskóg** (I Bought a Rainforest) Heimildamynd um Jacob Andrén sem keypti tré fyrir 20 árum til að hjálpa til við að bjarga regnskógunum. Hann fer nú að leita að trénu sínu.
**23.20 Í álögum** (Bewitched) Leikari ætlar að hressa upp á feril sinn með því að endurgera gamla gamanmynd velur óþekkta konu til að leika á móti sér svo að hún skyggi ekki á hann en veit ekki að hún er norn. Meðal leikenda eru Nicole Kidman og Will Ferrell.
**01.00 Landinn** (e)
**01.30 Kastljós** (e)
**01.55 Fréttir**
**02.10 Dagskrárlok**

### STÖÐ 2 BÍÓ

**06.15 Bjarnfreðarson**
**08.05 Not Easily Broken**
**10.00 A Fish Called Wanda**
**12.00 The Sorcerer's Apprentice**
**14.00 Not Easily Broken**
**16.00 A Fish Called Wanda**
**18.00 The Sorcerer's Apprentice**
**20.00 Bjarnfreðarson**
**22.00 Inhale**
**00.00 Stoned**
**02.00 The Moguls**
**04.00 Inhale**
**06.00 It's Complicated**

### STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.30 Oprah**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 Doctors** (141:175)
**10.15 60 mínútur**
**11.00 Perfect Couples** (4:13)
**11.25 Til Death** (11:18)
**11.50 Pretty Little Liars** (20:22)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 The F Word** (5:9)
**13.50 Mike & Molly** (7:24)
**14.15 Ghost Whisperer** (18:22)
**15.05 Barnatími Stöðvar 2**
**17.05 Bold and the Beautiful**
**17.30 Nágrannar**
**17.55 Friends** (9:24)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 The Simpsons** (4:22)
**19.45 Arrested Development** (5:22)
**20.05 New Girl** (14:24)
**20.30 2 Broke Girls** (2:24) Ný gamanþáttaröð sem fjallar um stöllurnar Max og Caroline sem kynnast við störf á veitingastað.
**20.55 Grey's Anatomy** (22:24) Áttunda sería þessa vinsæla dramaþáttar sem gerist á skurðstofu á Grace- spítalanum í Seattle-borg þar sem starfa ungir og efnilegir skurðlæknar.
**21.40 Gossip Girl** (14:24) Fimmta þáttaröðin um líf fordekraða unglinga sem búa í Manhattan og leggja línurnar í tísku og tónlist enda mikið lagt upp úr útliti og stíl aðalsögupersónanna.
**22.25 Living Out Loud** Mögnuð og áhrifamikil mynd um Emily Marshall en lífi hennar er snúið á hvolf þegar hún greinist með brjóstakrabbamein á miðjum aldri.
**23.55 Mið-Ísland** (8:8)
**00.25 The Closer** (1:21)
**01.10 NCIS: Los Angeles** (19:24)
**01.55 Rescue Me** (12:22)
**02.40 Fringe** (5:22) 6:22)
**04.05 The Good Guys** (3:20)
**04.50 Chase** (5:18)
**05.35 Fréttir og Ísland í dag**

### STÖÐ 2 SPORT *besta sætið*

**07.00 Pepsi mörkin**
**08.10 Pepsi mörkin**
**15.40 KR - ÍBV** Útsending frá leik KR og ÍBV í Pepsi-deild karla í knattspyrnu.
**17.30 Pepsi mörkin**
**18.40 Þýski handboltinn. RN Löwen - Flensburg** BEINT
**20.20 Spænsku mörkin**
**20.50 Meistaradeild Evrópu: Barcelona - Chelsea**
**22.35 Science of Golf**
**23:00 NBA – Philadelphia – Boston**

### STÖÐ 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**14.40 Everton - Newcastle**
**16.30 Man. City - QPR**
**18.20 Tottenham - Fulham**
**20.10 Premier League Review 2011/12**
**21.05 Sunnudagsmessan** Guðmundur Benediktsson og Hjörvar Hafliðason fara yfir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni. Öll mörkin og umdeildu atvikin eru skoðuð og leikirnir krufðir til mergjar.
**22.25 Football League Show**
**22.55 Stoke - Bolton**

### STÖÐ 2 EXTRA

**19.00 The Doctors** (114:175)
**19.40 American Dad** (2:18)
**20.05 The Cleveland Show** (11:21)
**20.30 Mið-Ísland** (8:8)
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.50 Two and a Half Men** (12:24)
**22.15 The Big Bang Theory** (3:24)
**22.40 How I Met Your Mother** (6:24)
**23.00 White Collar** (11:16)
**23.45 Burn Notice** (18:20)
**00.30 The Daily Show: Global Edition** (17:41)
**00.55 American Dad** (2:18)
**01.20 The Cleveland Show** (11:21)
**01.45 The Doctors** (114:175)
**02.25 Fréttir Stöðvar 2**
**03.15 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

### SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Pepsi MAX tónlist**
**15.55 Real Housewives of Orange County** (2:17) (e)
**16.40 Girlfriends** (11:13) (e)
**17.00 Solsidan** (4:10) (e)
**17.25 Dr. Phil**
**18.10 Mobbed** (1:11) (e)
**19.00 America's Funniest Home Videos** (19:48) (e)
**19.25 Rules of Engagement** (24:26) (e)
**19.45 Will & Grace** (7:25) (e)
**20.10 Britain's Next Top Model** (10:14) Það er komið að sjöttu seríunni af Britain's Next Top Model. Nú mætir glæný dómnefnd til leiks með ofurfyrirsætuna Elle McPherson í fararbroddi.
**20.55 The Firm** (12:22) Þættir sem byggðir eru á samnefndri kvikmynd frá árinu 1993 eftir skáldsögu Johns Grisham. Mitch og félagar hans rannsaka morð sem virðist keimlíkt öðrum morðum. Engu er líkara en leigumorðingi leiki lausum hala.
**21.45 Law & Order UK** (11:13) Bresk þáttaröð sem fjallar um störf rannsóknarlögreglu og saksóknara í Lundúnum. Fatlaður táningsdrengur sem mátt hefur þola einelti árum saman er myrtur og taka böndin að berast að óvildarmönnum hans.
**22.30 Jimmy Kimmel**
**23.15 Hawaii Five-0** (15:22) (e)
**00.05 Royal Pains** (2:18) (e)
**00.50 The Firm** (12:22) (e)
**01.40 Lost Girl** (2:13) (e)
**02.25 Pepsi MAX tónlist**

### SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **07.00** The Players Championship 2012 (3:4) **11.10** Golfing World **12.00** Golfing World **12.50** The Players Championship 2012 (3:4) **18.00** Golfing World **18.50** Inside the PGA Tour (19:45) **19.15** LPGA Highlights (8:20) **20.40** Champions Tour Year-in-Review 2011 (1:1) **21.35** Inside the PGA Tour (20:45) **22.00** Golfing World **22.50** PGA Tour - Highlights (18:45) **23.45** ESPN America

### N4

**18.00** Að norðan **18.30** Áttavitinn Suðurland

### BBC entertainment

**06.25** My Family **07.55** The Inspector Lynley Mysteries **09.30** My Family **10.00** Deal or No Deal **10.35** EastEnders **11.05** Come Dine With Me **11.55** QI **12.25** Keeping Up Appearances **13.25** One Foot in the Grave **14.40** Top Gear **15.35** QI **16.35** Come Dine With Me **17.25** The Graham Norton Show **18.10** QI **19.10** Top Gear **20.00** QI **20.35** Shooting Stars **21.05** Peep Show **21.30** Live at the Apollo **22.15** The Increasingly Poor Decisions of Todd Margaret **22.40** The Thick of It **23.10** Top Gear **00.00** QI

### DR 1

**12.30** Bonderøven **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Jamies køkken **14.00** Kasper & Lise **14.10** Timmy-tid **14.20** Hvem lagde lorten? **14.25** Skæg med bogstaver **14.45** Sprutte-Patruljen **15.50** DR Update - nyheder og vejr **16.00** Drommehaver **16.30** TV Avisen med Sport **17.05** Aftenshowet **18.00** Kender du typen **18.30** Søren Ryge præsenterer **19.00** TV Avisen **19.20** SportNyt 2012 **19.30** Min bedste vens bryllup **21.05** Pacific Paradise Police **21.50** Onsdags Lotto **21.55** Jagten over havet **23.25** Lægerne

### NRK 1

**06.30** 22. juli-rettssaken **15.00** NRK nyheter **15.15** Grønn glede **15.40** Oddasat - nyheter på samisk **15.55** Tegnspråknytt **16.00** Fjellfolk **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.45** 60 år med dronning Elizabeth **18.35** Kystlandskap i fugleperspektiv **18.45** Vikinglotto **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.40** Lov og orden. London **20.25** Migrapolis **21.00** Kveldsnytt **21.20** The Holiday **23.30** Borgen **00.30** Lov og orden. London **01.15** Filmavisen **01.25** Omid Djalili-show **01.55** Migrapolis

### svt1

**08.00** Go'kväll **08.45** Student 92 **09.35** Naturreparatörerna **10.00** Dox **11.30** Mästarnas mästare **12.30** Cléo från 5 till 7 **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **14.30** Från Lark Rise till Candleford **15.30** Sverige idag **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** Go'kväll **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport **18.00** Uppdrag Granskning **19.00** Dom kallar oss skådisar **19.30** Kobra **20.00** The Promise **21.30** Rapport **21.35** Kulturnyheterna **21.40** Malmöpolisen **22.40** Dox

### ÍNN

**20.00** Björn Bjarnason **20.30** Tölvur tækni og vísindi **21.00** Fiskikóngurinn **21.30** Þrjár á þingi

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

### ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 95,7** FM957 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 100,5** Kaninn | **FM 102,9** Lindin |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 97,7** X-ið | **FM 99,4** Útvarp Saga | **FM 102,2** Útvarp Latibær | **FM 105,5** Útvarp Boðun |







# NÓATÚN

*Við gerum meira fyrir þig*

**LAMBALÆRI, HEILT**
**1498** KR./KG

ÚR KJÖTBORÐI – BESTIR Í KJÖTI

## Úrval, gæði og þjónusta í Nóatúni

NÝTT!




**LAMBBORGARI, 90 G**
**169** KR./STK.

ÚR KJÖTBORÐI – BESTIR Í KJÖTI

NÝTT!




**GRÍSABORGARI, 120 G**
**198** KR./STK.

ÚR KJÖTBORÐI – BESTIR Í KJÖTI



**LAXAVASI, OSTAFYLLTUR, MOZZARELLA**
**2158** KR./KG

ÚR FISKBORÐI – FERSKIR Í FISKI



**ÍM HEILL KJÚKLINGUR, FERSKUR**
**779** KR./KG




**HATTING PÍTUBRAUÐ, FÍNT, 6 STK.**
**326** KR./PK.




**LACTIMA JURTAOSTUR, 3 TEGUNDIR**
**30% afsláttur**




**20% afsláttur**
**LB SNITTUBRAUÐ, 4 STK. Í PAKKA**
**398** KR./PK.
~~498~~




**GM COCOA PUFFS, 625 G**
**729** KR./PK.




**HOMEBLEST, 300 G**
**229** KR./PK.




**FANTA, 2 L**
**179** KR./STK.

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.

EXPO • www.expo.is

Opið til miðnættis alla daga **8›24**

NÓATÚN

Hamraborg – Nóatún 17 – Hringbraut – Austurver – Grafarholt

## SUMARSLAGARINN



*„Lagið Needy Girl með hljómsveitinni Chromeo er ágætt sumarlag.“*

Darri McMahon annar tveggja eigenda fyrirtækisins Reykjavík By Night sem sérhæfir sig í að sýna ferðamönnum næturlífið í Reykjavík.

# Þrjú hundruð hitta goðsögn

„Við erum búnir að reyna að fá hann í mörg ár og loksins hafðist það,“ segir Sindri Már Heimisson, framkvæmdastjóri Hljóðfærahússins.

Búist er við hátt í þrjú hundruð íslenskum tónlistaráhugamönnum í Austurbæ á laugardaginn þar sem trommuleikarinn Steve Gadd leikur á trommur og miðlar af reynslu sinni. Kvöldið áður spilar Gadd með James Taylor á tónleikum í Hörpu.

Að sögn Sindra Más hefur hingað til verið dýrt að fá Gadd til landsins en þegar kom í ljós að hann myndi spila með Taylor á Íslandi samþykkti hann að vera með. „Fyrst ætlaði hann ekki að nenna en setti síðan upp tölu sem hann hefur eflaust búist við að við myndum hafna. Við stukkum á það,“ segir Sindri og bætir við að verðið hafi verið viðráðanlegt, sérstaklega af því að ekki þurfti að borga fyrir hann flugfar til Íslands.

Gadd er lifandi goðsögn sem hefur leikið með Eric Clapton, Paul Simon, Sting, B.B. King, Paul McCartney, Weather Report og fleiri heimsþekktum flytjendum. „Þetta er stór viðburður, ekki bara fyrir trommara heldur alla tónlistaráhugamenn,“ segir Sindri. „Eins og Jóhann Hjörleifsson [trommari Sálarinnar] sagði þá er þetta eins og fyrir kirkju að fá Jesú í heimsókn. Þetta er tvímælalaust sá núlifandi trommari sem er á toppnum í „legend“-deildinni.“ **- fb**



**Á LEIÐ TIL ÍSLANDS** Trommuleikarinn þekkti spilar á trommur og miðlar af reynslu sinni í Austurbæ klukkan 16 á laugardag.

**SÖLVI BLÖNDAL:** ÉG VAR BÚINN AÐ KVEÐJA ÞETTA ALLT SAMAN

# Kominn úr jakkafötunum og aftur í strigaskóna

„Ég fékk þessa veiki aftur og af hverju ekki bara að kýla á það?“ segir tónlistarmaðurinn og hagfræðingurinn Sölvi Blöndal.

Hann er kominn á bólakaf í tónlistina á nýjan leik eftir sjálfskipaða útlegð úr bransanum. Hann semur tónlistina á væntanlegri sólóplötu rapparans Tiny en fyrsta lagið af henni, 1000 Eyes, kom út í gær. Sölvi er einnig maðurinn á bak við regnhlífarverkefnið Halleluwah þar sem hann vinnur með hinum ýmsu röppurum og þar er plata sömuleiðis í vinnslu.

Sölvi hefur verið búsettur í Svíþjóð undanfarin ár. Fyrst stundaði hann þar nám í hagfræði en núna sinnir hann hagfræðirannsóknum fyrir Stokkhólmsháskóla og seðlabankann í Svíþjóð.

Þessar rannsóknir kveiktu einmitt í honum neistann á nýjan leik. „Einn góðan veðurdag, eða fyrir einu og hálfu ári, fékk ég nóg. Ég tók mér eins og hálfsmánaðar pásu og vann ógeðslega mikið af nýjum hugmyndum og þær eru að verða að veruleika núna,“ segir hann og heldur áfram: „Quarashi-endurkoman á síðasta ári ruglaði alveg í hausnum á mér. Ég var búinn að kveðja þetta allt saman en er núna kominn á bólakaf í þetta aftur.“ Hljómsveitin Quarashi hætti árið 2005 og eftir það tók Sölvi þátt í að semja fyrir Silvíu Nótt. „Síðan hef ég eiginlega ekki gert neitt fyrr en mér var hent upp á svið í Quarashi-endurkomu. Maður var eiginlega í taugaáfalli en þetta var rosalega skemmtilegt.“

Halleluwah-verkefnið leggst vel í Sölva. Þar vinnur hann með alls konar fólki, þar á meðal sænska rapparanum Eboi og hinum íslensku Tiny og Opee. „Þetta verður „sixtís“-þema í bland við hipp hopp,“ greinir hann frá og bætir við að tónlistin verði tilraunakenndari en aðdáendur Quarashi eigi að venjast. Fyrsta smáskífulagið frá Halleluwah, K2R, kemur út í byrjun júní með Tiny við hljóðnemann.



**SNÝR AFTUR** Sölvi Blöndal er kominn á bólakaf í tónlistina á nýjan leik eftir margra ára fjarveru.

> Quarashi-endurkoman á síðasta ári ruglaði alveg í hausnum á mér.
>
> **SÖLVI BLÖNDAL** TÓNLISTARMAÐUR

Aðspurður segir Sölvi að tónlistin og hagfræðirannsóknirnar fari vel saman. „Ég sit voða mikið og reikna. Síðan er eins og einhver djöfull vaxi inni í mér og þá er bara tvennt í stöðunni, að gera eins Murakami [japanski rithöfundurinn] gerir, að fara út að hlaupa eða semja tónlist.“ Sölvi gerir reyndar hvort tveggja því hann stefnir á að taka þátt í Stokkhólmsmaraþoninu í lok mánaðarins, þ.e. ef hann hefur tíma. „Þetta er dýrt hobbý,“ segir hann um tónlistina. „Sumir fara í lax en þetta er bara það sem ég elska að gera.“

Þrátt fyrir að hafa reynt að segja skilið við tónlistarbakteríuna dugði það ekki til. „Ég fór meira að segja í jakkaföt en síðan missti ég mig aftur. Ég er kominn aftur í strigaskóna.“ **freyr@frettabladid.is**






# Háski skapar rokk stemningu

Þungarokkssveitin Skálmöld er nú við upptökur á annari breiðskífu sinni, Börnum Loka. Í hljóðverinu má finna risastóran grjóthnullung, sem hljómsveitarmeðlimir nefna Háska og var fluttur þangað með erfiðleikum fyrir tveimur árum. Snæbjörn Ragnarsson, bassaleikari hljómsveitarinnar, segir hlutverk grjótsins vera að skapa réttu stemninguna í hljóðverinu.

„Þetta er líklega 150 kíló að þyngd og þriggja manna tak. Tilgangurinn með þessu var fyrst og fremst að hafa gaman af lífinu en líka að skapa þungarokksstemningu í hljóðverinu. En svona í sannleika sagt notum við grjótið helst til að setja fótinn upp á þegar við spilum,“ útskýrir Snæbjörn.

Grjótið fundu nokkrir meðlimir Skálmaldar úti á víðavangi og viðurkennir Snæbjörn að það hafi verið erfitt verk að flytja það í hljóðverið. „Það var ægilegt vesen að koma þessu í skottið á bílnum. Við fluttum þetta svo með okkur til Flex Árnasonar, eiganda hljóðversins, og grjótið hefur verið þar síðan,“ segir hann og bætir við að Háska verði líklega ekki skilað aftur í bráð.

Spurður út í nafnið segir Snæbjörn það mega rekja til orðtaks sem Skálmaldarmenn nota gjarnan við æfingar „Ef hlutirnir ganga ekki nægilega vel upp segjum við stundum að það vanti allan háska í tónlistina og okkur fannst það tilvalið nafn á grjótið.“

Hraungrýtið er þó ekki það eina sem hljómsveitarmeðlimirnir hafa til að skapa stemningu í hljóðverinu því þar er einnig ískrapvél. „Það er reyndar lítið rokk í krapvélinni en hún er skemmtileg.“ **- sm**



**ÞUNGAROKK** Snæbjörn Ragnarsson, bassaleikari, ásamt grjótinu Háska.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN




# Sumarsprengja

## Opið 17.maí uppstigningardag milli kl.13 og 18

# 40% - 70%

AFSLÁTTUR

**Sumarskór í úrvali!**

**Opið**

| | |
|---|---|
| virka daga | milli kl. 11 og 18 |
| laugardag | milli kl. 11 og 16 |
| sunnudag | milli kl. 13 og 17 |

VÖRUR FRÁ:

STEINAR WAAGE SKÓVERSLUN KRINGLAN - SMÁRALIND

ecco Kringlan - Smáralind

Kaupfélagið Kringlunni - Smáralind

skór.is KRINGLAN • SMÁRALIND

Þú finnur okkur á: facebook

Toppskórinn Outlet

VÍNLANDSLEIÐ 6 - S: 533 3109

FRÉTTABLAÐIÐ
VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR
**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja
9 771670 387005
Póst dreifing
**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

SAFT
EKKI TAKA ÞÁTT
Í NEINU Á NETINU
SEM ÞÚ VEIST
EKKI HVAÐ ER!
Heimili og skóli
Landssamtök foreldra
www.saft.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Grant heldur tónleika

Bandaríski tónlistarmaðurinn **John Grant** hefur dvalið hér á landi undanfarna mánuði og unnið að nýrri plötu. Grant er mikill tungumálamaður og er byrjaður að spjalla á íslensku við aðdáendur sína, sem eru fjölmargir hér á landi. Hann hyggst halda tónleika í Háskólabíói í júlí og hefur safnað í kringum sig stórskotaliði undirleikara: Pétur Hallgrímsson leikur á gítar, Jakob Smári Magnússon á bassa og Arnar Gíslason á trommur. Ætli það sé óhætt að byrja að kalla hann Íslandsvin?



### Anna Mjöll ætlar að syngja fyrir pabba

Söngkonan **Anna Mjöll,** sem býr og starfar í Los Angeles, er væntanleg til landsins og hyggst syngja fyrir Íslendinga í júní. Hún stendur fyrir minningartónleikum hér á landi um föður sinn, tónlistarmanninn Ólaf Gauk Þórhallsson, sem lést í fyrra. Tónleikarnir verða á Rosenberg þann fyrsta júní næstkomandi og er miðasalan hafin. Tónleikarnir munu heita Jazz fyrir pabba og með Önnu Mjöll leika Jón Páll Bjarnason, Ólafur Jónsson, Gunnar Hrafnsson og Jóhann Hjörleifsson.

**- afb,þeb**



### Mest lesið VÍSIR

1. Þorgerður Katrín vildi verða forstjóri Hörpu – átök í stj…
2. Vítisenglar safna upplýsingum um lögreglumenn
3. Tómlegt eftir fall risatrés
4. Hells Angels stofnuðu góðgerðarsamtök til að…
5. Jón dregur framboð sitt til baka



FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT | 512 5100 | STOD2.IS



ÍSLENSKA SIA.IS SFG 50278 06/10 - Ljósmyndir: Hari

